

**SKOÐUN** Lög mega ekki vera svo flókin að ferðamenn þurfi kvíðastillandi lyf, skrifar Hafliði S. Magnússon. 28



**MENNING** Berglind Baldursdóttir hannar fyrirburafatnað undir merkinu Tamiko. 46



**SPORT** Stjörnum prýdd sóknarlína íslenska fótboltalandsliðsins fékk úr litlu að moða í tapi á móti Rússum. 50



Við erum í hádegismat
Sími 5 800 600
www.iss.is
ISS


# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
7. febrúar 2013
32. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



**Stutt gisting feimnismál**
Færst hefur í aukana að hótel bjóði upp á herbergi sem eru leigð út til skamms tíma að degi til. 2

**Vilja ekki mannlausar flugvélar**
Bandarískir þingmenn vilja banna notkun ómannaðra flugfara innan Bandaríkjanna af ótta við njósnir. 4

**Rekstrarkostnaður rýkur upp**
Sífellt meira kostar að reka íslensku bankanna og telur Samkeppniseftirlitið brýnt að sporna við því. 6

**16 mánaða bið eftir aðgerð** Á tveimur árum hefur bið eftir aðgerð vegna legsigs farið úr tæpum fimm vikum í sextán mánuði. 8




22

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | V | 7 |
| Akureyri | -2° | SV | 5 |
| Egilsstaðir | -2° | V | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 0° | V | 5 |
| Reykjavík | 1° | V | 9 |

**VÍÐA ÉL** Í dag verða suðvestan og vestan 8-13 m/s og él einkum vestan- og austanlands. Hiti víða í kringum frostmark. 4

**SÉRBLAÐ**

Fólk




# Loka deild vegna sýkingar

Yfirlæknir segir að sýking sem greindist á blóðlækningadeild spítalans í gær undirstriki mikilvægi úrbóta í húsnæðismálum LSH. Sjúklingar eru í einangrun og deildinni var lokað. Bakterían er landlæg á spítölum erlendis.

**HEILBRIGÐISMÁL** Blóðlækningadeild Landspítalans var lokað í gær vegna bakteríusýkingar sem greindist á deildinni. Stofn bakteríunnar sem greindist er ónæmur fyrir sýklalyfjum. Hann er landlægur á spítölum erlendis en sjaldgæfur hér á landi.

Deildin verður lokuð þangað til sýni hafa verið ræktuð úr öllum sjúklingum sem þar voru fyrir, og í það minnsta fram á mánudag. Yfirlæknir deildarinnar segir sýkinguna undirstrika mikilvægi þess að húsnæði spítalans verði bætt.

Hlíf Steingrímsdóttir, yfirlæknir á blóðsjúkdómadeild, segir að ónæmi fyrir sýklalyfjum einkenni þann stofn bakteríunnar sem greindist í gær. Hún sé hins vegar hluti af umhverfinu og yfirleitt ekki mjög skaðleg. Það sé hins vegar alvarlegt þegar hún komi upp á blóðlækningadeild spítalans.

„Þetta er landlægt á mörgum spítölum erlendis en við höfum verið blessunarlega laus við þetta hér. Reyndar kom þetta upp á deildinni fyrir þremur árum en þá tókst okkur að halda þessu í skefjum og koma í veg fyrir frekari smit. Svo kemur þetta upp óvænt núna og við grípum til viðeigandi aðgerða; tökum ekki inn nýja sjúklinga og setjum þá sem eru á deildinni í sérstaka einangrun, svokallaða smitgát."

Deildin er eina sérhæfðu blóðlækningadeild landsins. Þar dvelst fólk sem haldið er ýmsum illkynja blóðsjúkdómum á borð við hvítblæði og eitlakrabbamein. Sjúklingarnir eiga það flestir sameiginlegt að vera mjög viðkvæmir fyrir ýmiss konar sýkingum.

Hlíf segir að ákveðið hafi verið að rækta sýni úr öllum fjórtán sjúklingunum á deildinni til að ganga úr skugga um að sýkingin hafi ekki breiðst út. Eins sé það forvörn sem miði að því að stofn bakteríunnar nái ekki fótfestu hér á landi.

Á blóðlækningadeildinni eru fjórtán rúm; sex á einbýlum. Allt að fjórir sjúklingar eru um hvert salerni en oft kemur sú staða upp að vegna sýkingarhættu megi sjúklingar ekki deila salerni. „Þetta snýst um öryggi sjúklinga, og sérstaklega í ljósi svona sýkingarvarna," segir Hlíf. **- shá**

### ➜ Varpar ljósi á húsnæðisvandann

Sýkingin nú varpar ljósi á húsnæðismál Landspítalans, að sögn Hlífar. „Yfirleitt, en sérstaklega á svona deild, þyrftum við að hafa einbýli og sér salernisaðstöðu fyrir alla sjúklinga. Það verður sífellt brýnna eftir því sem þessum ónæmari stofnum baktería fjölgar," segir Hlíf. Bakterían sem greindist í gær smitast með snertingu, án þess að hún sé bráðsmitandi.




**SÉR FYRIR ENDANN Á NÁMINU** Bergvin Oddsson er einn tólf blindra og sjónskertra sem í vetur stunda hér háskólanám. Fimm eru við Háskólann í Reykjavík og sjö við Háskóla Íslands. Meira en áratugur er síðan blind manneskja lauk háskólaprófi hér á landi. Fjallað er um hindranir í vegi blindra og sjónskertra í nýrri rannsókn sem unnið er að við Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Margir tálmar fyrir blinda:

## Sérstaka námsaðstöðu vantar

**MENNTAMÁL** Tólf blindir eða sjónskertir nemendur stunda nú háskólanám hér á landi. Meira en áratugur er síðan nemandi með slíka fötlun lauk námi.

Bergvin Oddsson, sem er í hópi blindra háskólanema, segir aðgengi vera helsta vandamálið innan Háskólans.

„Við höfum tuðað yfir því síðustu tvö ár að fá þessar leiðarlínur og þá sérstaklega á Háskólatorgi, sem er stór bygging og mikið opið rými." Þá hafi verið gerðar athugasemdir við hönnun og litaval sem gerir sjónskertum líka erfitt fyrir. „Víða er allt gráleitt og lítill munur á gólfefnum og öðru slíku." Aukinheldur segir Bergvin skorta sérstaka námsaðstöðu, eða herbergi, fyrir nemendur sem þurfa aðstoð. Blindir geti illa lært í lesstofum þar sem krafist sé þagnar, því þeir þurfi að hlusta á námsefni og tala. Í opnum rýmum sé síðan slíkt áreiti að erfitt geti verið að læra þar. **- óká /** sjá síðu 10




Mikil uppbygging fyrirhuguð í höfuðborginni á næstu árum:

## 2.500 íbúðir byggðar miðsvæðis

**HÚSNÆÐISMÁL** Reykjavíkurborg kemur að uppbyggingu um 2.500 íbúða miðsvæðis í borginni á næstu þremur til fimm árum. Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir að áherslan verði lögð á litlar og meðalstórar íbúðir miðsvæðis.

Dagur segir að reyna eigi að draga úr rekstrarkostnaði heimila. „Ef við getum leyft fólki að losna við bíl númer tvö, að ég tali nú ekki um að losna alveg við að reka bíl, þá er það einhver mesta kjarabót sem borgin getur fært fjölskyldum."

Hugmyndin er að stofna félög um uppbyggingu og rekstur á hverjum reit fyrir sig. „Hugsanlega leggjum við inn lóðir sem eignarhlut í slíkum félögum og höfum þannig aðeins meiri tök á hverning þau þróast. Við höfum lagt áherslu á að stíga varlega til jarðar í þeim efnum og finna bestu leiðirnar. Þessi félög verða að geta lifað í áratugi, jafnvel hundrað ár." **kóp /** sjá síðu 12

**14.500**
er fjöldi þeirra íbúða sem stefnt er á að verði teknar í notkun á næstu þrjátíu árum.

HOLLAND & BARRETT
Heilsubúð í Smáralind
MIKIÐ ÚRVAL • FRÁBÆR GÆÐI • BETRI VERÐ
Sími 534-1414 • www.hollandandbarrett.is • Holland and Barrett Ísland



## SPURNING DAGSINS



Dóri, mun „Sandman“ ekki bara svæfa Gunnar Nelson?

**„Nei, ætli Gunni muni ekki syngja Bí bí og blaka fyrir hann þegar upp er staðið.“**

Dóri DNA er sérfræðingur í MMA-bardögum. Hann spáir Gunnari sigri gegn Jorge „Sandman“ Santiago. Í enskumælandi löndum er Óli lokbrá kallaður „Sandman“.

Skattsvikamáli gegn norsk-íslenskum listmálara vísað til neðri dómstiga:

# Áfangasigur fyrir Nerdrum

**NOREGUR** Hæstiréttur í Noregi vísaði skattsvikamáli gegn listamanninum Odd Nerdrum aftur til millidómstigs í gær, en hann var í fyrra dæmdur í tæplega þriggja ára fangelsi fyrir að hafa ekki staðið skil á skattgreiðslum af sölu 32 málverka upp á fjórtán milljónir norskra króna, sem jafngildir rúmum 300 milljónum íslenskra, á árunum 1998 til 2002.

Hæstiréttur fann hins vegar galla á málsmeðferð sem þóttu þess eðlis að málið þyrfti að taka aftur fyrir í heild sinni á neðri dómstigum.

Málið er talið áfangasigur fyrir Nerdrum, sem var veittur íslenskur ríkisborgararéttur árið 2003. Hann segir í samtali við norska fjölmiðla að norska ríkið hafi ofsótt hann allt síðan hann kom fram á listasviðið á sínum tíma. Þetta mál sé einungis síðasta holdtekja þess. Það hefur staðið yfir frá árinu 2002, eftir að blaðið Dagens Næringsliv vakti athygli á því, en formleg rannsókn hófst eftir að listamaðurinn flutti til Íslands. - þj



**SEGIST OFSÓTTUR** Odd Nerdrum sakar norska ríkið um að ofsækja sig. Yfirstandandi skattamál sýni það gjörla.

Sá stærsti í sögunni:

# Heppinn spilari fær 127 milljónir

**HAPPDRÆTTI** Íslenskur Víkingalottóspilari datt heldur betur í lukkupottinn í gær, en hann var einn með allar tölurnar réttar og hlýtur því allan pottinn, sem nam tæplega 127 milljónum króna.

Í tilkynningu frá Íslenskri getspá segir að um langstærsta vinning í sögu félagsins sé að ræða. Þetta er í 22. skiptið sem Íslendingur vinnur fyrsta vinninginn í Víkingalottóinu.

Miðinn góði var keyptur á heimasíðu Getspár, lotto.is.



**SKEMMDIR** Hús í þorpinu Venga í Santa Cruz skemmdust mikið þegar flóðbylgjan reið yfir. NORDICPHOTOS/AFP

Jarðskjálfti um átta stig á Richter við Salómonseyjar:

# Margra er saknað eftir flóðbylgju

**ÁSTRALÍA, AP Margra er saknað og fjöldi heimila eyðilagðist eftir að öflugur jarðskjálfti olli flóðbylgju við strendur Salómonseyja í gær.**

**Jarðskjálftinn mældist átta stig á Richter-kvarða en bylgjur skullu á vestanverða eyjuna Santa Cruz. Fjögur þorp urðu fyrir flóðbylgjunni sem eyðilagði um 80 heimili.**

**Fimm höfðu fundist látnir í gær en talan kemur eflaust til með að hækka, að sögn yfirvalda. Önnur svæði í kring eru talin hafa sloppið við meiri háttar skemmdir.** - mlæ

Námuiðnaður á Grænlandi:

# Saka ráðherra um spillingu

**GRÆNLAND Kuupik Kleist, formaður grænlensku heimastjórnarinnar, er ásamt fleiri grænlenskum stjórnmálamönnum og embættismönnum sakaður um að blanda saman stjórnmálum og persónulegum hagsmunum vegna tengsla sinna við námuiðnaðinn.**

**Kuupik Kleist og Ove Karl Berthelsen auðlindaráðherra eru stofnendur námufyrirtækisins GreenGems sem þeir stjórnuðu til 2009, samkvæmt frétt á vef Politiken. Nú eru eiginkonur þeirra stjórnendur fyrirtækisins.**

**Berthelsen er einn stofnenda flutningafyrirtækis sem mun hagnast verulega ef fyrirhugað álver verður reist.** - ibs

Leiðir stefnumörkun:

# Árni Páll ekki í ráðherrastól

**STJÓRNMÁL** Árni Páll Árnason, nýkjörinn formaður Samfylkingarinnar, ætlar ekki að leggja til breytingar á ráðherraliði flokksins fram að kosningum. Hann mun því áfram vera utan ríkisstjórnar.

Árni segist hafa haft tvennt að leiðarljósi við þessa ákvörðun: „Hagsmuni þjóðarinnar af stjórnfestu og þá nauðsyn að finna fyrirheitinu um ný vinnubrögð og hreinskiptin stjórnmál farveg í verkum Samfylkingarinnar við landsstjórnina.“

Hann muni engu að síður vera pólitískur talsmaður flokksins og leiða stefnumörkun hans. - sh

# Feimnismál að biðja um herbergi dagpart

Færst hefur í aukana að alþjóðlegar hótelkeðjur bjóði upp á herbergi sem leigð eru út til skamms tíma að degi til. Þess háttar gistikostur stendur til boða á Radisson Blu á Hótel Sögu. Viðskiptavinum finnst oft feimnismál að biðja um slíkt.

**ÞJÓNUSTA** Íslensk hótel leigja sum hver út herbergi frá morgni fram á síðdegi eins og færst hefur í vöxt á hótelum víða um heim. Þessi kostur er til dæmis í boði hér á landi á Radisson Blu Hótel Sögu, en starfsmaður þar segir ekki mikið sótt í slíkt.

Á vef BBC er fjallað um þetta fyrirbæri og þess getið að dagsútleiga á herbergjum hafi verið litin hornauga og þeir sem sæktust eftir slíku taldir standa í einhverju lítt siðsamlegu. Flugvallahótel hafi þó verið undantekning lengi vel, en í dag bjóði hins vegar mörg hótel og jafnvel frægar alþjóðlegar keðjur upp á slíkt. Þessi þjónusta sé oft ekki tiltekin á vefsíðum hótelanna en standi til boða ef hringt sé fyrir fram og beðið um hana.

Útleigutíminn er milli átta á morgnana og sjö á kvöldin, en með því að leigja herbergin út á þessum tíma geta hótelin fengið tekjur af þeim eftir að næturgestir eru farnir og áður en næstu gestir koma um kvöldið.

Þeir sem helst nýta sér þessa þjónustu eru, að sögn BBC, ferðamenn sem eru að bíða eftir kvöldflugi eða þurfa hvíld milli funda, en þetta má einnig nýta sér til að geyma farangur.

Meðal þeirra alþjóðlegu keðja sem minnst er á í frétt BBC eru tvær með starfsemi hér á landi; Hilton og Radisson.

Hilton á Suðurlandsbraut býður ekki upp á þennan valkost, að sögn starfsmannsins í bókunardeild, en á Radisson Blu á Hótel Sögu stendur slíkt til boða.



**AÐ DEGI TIL** Hótel Saga býður upp á herbergi til leigu að degi til, en sá valkostur hefur notið vinsælda hjá stórum alþjóðlegum hótelkeðjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við bjóðum upp á slíkt og verðið er um helmingurinn af verðinu fyrir venjulega næturgistingu,“ segir Gunnar Guðmundsson, starfsmaður í gestamóttöku, í samtali við Fréttablaðið.

Hann segir ekki mikið sótt í þessa þjónustu en þá sé það yfirleitt fólk sem hafi misst af flugi og sé að bíða eftir næstu vél.

Spurður hvort fólki þyki feimnismál að kaupa herbergi til svo skamms tíma segir Gunnar að sumir séu ekki lausir við það. „Fólk skýrir oft mjög vel út hvers vegna það þurfi slíkt, en við erum hins vegar ekkert að spá í það, heldur afgreiðum bara viðskiptavininn án athugasemda.“

> **Fólk skýrir oft mjög vel út hvers vegna það þurfi slíkt, en við erum hins vegar ekkert að spá í það.**
>
> *Gunnar Guðmundsson starfsmaður gestamóttöku á Radisson Blu*

thorgils@frettabladid.is




Segja tímakaup hjúkrunarfræðinga ekki hækka um nema 65 krónur:

# Fækkun bjóði ríkið ekki betur

**VINNUMÁL** Hjúkrunarfræðingar segja boðaða launahækkun samkvæmt nýjum stofnanasamningi Landspítalans nema 65 króna hækkun á tímakaupi.

Þannig segir Birgir Örn Ólafsson skurðhjúkrunarfræðingur tómt mál að tala um að hækkun á mánuði nemi að jafnaði 25 þúsund krónum. „Það er í raun ekki rétt tala því eftir að búið er að taka launatengd gjöld frá þeim 370 milljónum sem ríkið veitir í samninginn eru ekki nema 296 milljónir eftir, eða 18.200 krónur að meðaltali.“ Af þeirri fjárhæð sé síðan greidd staðgreiðsla aftur til ríkisins þannig að eftir standi um 10.900 krónur. „Það gera 520 krónur á dag eða sem nemur 65 krónum á tímann.“

Birgir segir ljóst að bjóði ríkið stéttinni, sem hafi langt nám að baki og hafi lengi setið eftir í kjaramálum, ekki betur verði töluverð fækkun á meðal hjúkrunarfræðinga á Landspítalanum um mánaðamótin.



**FUNDUR** Hjúkrunarfræðingar höfnuðu á mánudag tillögu að nýjum stofnanasamningi við LSH. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Erna Einarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Landspítalans og formaður kjara- og launanefndar spítalans, áréttar að samkvæmt nýjum stofnanasamningi hækki laun hjúkrunarfræðinga mismikið og ráðist hækkunin bæði af menntun og vinnufyrirkomulagi. „Sumir fá meira og aðrir minna, en við höfum reiknað það þannig að laun hjúkrunarfræðinga hækki að meðaltali um 4,75 prósent.“ - óká




# LÁGT VERÐ FYRIR ALLA




VERÐ VERND

## Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar – með verðvernd!

Við leitum um heim allan að vörum í verðflokkinn "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar". Vörur merktar „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar" eru það allra ódýrasta sem við bjóðum á hverjum tíma. Þannig tryggjum við þér ávallt lágt verð allan ársins hring! Ef þú finnur sömu vöru ódýrari annarsstaðar endurgreiðum við mismuninn.
Svo einfalt er það!

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## GENGIÐ 06.02.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,68 | 127,28 |
| Sterlingspund | 198,32 | 199,28 |
| Evra | 171,38 | 172,34 |
| Dönsk króna | 22,972 | 23,106 |
| Norsk króna | 23,046 | 23,182 |
| Sænsk króna | 19,948 | 20,064 |
| Japanskt jen | 1,3515 | 1,3595 |
| SDR | 194,39 | 195,55 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR** 232,3245

Yfirgnæfandi meirihluti samþykkti hjónabönd samkynhneigðra:

# Dræmur stuðningur íhaldsins

**BRETLAND, AP** Yfirgnæfandi meirihluti breskra þingmanna samþykkti á þriðjudag lög um hjónabönd samkynhneigðra. Alls greiddu 400 þingmenn neðri deildar lögunum atkvæði sitt en 175 voru á móti.

Athygli vakti þó að einungis um helmingur þingmanna Íhaldsflokksins, flokks Davids Cameron forsætisráðherra, studdi lögin. Hinir voru ýmist á móti eða sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

Lögin taka ekki gildi fyrr en lávarðadeild breska þingsins hefur samþykkt þau, og reiknað er með að það ferli taki nokkra mánuði.

Gildistaka er áætluð árið 2015 en þá fengju samkynhneigðir rétt til að ganga í borgaraleg eða kirkjuleg hjónabönd. Ekki er þó hægt að krefjast trúarlegrar athafnar nema viðkomandi trúfélag samþykki.

Cameron forsætisráðherra sagði atkvæðagreiðsluna á þriðjudag vera stórt stökk fram á við fyrir þjóðina.

Nick Clegg, leiðtogi Frjálsra demókrata, sem á aðild að ríkisstjórn með Íhaldsflokki Camerons, tók undir það: „Ég trúi því sannarlega að við munum horfa til þessa dags sem þáttaskila í sögu jafnréttis á Bretlandi.“ - gb



**DAVID CAMERON** Forsætisráðherra Bretlands gengur til þings. NORDICPHOTOS/AFP



**ANETTE SCHAVAN** Menntamálaráðherra Þýskalands er ekki lengur doktor. NORDICPHOTOS/AFP

Situr áfram í ríkisstjórn:

## Schavan svipt doktorsgráðu

**ÞÝSKALAND** Anette Schavan, menntamálaráðherra Þýskalands, hefur verið svipt doktorsgráðu sinni. Hún situr þó enn um sinn í ríkisstjórn Angelu Merkel kanslara.

Rannsókn á vegum heimspekideildar háskólans í Düsseldorf leiddi í ljós að hluti af efni doktorsritgerðar hennar hefði verið tekinn nánast orðréttur úr öðrum heimildum.

Þetta er í annað sinn sem ráðherra í stjórn Merkel er sviptur doktorsgráðu vegna svindls. Á síðasta ári sagði var það varnarmálaráðherrann Karl-Theodor von Guttenberg, sem sagði af sér. - gb

### SAMGÖNGUMÁL

**Umferðin jókst í janúar**

Bílaumferð á höfuðborgarsvæðinu var 6,4 prósentum meiri í janúar nú en í sama mánuði í fyrra. Tölur Vegagerðarinnar sýna mikinn viðsnúning í umferð miðað við síðustu ár, en ekki hefur mælst eins mikil aukning í umferð í janúar frá því fyrir fjármálakreppuna 2008.

### LEIÐRÉTT

Facebook-síðu þar sem því var mótmælt að Egill Einarsson væri á forsíðu Monitor í nóvember var ekki komið á laggirnar af Nemendafélagi Menntaskólans við Hamrahlíð, eins og sagði í blaðinu í gær, heldur nokkrum nemendum við skólann.

Danska ríkisstjórnin:

## Þyngja á refsingar vegna barnaníðs

**DANMÖRK** Danska ríkisstjórnin hefur lagt til að refsingar vegna barnaníðs verði þyngdar. Á fréttavef Jyllands-Posten er haft eftir dómsmálaráðherra Danmerkur, Morten Bødskov, að kynferðisbrot gegn börnum undir 12 ára aldri sé nauðgun og að enginn vafi eigi að leika á því. Nauðsynlegt sé að þyngja refsingar þeirra sem brjóta gegn börnum.

Lengja á fyrningarfrest vegna kynferðisbrota gegn börnum og banna á dæmdum kynferðisbrotamönnum að hafa samband á netinu við börn undir 18 ára sem þeir þekkja ekki.

Dómsmálaráðherrann segir nauðsynlegt að vernda börn betur og vonast til að stuðningur við frumvarpið verði breiður. - ibs

Umrót eftir lyfjapróf í Eyjum:

## Yfir hundrað sækja um störf

**ATVINNUMÁL Þegar hafa borist yfir eitt hundrað umsóknir um störf hjá Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum eftir að fyrirtækið sagði upp ellefum skipverjum á togurum félagsins, að því er Eyjafréttir höfðu í gær eftir framkvæmdastjóra félagsins.**

**Vinnslustöðin mun halda áfram að taka lyfjapróf. Í fyrradag voru tveir sjómenn hjá fyrirtækinu teknir í próf.**

**Í DV var rætt við ónefndan skipverja sem sagt var upp. Kvaðst hann vera fjölskyldufaðir sem misst hefði vinnuna vegna þess að hann hefði fengið sér tvo kannabissmóka á gamlárskvöld.** - gar

# Vilja ekki mannlausar njósnavélar

Bandarískir þingmenn vilja banna notkun ómannaðra flugfara innan Bandaríkjanna af ótta við njósnir. Leyniskjal úr dómsmálaráðuneytinu sýnir hvaða rök hafa verið notuð til að réttlæta slík tæki til manndrápa í fjarlægum heimshlutum.



NORDICPHOTOS/AFP

**ÓMANNAÐ FLUGFAR** Hafa kostað þúsundir manna í Pakistan lífið á forsetatíð Baracks Obama.

**BANDARÍKIN** Þingmenn Demókrataflokksins frá að minnsta kosti ellefu ríkjum Bandaríkjanna vilja banna notkun ómannaðra flugfara, svipaðra þeim sem notuð hafa verið af bandarísku leyniþjónustunni til njósna og árása í Pakistan, Afganistan, Jemen og fleiri stöðum fjarri Bandaríkjunum.

Þingmennirnir óttast að þessi tæki verði misnotuð til að njósna um bandaríska ríkisborgara. Hröð þróun hefur verið í smíði slíkra flygilda. Þau hafa orðið æ smærri og jafnframt ódýrari, svo notkun þeirra gæti hæglega orðið töluvert útbreidd innan skamms tíma verði ekki sett um þau skýr lög.

Í vikunni birtu bandarískir fjölmiðlar svo ódagsett leyniskjal úr bandaríska dómsmálaráðuneytinu, sem sýnir hvaða rök ráðamenn hafa notað til að réttlæta notkun ómannaðra flygilda til manndrápa í fjarlægum heimshlutum.

Barack Obama, sem hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 2009, þá nýtekinn við embætti forseta, hefur á forsetatíð sinni stóreflt notkun þessara ómönnuðu flygilda. Flestar hafa þær verið í Pakistan, þar sem meira en 360 árásir síðustu fimm árin hafa kostað um 3.000 manns lífið.

Í leyniskjalinu kemur fram að bandarísk stjórnvöld telja sig vera í fullum rétti til þess að drepa einstaklinga innan landamæra annarra ríkja, „til dæmis ef það er gert með samþykki stjórnar gistiríkisins eða eftir að hafa gengið úr skugga um að gistiríkið skortir annaðhvort getu eða vilja til að koma í veg fyrir þá hættu sem stafar af viðkomandi einstaklingi, skotmarkinu.“

Annars er í minnisblaðinu einkum verið að skoða hvort bandarísk lög heimili útsendurum Bandaríkjanna að taka bandaríska ríkisborgara af lífi innan landamæra annarra ríkja. Niðurstaðan er sú að þrjár forsendur þurfi að vera til þess. Fyrsta forsendan er sú að háttsettur og vel upplýstur embættismaður í Bandaríkjastjórn hafi gengið úr skugga um að af viðkomandi einstaklingi, sem er skotmarkið, stafi bein hætta á ofbeldisárás gegn Bandaríkjunum. Önnur forsendan er sú að ekki sé framkvæmanlegt að handtaka viðkomandi einstakling. Þriðja forsendan er sú að drápið sé framkvæmt með þeim hætti að það samrýmist meginreglum alþjóðlegra stríðslaga.

Sameinuðu þjóðirnar hafa nú ákveðið að gera ítarlega rannsókn á áhrifum árása ómannaðra flygilda á almenna borgara. Mannréttindasamtök hafa gagnrýnt þessar árásir og segja þær skapa stöðuga skelfingu í samfélögum sem árum saman hafa mátt búa við þessa ógn.

gudsteinn@frettabladid.is

### Nanóflaugar með njósnabúnað

Ómönnuð fjarstýrð flugför hafa verið notuð af Bandaríkjaher allar götur síðan á tímum Balkanskagastyrjaldanna fyrir sautján árum, fyrst í smáum stíl en í stórauknum mæli á síðustu fimm árum. Hröð þróun hefur verið í gerð slíkra flygilda, en nýjasta tækniundrið er örlítlar nanóflaugar, á stærð við kólibrífugl. Við smíði þeirra hefur verið notuð nanótækni, en þessi flugtæki eru útbúin myndavélum og hægt að nota þau til að fylgjast með og njósna um athafnir manna svo lítið beri á.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HLÝNANDI Á MORGUN** Það lítur út fyrir heldur milt veður á laugardag með rigningu, einkum um sunnanvert landið. Yfirleitt úrkomulítið fyrir norðan og austan. Á sunnudag kólnar á ný.




**Á morgun**
Strekkingur V-til, annars hægari.




**Laugardagur**
8-13 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 15° | Billund | 0° | Gautaborg | -1° | London | 5° | Orlando | 26° | San Francisco | 13° |
| Basel | 3° | Frankfurt | 3° | Kaupmannahöfn | -1° | Mallorca | 16° | Ósló | -6° | Stokkhólmur | 0° |
| Berlín | 2° | Friedrichshafen | 0° | Las Palmas | 20° | New York | 1° | París | 6° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




**Sérferð í sérflokki**
Pétur Óli Pétursson er fararstjóri í Pétursborg og mun m.a. bjóða skoðunarferðir um miðborgina, í Virki Péturs og Páls, í Vetrarhöllina, Hermitage safnið, St. Isaacs kirkju, sumarhöll keisarafjölskyldunnar, „Katrínarhöllina" í Pushkin og margt fleira. Flogið er út til Helsinki og heim með fyrsta beina flugi Icelandair frá St. Pétursborg.

**St. Pétursborg á keisaralegu tilboði – Síðasti söludagur á morgun**
Verð frá aðeins 18.900 kr.** eða 29.900*** Vildarpunktar. Ferðatímabil frá 1. júní til 16. júlí 2013. Bjóðum einnig hagstæðar pakkaferðir til Pétursborgar í allt sumar á verði frá 77.900 kr. á mann í tvíbýli. Innifalið er flug, skattar og gisting í 3 nætur á Hótel Moskva með morgunverði.

+ Nánari upplýsingar um fleiri ferðir og pakka á www.icelandair.is

ICELANDAIR

* Innifalið: Flug, gisting með morgunverði í 5 nætur á Hotel Moskva, akstur til og frá flugvöllum erlendis, íslensk fararstjórn og flugvallarskattar. Skoðunarferðir greiðast sérstaklega. Lágmarksþátttaka 20 manns.
** Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar. Sölutímabil: 1. - 8. febrúar. *** Innifalið: Flug báðar leiðir. Skattar og hluti af gjöldum greiðast sér.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 62859 02/13

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hverjum líkti John Grant við Serge Gainsbourg í blaðinu í gær?
**2.** Hversu mörg tonn af síld tíndu börnin frá Grundarfirði í Kolgrafafirði?
**3.** Hjá hvaða fyrirtæki störfuðu sjómennirnir sem var sagt upp vegna fíkniefnaneyslu?

**SVÖR**

**1.** Megasi **2.** 25 tonn **3.** Vinnslustöðinni

Kennarar lýsa sameiningu Víðistaðaskóla og Engidalsskóla sem mislukkaðri:

# Starfsfólk upplifði erfiðleika í sorgarferli

**SKÓLAMÁL** Starfshópur frá grunnskólanum í Engidal og leikskólanum Álfabergi í Hafnarfirði leggja til að sameiningu Engidalsskóla við Víðistaðaskóla verði slitið og að fyrrnefndu skólarnir verði sameinaðir í staðinn.

Víðistaðaskóli og Engidalsskóli voru sameinaðir fyrir þremur árum. Í Engidal hafði fram að því verið kennt frá 1. upp í 7. bekk en í Víðistaðaskóla í öllum deildum, frá 1. bekk upp í 10. bekk. Í fyrravor ákvað fræðsluráð Hafnarfjarðar hins vegar að skipa starfshóp starfsmanna Engidalsskóla og Álfabergs sem átti að kanna samstarf að sameiningu þar á milli. Í niðurstöðum þess starfshóps kemur skýrt fram að starfsfólkinu þyki sameiningin við Víðistaðaskóla hafa verið misráðin.

„Þessi sameining reyndist starfsfólkinu mjög erfið og gengið var í gegnum ákveðið sorgarferli fyrsta árið,“ segir starfshópurinn, sem vísar til fjarlægðar á milli skólabygginganna tveggja. „Það er mjög erfitt að tilheyra hópi sem maður hittir á starfsmannafundi einu sinni í mánuði.“

Þá er bent á að á sama tíma hafi leikskólinn Álfaberg verið fluttur í húsnæði Engidalsskóla. Starfshópurinn segir nær að sameina þetta tvennt í skóla með leikskóladeild og grunnskóladeild. Hvort skólastigið myndi hins vegar halda sínum skólastjóra og millistjórnanda. „Meiri vilji hefur verið fyrir því frá upphafi að auka samvinnu við þá sem maður hittir daglega í sínum störfum,“ segir hópurinn. - gar



**ENGIDALSSKÓLI** Starfsfólki Víðistaðaskóla í Engidal finnst það litlu sambandi ná við vinnufélagana Víðistaðamegin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## LANDIÐ




### Fylgjast með áhrifum flúormengunar

**1** **REYÐARFJÖRÐUR** Matvælastofnun vill að fylgst verði áfram með áhrifum sem flúormengun í Reyðarfirði gæti hafa haft á ung dýr. Ekki er hægt að útiloka að mengunin geti haft neikvæð áhrif á tannheilsu dýra og því hefur verið óskað eftir aukinni vöktun Umhverfisstofnunar á svæðinu.

Flúormengunin varð frá álveri Alcoa Fjarðaráls síðastliðið sumar. Matvælastofnun telur ekki tilefni til að ætla að fólki stafi hætta af neyslu dýraafurða eða matjurta af svæðinu.

### Ánægja með Árborg

**2** **ÁRBORG** Ánægja með þjónustu Sveitarfélagsins Árborgar eykst milli ára að því er fram kemur í könnun sem Gallup gerði á þjónustu sveitarfélaga í lok síðasta árs. „Sambærilegar kannanir hafa verið gerðar árlega um nokkurt skeið og lenti Sveitarfélagið Árborg í 13. sæti árið 2010, í 12. sæti árið 2011 og í 9. sæti árið 2012,“ segir í tilkynningu Árborgar og er bent á að aukin ánægja sé með aðstöðu til íþróttaiðkunar, þjónustu leikskóla, gæði umhverfis, skipulagsmála og hvernig sveitarfélagið sinnir menningarmálum.

### Skipaumferð kallar á stækkun

**3** **NESKAUPSTAÐUR** Norðfjarðarhöfn, sem er ein Fjarðabyggðarhafna, verður stækkuð umtalsvert á næstu tveimur árum. Höfnin er ein af stærstu fiskihöfnum landsins, en það markast að stórum hluta af starfsemi Síldarvinnslunnar. Á vef Síldarvinnslunnar kemur fram að á árinu 2012 voru skipakomur samtals 519, en smábátar eru þar ekki taldir. Komur fiskiskipa voru rúmlega ein á dag, eða 384. Komur flutningaskipa voru 89 og tankskipa 45. Vörur sem fóru um Norðfjarðarhöfn á árinu 2012 voru 140.040 tonn. Vörur frá höfn námu 116.675 tonnum og til hafnar 23.365 tonnum. Framkvæmdum er því ætlað að auka öryggi og gera afgreiðslu fiski- og flutningaskipa auðveldari. Áætlaður kostnaður er um 550 milljónir króna.



# Rekstrarkostnaður bankanna rýkur upp

Sífellt meira kostar að reka íslensku bankana og Samkeppniseftirlitið telur brýnt að sporna við því. Kostnaðurinn eykst hraðar en hjá öðrum fyrirtækjum og stofnunum og er úr takti við erlenda banka. Laun bankafólks hækka hraðar en annarra.

**SAMKEPPNISMÁL** Rekstrarkostnaður stóru bankanna þriggja jókst um ellefu milljarða króna á milli áranna 2011 og 2012, úr 61 milljarði í 72. Samkeppniseftirlitið (SE) telur kosta of mikið að reka bankana og að mikilvægt sé að draga úr þeim kostnaði.

„Viðskiptavinir bankanna greiða rekstrarkostnaðinn dýru verði með óhagstæðum viðskiptakjörum,“ segir í skýrslu SE um fjármálaþjónustu á Íslandi sem kynnt verður í dag.

Þar segir að rekstrarkostnaður bankanna sé mikill í alþjóðlegum samanburði. Þannig hafi hann numið 2,3 prósentum af eignum bankanna árið 2011, samanborið við 0,6 til 1,5 prósent hjá fimmtán litlum norrænum bönkum og stórum evrópskum bönkum.

SE segir að þrátt fyrir hagræðingaraðgerðir hafi ekki tekist að ná rekstrarkostnaðinum niður og að hann hafi hækkað um tíu prósent að meðaltali á hverju ári frá 2009.

„Að hluta til má rekja þessa hækkun til þess að bankarnir hafa stækkað með yfirtöku Landsbankans á SpKef og yfirtöku Íslandsbanka á Byr auk þess sem Valitor varð dótturfélag Arion banka. Skýra má um helming af hækkun rekstrarkostnaðar bankanna til samruna við Valitor, SpKef og Byr og er þá gengið út frá þeirri forsendu að samrunarnir hafi ekki leitt til rekstrarhagræðingar í bankakerfinu,“ segir í skýrslunni.

Þá hafi aukin skattheimta kostað bankana einn og hálfan milljarð síðustu þrjú ár og reikna megi með því að talsverður kostnaður hafi hlotist af endurskipulagningu og endurútreikningi lána og samskiptum við eftirlitsaðila.

SE varar við því í skýrslunni að auknum rekstrarkostnaði hafi ekki verið gefinn mikill gaumur í opinberri umræðu enda hafi bankarnir hagnast vel við endurmat á lánum. Þetta kunni að breytast þegar endurmatið skili sér ekki lengur í reikninga bankanna.

Þá segir að laun bankastarfsmanna hafi hækkað meira en flestra annarra stétta. Jafnframt hafi rekstrarkostnaður bankanna hækkað um fimmtán prósent á milli áranna 2009 og 2010 á meðan rekstrarkostnaður um 26 þúsund fyrirtækja landsins hækkaði um rúm sex prósent á sama tíma. Ekkert bendi til þess að rekstrarkostnaður banka í nágrannaríkjum Íslands hafi hækkað á sama tímabili. stigur@frettabladid.is

### → Mun örari hækkun en hjá Landspítalanum

Kostnaður á föstu verði 2012 í milljörðum króna




Þetta súlurit má finna í skýrslu Samkeppniseftirlitsins. Á því er borinn saman rekstrarkostnaður bankanna þriggja, níu stórra íslenskra fyrirtækja og Landspítalans. Tvöfalt meira kostaði að reka bankana en Landspítalann í fyrra.

**72**

milljarðar er áætlaður rekstrarkostnaður bankanna þriggja í fyrra.





TAX
FREE
SNYRTIVÖRU
DAGAR
FRÍHAFNARDAGAR
Dagana 7.- 11. febrúar
afnemum við virðisaukaskatt*
af öllum snyrtivörum.
*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð



**HUNDAHALD** Bresk yfirvöld hyggjast skylda hundaeigendur til að setja örflögur í hunda sína fyrir árið 2016. NORDICPHOTOS/AFP

Ný löggjöf um hundahald:

## Örflögur í alla breska hunda

**LONDON, AP** Hundaeigendur í Bretlandi verða skyldaðir til þess að láta græða örflögu í hunda sína fyrir árið 2016. Þetta kemur fram í nýrri reglugerð.

Tilgangur breytinganna er að auðvelda eigendum að finna týnd eða stolin gæludýr. Um 60 prósent þeirra átta milljóna hunda sem eru í Bretlandi hafa nú þegar slíkar örflögur en eigendur sem neita að setja örflögur í hunda sína eftir 2016 munu eiga yfir höfði sér háa sekt.

Örflögur verða enn valfrjálsar fyrir eigendur hesta og katta. - gój

**EFTIRLIT**

### Landhelgisgæslan í eftirliti

TF-Sif, flugvél Landhelgisgæslunnar, fór í fimm klukkustunda gæslu- og eftirlitsflug á þriðjudaginn í þeim tilgangi að fylgjast með umferð á fiskimiðum umhverfis landið. Vélin hafði samband við báta og skip sem voru að veiðum í námunda við bannsvæði eða voru ekki með öryggisbúnað í lagi.

# Bið eftir aðgerð lengdist úr fimm vikum í 16 mánuði

Á tveimur árum hefur bið eftir aðgerð vegna legsigs farið úr tæpum fimm vikum í sextán mánuði. Í október síðastliðnum voru 2.284 á biðlistum eftir margvíslegum aðgerðum. Ári fyrr voru 1.532 á biðlistunum.

**HEILBRIGÐISMÁL** Alls höfðu 2.284 beðið í þrjá mánuði eða lengur eftir því að komast í aðgerð á einhverju sjúkrahúsa eða heilbrigðisstofnana landsins í október í fyrra. Milli ára hafði fjölgað um 49,1 prósent á biðlistanum eftir því að komast í aðgerð. Á sama tíma árið 2011 biðu 1.532 eftir aðgerð.

Í nýútkomnum Talnabrunni Landlæknisembættisins, þar sem fjallað er um nýjustu tölur um biðlista, er sagt vekja athygli að bið eftir skurðaðgerðum á augasteini og aðgerðum vegna legsigs og brottnáms legs hafi sjaldan verið lengri. Þá haldi biðtími eftir þessum aðgerðum áfram að lengjast.

„Mestu virðist muna um lokun skurðstofa á St. Jósefsspítala í kjölfar sameiningar við Landspítala á árinu 2011,“ segir í Talnabrunni.

Í talnaefni á vef Landlæknisembættisins má sjá að í október síðastliðnum biðu rúmlega helmingi fleiri eftir því að komast í skurðaðgerð á augasteini en á sama tíma ári fyrr, 1.220 á móti 591 þá. Þá sést að fjölgun á biðlistum eftir legsigs- og legnámsaðgerðum nam 54,3 prósentum á milli ára. Fjölgunin frá því í júní nemur hins vegar tæpum 11 prósentum.

Fram kemur að áætlaður biðtími eftir aðgerð vegna legsigs á Landspítala, þar sem flestar aðgerðirnar eru framkvæmdar, sé nú 65 vikur, eða rúmlega eitt ár og fjórir mánuðir. Í október 2010 hafi hins vegar bara þurft að bíða í tæpar fimm vikur eftir slíkri aðgerð.

„Að öðru leyti var lítil breyting á fjölda þeirra sem beðið höfðu þrjá mánuði eða lengur eftir skurðaðgerð miðað við stöðuna í júní síðastliðnum,“ segir í umfjöllun Landlæknisembættisins.

Fram kemur að bið eftir augasteinsaðgerð sé lengst á Landspítalanum, eða um eitt og hálft ár, en styst hjá Sjónlagi og Lasersjón, sjö og hálfur til tólf mánuðir.

olikr@frettabladid.is







* Fjöldi þeirra sem beðið hafa 3 mánuði eða lengur eftir aðgerð.
Heimild: Landlæknisembættið



**ST. JÓSEFSSPÍTALI** Landlæknisembættið rekur aukna bið eftir ákveðnum tegundum aðgerða til lokunar skurðstofa á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði árið 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






**MÓTMÆLI** Reiðialda braust út í Túnis í kjölfar morðs á baráttumanni fyrir lýðræðisumbótum. NORDICPHOTOS/AFP

Reiðialda í kjölfar morðs:

## Baráttumaður myrtur í Túnis

**TÚNIS, AP Mikil mótmæli brutust út í Túnis eftir að stjórnmálamaðurinn Chokri Belaid var myrtur í gær. Belaid hafði barist fyrir auknu lýðræði og gagnrýnt ríkisstjórnina.**

**Belaid hafði sagt flokkinn loka augunum fyrir ofbeldi af hálfu öfgamanna í garð annarra flokka. Hann hafði fengið margar hótanir, þá síðustu daginn fyrir morðið.**

**Forseti Túnis, Moncef Marzouki, sagði morðið vera ógn við túnisku þjóðina en það myndi ekki setja lýðræðisþróun landsins í hættu.** - gój

Beinagrind veldur deilum:

## Bítast um bein Ríkharðs III

**LONDON (AP)** Borgaryfirvöld Leicester og York í Englandi gera kröfu til jarðneskra leifa Ríkharðs III konungs, sem eru nýfundnar.

Vísindamenn tilkynntu í byrjun mánaðarins að beinagrind sem fannst undir bílastæði í Leicester væri af Ríkharði III, sem féll í bardaga árið 1485. Borgarstjórn Leicester hefur tilkynnt að leifar hans verði jarðsettar þar.

Borgaryfirvöld í York, sem ætt Ríkharðs var kennd við, hafa hins vegar gert tilkall til beinagrindarinnar. Ráðamenn í hvorri borg um sig hafa sett upp undirskriftalista til að útkljá hvar Ríkharður skuli grafinn. - mlæ

LEXUS RX 450h

# STANSLAUSAR FRAMFARIR

Lexus sameinar lúxus og virðingu fyrir umhverfinu með lipurð, krafti og litlum útblæstri.




ÍSLENSKA/SIA.IS/LEX 62860 02/13

Lexus-Ísland | Kauptúni 6 | Sími: 570 5400

LEXUS




# Blindir rekast á hindranir í háskóla

Í áratug hið minnsta hefur enginn blindur eða sjónskertur nemandi lokið háskólanámi hér á landi. Innan Háskóla Íslands er unnið að rannsókn á aðstæðum þessara nemenda. Víða er pottur brotinn þótt margt hafi færst til betri vegar.

**MENNTAMÁL** Blindir og sjónskertir nemendur virðast mæta meiri takmörkunum í háskólanámi en aðrir hópar fatlaðra. „Í áratug hið minnsta hefur enginn blindur eða sjónskertur lokið hér háskólanámi,“ segir Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent í félags- og mannvísindadeild Háskólans. Í nýrri rannsókn, sem hún vinnur að með Knúti Birgissyni doktorsnema, er sjónum beint sérstaklega að möguleikum blindra og sjónskertra til háskólanáms.

Hanna Björg segir þó að margt hafi færst til betri vegar. Núna stundi hér tólf blindir eða sjónskertir einstaklingar háskólanám, fimm í Háskólanum í Reykjavík og sjö við Háskóla Íslands. Enn þurfi þó að færa ýmislegt til betri vegar. Hún bendir á að háskólanám geri ráð fyrir mjög miklum lestri og hraðri skimun texta, sem sé útilokuð fyrir blint fólk og sjónskert. „Út af þessu þurfa bókalistar kennara að liggja fyrir nógu snemma til að skanna megi inn bækur í tæka tíð.“ Hanna Björg segir oft takast vel upp, en þó séu dæmi um að langt sé liðið á misseri þegar nemendur fá lesefni. Þá sé hér ekki í boði sjóntúlkun fyrir blinda, en í sjóntúlkun er lýst fyrir blindum þeim þáttum í umhverfinu sem eyrað eitt nemur ekki. „En aðgengi að námsefni skiptir mestu máli.“



**Í HÁSKÓLANUM** Þórsteinssjóður styrkir rannsókn Hönnu Bjargar Sigurjónsdóttur dósents og Knúts Birgissonar doktorsnema á möguleikum blindra og sjónskertra til háskólanáms. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Úrræðið sem algengast er að fólk nýti sér eru svokallaðir „glósuvinir“ en þá tekur samnemandi að sér að skrifa niður glósur og senda viðkomandi. Þá þurfi að haga fyrirlestrum þannig að það nægi að hlusta á þá. Þá sé mikilvægt að allir nemendur hafi aðgang að upptökum kennslustunda. Allur gangur sé á hvernig þessu sé háttað.

Eins þurfi að taka á skipulagi námsins því erfitt sé fyrir blinda og sjónskerta að læra á nýja staði og leiðir. „Svæði eru illa aðgengileg, leiðarlínur vantar og jafnvel í nýjustu húsunum er allt úr gleri, húsgögn á miðju gólfi og erfitt að komast um.“

Innan háskólanna segir Hanna Björg hins vegar bæði skilning og vilja til breytinga. Þá beri þeir nemendur sem þau Knútur hafi talað við öllum vel söguna sem sinna við þá stuðningi í náminu. Þess sé því vonandi ekki langt að bíða að hér ljúki blind eða sjónskert manneskja námi. „Það er á okkar ábyrgð að ryðja úr vegi hindrunum svo möguleikar allra til náms séu jafnir.“

olikr@frettabladid.is

Fíton/SÍA

Hefur þú áhuga á að starfa í forystu VR?

Samkvæmt 20. gr. laga VR auglýsir kjörstjórn félagsins eftir einstaklingsframboðum til formanns og í stjórn félagsins og listaframboðum í trúnaðarráð.

Um er að ræða annars vegar einstaklingsframboð til formanns, sjö sæta í stjórn og þriggja til vara og hins vegar listaframboð fyrir 41 sæti í trúnaðarráð. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna einstaklingsframboðs til formanns og 15 vegna einstaklingsframboðs til stjórnar og varastjórnar. Til að listi vegna trúnaðarráðs sem borinn er fram gegn lista Uppstillinganefndar sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna sem og skriflegt samþykki frambjóðenda á listanum.

Framboðsfrestur er til **kl. 12:00 á hádegi föstudaginn 22. febrúar 2013**. Framboðum og framboðslistum skal skilað til kjörstjórnar á skrifstofu VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7.

Frambjóðendum er bent á heimasíðu VR www.vr.is, þar sem eyðublöð vegna framboða eru aðgengileg og ítarlegari upplýsingar birtar um framboð til formanns, stjórnar og trúnaðarráðs. Kjörstjórn VR veitir einnig frekari upplýsingar í síma 510 1700 eða með tölvupósti til kjorstjorn@vr.is.

**7. febrúar 2013**
Kjörstjórn VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR

# Heilsu- og hægindadagar í Betra Baki



12 mánaða vaxtalaus lán* á heilsurúmum

KYNNUM NÝJU LÍNU AF HEILSURÚMUM

**Charlotte Julien**
Dream your world™

Frábær gæði og ótrúlegt verð!

* 3,5% lántökugjald

## C&J heilsurúm

VERÐDÆMI
Platinium rúm
160x200cm – 180x200cm
**117.920 – 129.120**
147.400 kr. – Fullt verð – 161.400 kr.
Dýna, botn og lappir
Rúmgafl – aukahlutur á mynd




**C&J Gold dýna**

- Pokagormakerfi - 2000 gormar í 180x200
- Steyptir hliðarkantar
- Latex heilsu- og hægindalag
- Laserskorið Conforma Foam tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og mjúkt axlasvæði
- Mjúkt áklæði, hægt að taka efsta lag af

**C&J Platinum dýna**

- LFK gormakerfi, læst saman frá höfði til táar
- Sterkir hliðarkantar
- Laserskorið Conforma Foam heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og mjúkt axlasvæði
- Silkimjúkt áklæði

## Stillanlegt og þægilegt!

VERÐDÆMI
2 x 90x200cm
**kr. 610.000**
Með Cahsmere dýnu.
Fullt verð: 762.500






**Stillanlegu heilsurúmin frá C&J:**

- Inndraganlegur botn.
- Lyftigeta er yfir 2 x450 kg per botn.
- Mótor þarfnast ekki viðhalds.
- Tvíhert stálgrind undir botni.
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi.
- 2 nuddmótorar með tímarofa.
- LED lýsing undir rúmi - góð næturlýsing.
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Tempur heilsudýnur.

www.betrabak.is

**Betra BAK**
**Leggur grunn að góðum degi**

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

ÁÆTLUN UM UPPBYGGINGU Í REYKJAVÍK

## ➜ Dæmi um þá reiti sem hópurinn hefur kortlagt, en þeir eru alls 32




GRAFÍK/KLARA

# Byggja fjölda leiguíbúða í borginni

Alls verða reistar 14.500 íbúðir í Reykjavík fram til ársins 2030 samkvæmt hugmyndum vinnuhóps um húsnæðismál. Borgin gæti komið að félögum um uppbyggingu á hverjum reit fyrir sig. Borgaryfirvöld vilja beita skipulagsvaldi sínu til að tryggja uppbyggingu leigumarkaðar.



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is

Starfshópur á vegum Reykjavíkurborgar hefur kortlagt hvaða möguleikar eru á byggingu íbúða innan borgarlandsins. Niðurstaðan er sú að á næstu þremur til fimm árum verða reistar 2.500 íbúðir miðsvæðis í Reykjavík. Fram til ársins 2030 verða íbúðirnar 14.500.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, er formaður starfshópsins. Hann segir vinnuna, sem staðið hefur yfir í tvö ár, einkennast af því að reynt sé að draga lærdóm af hruninu.

„Í fyrsta lagi með því að í nýju aðalskipulagi er verið að þróa borgina inn á við, um það er mjög skýr stefna. Í öðru lagi hefur borgarstjórn sameinast um nýja húsnæðisstefnu sem kallar eftir fjölbreyttari og öruggari húsnæðismarkaði með áherslu á leiguíbúðir, búseturéttaríbúðir og aukna fjölbreytni.

Í þriðja lagi, og það kemur einnig að því hvernig fólk kemst af, erum við með þessu tvennu að reyna að minnka rekstrarkostnað heimilanna með því að gera fólki kleift að búa þar sem það getur dregið úr samgöngukostnaði.“

Í því skyni er gert ráð fyrir mun minni fjölda bílastæða við íbúðirnar en vaninn er.

### Efla almennan leigumarkað

Framlag Reykjavíkurborgar verður fyrst og fremst það að leggja fram lönd og lóðir, en einnig í gegnum skipulagið. Ekki er gert ráð fyrir að fjármunir verði markvisst settir í uppbygginguna frá borginni.

„Við höfum þó áskilið okkur rétt til að gera strategískar fjárfestingar til að fylgja þessari stefnu fast eftir. Við erum tilbúin til að beita afli borgarinnar, bæði til að tryggja okkur nauðsynleg lönd og lóðir, og einnig til að þróa þessi svæði og nýta skipulagsvaldið til þess. Þetta er algjör lykilstefna hjá okkur.“

Möguleg leið í þessu er að um hvern byggingarreit, eða nokkra saman, verði stofnað félag sem sér um uppbyggingu og rekstur. Fundað hefur verið með þróunarfélögum, verktökum, fjármögnunaraðilum, bæði bönkum og lífeyrissjóðum, Félagsstofnun stúdenta, háskólunum og öðrum sem hafa verkefni í farvatninu sem gætu fallið undir þessa stefnumótun.

Dagur segir að félög um slíkan rekstur þurfi að lifa í áratugi, ef ekki hundrað ár, og því þurfi að vanda til verka.

„Það sem hefur vantað á Íslandi er almennur leigumarkaður og við viljum búa til öruggan leigumarkað fyrir venjulegt fólk sem vill það sem valkost, jafnvel til langs tíma. Þá þarf að tryggja ákveðið öryggi og jafnvel að þú getir stækkað við þig innan stórs leigufélags sem er með margar og fjölbreyttar íbúðagerðir á sínum snærum, jafnvel innan sama skólakerfis. Þetta er í raun alveg gríðarlega stórt samfélagslegt verkefni um að búa til öruggan húsnæðis- og leigumarkað.“

### Hætta á húsnæðiskreppu

Dagur segir að uppbyggingin muni ekki tryggja það að leiguverð lækki. Hins vegar muni hún vonandi skapa betra jafnvægi á leigumarkaði.

„Það er ekki hægt að lofa því að leiguverð í Reykjavík, á eftirsóknarverðum stöðum, muni lækka til framtíðar litið. Ef ekkert verður að gert er hætt við því að þróunin verði eins og víða í miðborgum, þar sem venjulegt fólk á venjulegum launum hefur ekki efni á að búa þar lengur. Við viljum koma í veg fyrir það.“

Dagur segir úttektir sýna að það stefni í húsnæðiskreppu ef ekkert verður að gert. Ábyrg borgaryfirvöld verði að setja fram áætlanir um hvernig mæta eigi húsnæðisþörfinni, ekki til að skapa nýja bólu á fasteignamarkaði heldur til að tryggja það að allir eigi þak yfir höfuðið á viðráðanlegu verði.

„Það verður aldrei ódýrt að búa á besta stað í Reykjavík en við eigum að gera það sem við getum til að tryggja fjölbreytni. Við viljum ekki einhver lúxussvæði fyrir fáa heldur fjölbreytt svæði fyrir alls konar fólk; fjölskyldufólk, eldra fólk og yngra fólk.

Þar höfum við tæki í gegnum skipulagið og í gegnum alls kyns samvinnu. Við höfum verið að beita borginni mjög markvisst, þó það hafi kannski ekki farið mjög hátt,“ segir Dagur.

Þar vísar hann í kaup borgarinnar á Slippsvæðinu, þar sem rísa munu 250 til 300 íbúðir, á lóð við Keilugranda, þar sem vísa munu um 60 íbúðir og á lóð við Tryggvagötu þar sem fjöldi íbúða getur risið. Borgin hafi til að mynda sett 500 milljónir í að kaupa hafnarsvæðið.



**FORMAÐUR BORGARRÁÐS** Dagur segir að ef ekki verði brugðist við húsnæðisþörf í Reykjavík, sérstaklega varðandi leiguhúsnæði, sé hætta á húsnæðiskreppu.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# BAUHAUS

# BAÐLAND®

## ALLT FYRIR BAÐIÐ

## ...við bjóðum heildstæðar baðlausnir

**Baðlandið er öruggur samstarfsaðili sem býður heildarlausnir fyrir baðherbergið, allt frá ráðgjöf til uppsetningar. Við gerum draumabaðherbergið þitt að veruleika - einfalt og þægilegt.**



### Mikið úrval af flísum

Bara í BAUHAUS



**MAGNUM GÓLFFLÍSAR**
30 x 60 cm. Glerjað postulín. Slitþolsstig 5. Frostþolnar. Svartar, drapplitaðar eða gráar. Verð á m². Sökkulflísar í stíl.

**3.495:-**

### Mikið úrval af salernum



**HOUSE SALERNISSETT**
Heildarlausn m. vatnskassa H:102-122 cm, hvítum skolhnappi og upph. House-skál. Seta fylgir ekki.

**22.995:-**

### Ótrúlegt úrval af blöndunar- og sturtutækjum



mixomat

**LED STURTUSETT**
102 cm krómuð sturtustöng, 15 cm sturtuhaus og handsturta með LED ljósi í þremur litum: rauðum, bláum og grænum. Það eru 3 stillingar á handsturtunni, sturtuslangan er 150 cm.

**10.995:-**



**HOUSE ELDHÚSTÆKI**
Krómuð með lágri sveiflu.

**HOUSE HANDLAUGARTÆKI**
Krómuð.

VALFRJÁLS **1.995:-**



Venus

**FINJA ÞVOTTAKARFA**
67 x 45 x 45 cm. Valhneta.

**4.995:-**

**360° Þjónusta**

- Við bjóðum fast verð í allan pakkann.
- Framúrskarandi ráðgjöf og einstaklingsbundin 3D-skipulagning.
- Við sjáum um að samræma vinnu ólíkra iðnaðarmanna.
- Við förum ávallt eftir þeim reglum sem gilda þegar unnið er með votrými.
- Við bjóðum mesta úrval landsins af þekktum vörumerkjum.
- Við bjóðum faglega eftirfylgni með áherslu á upplýsingar og ábyrgðir.

## Allt fyrir baðið á einum stað hjá BAUHAUS

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 7. febrúar til og með sunnudeginum 10. febrúar 2013. Gildir á meðan birgðir endast.

**Mikið úrval af merkjavöru:** NORO, SCANBAD, damixa, Ifö, Ballingslöv, GROHE, hansgrohe, FM Mattsson, SVEDBERGS, Villeroy & Boch, Ideal, BØRMA

**BAUHAUS REYKJAVIK** - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavik - www.bauhaus.is




PIPAR\TBWA • SÍA • 130077(0702)





**30% AFSLÁTTUR AF GRILL AUKAHLUTUM**

ELLINGSEN
GASGRILL, 3 BRENNARAR
YFIRBREIÐSLA FYLGIR

**44.000 KR.**
VERÐ ÁÐUR 79.900 KR.

EL PRADO
2200 WOODY
2 BRENNARAR

**19.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 39.990 KR.

## GRILLTILBOÐ

| GRILL | VNR | VERÐ | TILBOÐ | NÚNA! |
|---|---|---|---|---|
| Gasgrill Ellingsen 4 br. svart | 86262 | 89.990 | 64.000 | **54.000** |
| Gasgrill Ellingsen 4 br. stál | 79328 | 109.900 | 80.000 | **69.000** |
| Gasgrill Ellingsen 3 br. stál | 79327 | 98.900 | 74.990 | **59.000** |
| Gasgrill Ellingsen 2 br. svart | 86183 | 49.900 | 34.990 | **24.900** |
| Gasgrill Ellingsen 3 br. svart | 86261 | 79.900 | 59.990 | **44.000** |

**6 mán. vaxtalausar léttgreiðslur**





COLUMBIA LAY'D
DÚNVESTI

NÚNA! **15.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.

MOUNTAIN HARDWEAR
DOWNTOWN ÚLPA

NÚNA! **29.990 KR.**
TILBOÐSVERÐ 34.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 69.990 KR.



**25% AFSLÁTTUR AF REIÐHJÓLAHJÁLMUM OG REIÐHJÓLA-AUKAHLUTUM**



MERIDA CROSSWAY
YELLOWSTONE REIÐHJÓL

**49.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 69.990 KR.

## SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR!



ELKA
VINNUGALLI, S-3XL

**13.993 KR.**
VERÐ ÁÐUR 19.990 KR.

**30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SOREL-SKÓM**



SNOWLINE
KEÐJUBRODDAR

**7.192 KR.**
VERÐ ÁÐUR 8.990 KR.



**20-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKOT-VEIÐIVÖRUM**



**20-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VEIÐI-VÖRUM**


TSALA
ELLINGSEN
20-70%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
NEMA FERÐATÆKJUM
A.M.K. 25%
AFSLÁTTUR AF
VÖRUM FRÁ
DIDRIKSONS
ALLAR
VÖRUR FRÁ
DEVOLD
MEÐ 20%
AFSLÆTTI
SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR!
30-50%
AFSLÁTTUR AF
SCOTT-VÖRUM
MOUNTAIN HARDWEAR
KELVINATOR ÚLPA
NÚNA! 29.990 KR.
TILBOÐSVERÐ 34.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 69.990 KR.
ALLAR
VÖRUR FRÁ
SKOGSTAD
MEÐ 40%
AFSLÆTTI
MOUNTAIN HARDWEAR
MONKEY PEYSA
NÚNA! 12.990 KR.
TILBOÐSVERÐ 14.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.
SOREL JOAN OF ARTIC
DÖMUSKÓR , BRÚNIR
NÚNA! 24.990 KR.
TILBOÐSVERÐ 27.993 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.990 KR.
COLUMBIA
ANIK PEAK HERRASKÓR
NÚNA! 12.990 KR.
TILBOÐSVERÐ 14.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.
OPIÐ
SUNNUDAG
KL. 12-16
Í REYKJAVÍK
SOREL CARIBOU
DÖMUSKÓR , BRÚNIR
NÚNA! 19.990 KR.
TILBOÐSVERÐ 20.993 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.
COLUMBIA
BUGABOOT
NÚNA! 14.990 KR.
TILBOÐSVERÐ 18.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.
COLUMBIA
SKYWAY DÖMUSKÓR
NÚNA! 12.990 KR.
TILBOÐSVERÐ 14.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 27.990 KR.
Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.
REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is
Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

## Vörur seldar á uppboði á Bland.is

Notendur Bland.is geta nú selt vörur sínar með uppboðsfyrirkomulagi. Söluaðilum gefst jafnframt kostur á að setja inn svokallað „Kaupa núna-verð“. Það felur í sér að uppboðið fellur niður um leið og einhver vill tryggja sér vöruna á fyrir fram ákveðnu lágmarksverði, að því er segir í fréttatilkynningu. Til þess að tryggja öryggi í viðskiptum á vefsvæðinu býður Bland.is upp á að notendur auðkenni sig gagnvart rekstraraðila vefsvæðisins. Þrátt fyrir auðkenninguna geta notendur áfram notið nafnleyndar gagnvart öðrum gestum. Skráðir notendur eru rúmlega 200 þúsund. Í hverri viku nýta 118 þúsund notendur sér kosti vefsvæðisins.





**Á GÖNGU** Búnaður í göngur að vetrarlagi og við vetraraðstæður þarf að vera réttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## CE-merkingin er ekki gæðastimpill

CE-merkið er skilaboð framleiðenda til eftirlitsaðila um að varan uppfylli þær reglur og þá staðla sem um hana gilda. Merkingin er ekki gæðastimpill, að því er segir í frétt á vef Neytendasamtakanna. Þar er greint frá því að Evrópusamtök neytenda og samstarfsvettvangur evrópskra neytendasamtaka um staðlastarf hafi opinberlega gagnrýnt herferð Evrópusambandsins sem snýr að leikfangaöryggi. Í herferðinni er mikið lagt upp úr því að CE-merkið sé trygging neytenda fyrir því að leikfang sé öruggt. Samtökin benda hins vegar á að þar sem ekkert óháð eftirlit fari fram á vörum sem bera CE-merkið sé ekki um neina slíka tryggingu að ræða. Bent er á að á þessu ári hafi þegar borist 250 tilkynningar um hættuleg leikföng í gegnum RAPEX-tilkynningakerfið. Nær öll þessi leikföng bera CE-merkið.



# Réttur búnaður í göngur

Svokallaðir hálkubroddar í fjallgöngu veita falskt öryggi. Sérstaklega hannaðir mannbroddar og ísöxi nauðsynlegur útbúnaður. Ferðaáætlun á að skilja eftir hjá aðstandendum. Einnig hægt á www.safetravel.is

Mikilvægt er að hafa réttan búnað með í gönguferðir að vetrarlagi, að sögn Jónasar Guðmundssonar, verkefnastjóra slysavarna hjá Landsbjörg.

„Þeim fjölgar sífellt sem stunda göngur að vetrarlagi og það er vel en það þarf að hafa í huga að búnaður í slíkar ferðir þarf að vera réttur. Á veturna þarf oft að vera með mannbrodda og ísöxi og allt af ef haldið er til fjalla. Það hefur borið á því að göngumenn láti duga að nota svokallaða hálkubrodda en notkun slíkra brodda til fjalla gerir ekkert annað en að bjóða hættunni heim. Sú hætta felst meðal annars í því að á hálkubroddum getur göngumaður gengið inn á svæði sem eru erfið yfirferðar og lent þar í sjálfheldu eða dottið án þess að geta stöðvað sig. Hálkubroddar í fjallgöngu veita falskt öryggi,“ segir Jónas.

Hann getur þess að mannbroddar sem ætlaðir eru til gönguferða í vetraraðstæðum séu sérstaklega hannaðir til notkunar til fjalla auk þess sem festingar á þeim séu öruggari en á hálkubroddum.

„Með ísöxi er hægt að höggva spor í snjóinn ef á þarf að halda og án hennar er líklegast erfitt að stöðva sig ef maður fellur í hálli fjallshlíð. Það er í raun betra að vera eingöngu með ísöxi en að nota hálkubrodda.“

> **Það hefur borið á því að göngumenn láti duga að nota svokallaða hálkubrodda en notkun slíkra brodda til fjalla gerir ekkert annað en að bjóða hættunni heim.**
>
> *Jónas Guðmundsson, verkefnastjóri slysavarna hjá Landsbjörg.*

Ferðaáætlun á alltaf að skilja eftir hjá aðstandendum. Það má einnig gera á www.safetravel.is, vefsíðu sem rekin er af Landsbjörg, og liggur þá ferðaáætlun fyrir hjá björgunarsveitum ef óhapp verður, að því er Jónas bendir á. Á vefnum er tekið fram að ekki sé fylgst með því að ferðamenn skili sér á umræddum tíma heldur sé það tengiliðs að gera slíkt.

Tilkynningaþjónusta ferðamanna er hugsuð fyrir stærri og viðameiri ferðir. Þá mæta ferðamenn á skrifstofu Landsbjargar og fylla með starfsmanni út ferðaáætlun auk þess sem farið er í gegnum búnað viðkomandi. Fylgst er sérstaklega með því að ferðamenn skili sér á umræddum tíma.

ibs@frettabladid.is



### Undirbúningur fyrir göngu að vetri

- Fylgjast þarf vel með veðurspá.
- Vatns- og vindheld hlífðarföt þurfa að vera með í för.
- Gönguskór eiga að vera hálfstífir svo hægt sé að festa á þá mannbrodda.
- Ísöxi þarf að vera hluti af búnaði.
- Snjóflóðaýlir, skófla og snjóflóðaleitarstöng eru nauðsynlegur búnaður.
- Skilja þarf eftir ferðaáætlun.

*Fleiri upplýsingar um undirbúning er að finna á www.safetravel.is.*






ASÍ varar við viðskiptum við nokkrar verslanir:

# Vísa verðtökufólki frá

ASÍ varar neytendur við að versla í verslunum Hagkaups, Kosts, Nóatúns og Víðis.

Í fréttatilkynningu frá ASÍ segir að þessar verslanir neiti allar að veita neytendum eðlilegar og sjálfsagðar upplýsingar um verðlag í verslunum sínum með því að vísa verðtökufólki frá Verðlagseftirliti ASÍ út úr verslunum sínum.

Í tilkynningunni segir að ætla megi að verslanirnar leiti skjóls til verðhækkana í því að útiloka fulltrúa neytenda úr verslunum sínum og gera þeim ókleift að sinna sjálfsögðu aðhalds- og upplýsingahlutverki sínu.

Bent er á að Verðlagseftirlitið gegni nú mikilvægu hlutverki við eftirfylgni með samkomulagi sem ASÍ og SA undirrituðu við framlengingu kjarasamninga þann 21. janúar síðastliðinn. Þar hafi aðilar verið sammála um að beita sér fyrir aðgerðum til lækkunar verðlags, meðal annars með aukni aðhaldi að verðhækkunum.



**MATVÖRUVERSLUN** ASÍ segir launafólki sendar kaldar kveðjur.

Jafnframt segir að með þessu séu launafólki sendar kaldar kveðjur. Á Vísi er haft eftir rekstrarstjóra Nóatúns, Bjarna Friðrikssyni, að ASÍ sinni ekki athugasemdum við villur í niðurstöðum.


DEBENHAMS
BIOTHERM
Christian Dior
CLARINS
PARIS
CLINIQUE
DEBENHAMS
snyrtivörur
EGF
Elizabeth Arden
NEW YORK
ESTĒE LAUDER
HR
JOHN FRIEDA
COLLECTION
LONDON · PARIS · NEW YORK
LANCÔME
PARIS
MAC
nails inc.
LONDON
SENSAI
Kanebo
SHISEIDO
YvesSaintLaurent
20%
AFSLÁTTUR
af snyrtivörum*
Fullt af flottum merkjum
*Gildir ekki af snyrtivörum frá Mac
AÐEINS Í DAG!
Gerðu
lífið
skemmtilegra
Opið í kvöld til 21:00
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Efnahagshorfur versnað nokkuð

**Seðlabankinn kynnti í gær nýja hagspá í tengslum við vaxtaákvörðun peningastefnunefndar bankans. Telur bankinn að horfur um hagvöxt hafi versnað nokkuð og spáir nú 2,1% hagvexti á árinu í stað 2,9%. Munar mestu um að nú er gert ráð fyrir að fjárfesting minnki á árinu.**

Seðlabanki Íslands kynnti nýja hagspá fyrir íslenskt efnahagslíf í gær samhliða vaxtaákvörðun peningastefnunefndar bankans. Telur bankinn að verulega sé að hægja á efnahagsbata íslenska hagkerfisins.

Í yfirlýsingu frá peningastefnunefnd bankans segir að nýlegar hagtölur bendi til þess að hagvöxtur í fyrra hafi verið minni en áður var talið. Þá hafi horfur um hagvöxt á þessu ári versnað frá síðustu hagspá bankans sem birt var í nóvember.

Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, sagði á fundinum í gær að hagvaxtarþróun hefði víðast hvar í Evrópu verið lakari á fjórða ársfjórðungi síðasta árs en reiknað hefði verið með. Dregið hefði úr útflutningi og þá væru heimili og fyrirtæki að draga úr eyðslu til að búa í haginn fyrir hægari gang í efnahagslífinu.

„Og við sjáum þetta gerast líka hér. Ytri skilyrðin eru að versna. Það eru verri horfur um hagvöxt, það eru verri horfur um alþjóðaviðskipti. Horfur um bæði álverð og verð sjávarafurða eru að versna og þá gerum við ráð fyrir hægari vexti í útflutningi sjávarafurða og öðrum vöruútflutningi,“ sagði Þórarinn.

Í nýju spánni er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 2,1% á þessu ári, 3,7% á því næsta og 3,9% árið 2015. Áður gerði bankinn ráð fyrir 2,9% hagvexti á þessu ári en spáin fyrir næstu ár er lítið breytt.

Í þessu samhengi munar mestu um að bankinn gerir nú ráð fyrir því að fjárfesting dragist saman um 1% í hagkerfinu á þessu ári en áður var gert ráð fyrir ríflega 5% vexti. Skýringin á þessu er meðal annarra sú að áframhaldandi framkvæmdir við álverið í Helguvík hafa enn frestast og hið sama gildir um framkvæmdir vegna orkuöflunar.

Þá er einnig gert ráð fyrir minni atvinnuvegafjárfestingu í tengslum við almennt minni umsvif í hagkerfinu. Hins vegar hafa horfur um fjárfestingu í íbúðarhúsnæði batnað nokkuð og það sama gildir um fjárfestingu hins opinbera.

Seðlabankinn gerir jafnframt ráð fyrir að einkaneysla vaxi hægar á árinu en áður var talið. Gerir bankinn nú ráð fyrir 2,5% vexti en áður var miðað við 2,9% vöxt.

Áfram er búist við því að atvinnuleysi fari jafn og þétt lækkandi og er gert ráð fyrir að það verði 4,8% að meðaltali á þessu ári.

Loks hefur Seðlabankinn breytt spá sinni um gengi krónunnar og gerir nú ráð fyrir að gengisvísitalan verði í kringum 235 stig á næstu misserum en áður var spáin í kringum 225 stig. Þýðir það að bankinn býst nú við ríflega 4% veikari krónu á næstu misserum.

magnusl@frettabladid.is



**HELGUVÍK** Seðlabankinn spáir því nú að fjárfesting í hagkerfinu dragist saman á árinu. Munar þar verulega um að bankinn sér ekki fram á áframhald á framkvæmdum við álverið í Helguvík á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Vöxtum haldið óbreyttum um sinn

Peningastefnunefnd Seðlabankans tilkynnti í gær að vöxtum bankans yrði haldið óbreyttum um sinn við reglubundna vaxtaákvörðun sína. Í máli Más Guðmundssonar seðlabankastjóra á kynningarfundi vegna ákvörðunar kom fram að horfur um hægari hagvöxt en áður var gert ráð fyrir drægju úr verðbólguþrýstingi. Hins vegar væri gengi krónunnar nú veikara en miðað hefði verið við, sem hefði áhrif í hina áttina, og því væru verðbólguhorfur svipaðar.

Ákvörðun peningastefnunefndarinnar kom ekki á óvart enda höfðu allar opinberar spár gert ráð fyrir óbreyttum vöxtum. Stýrivextir Seðlabankans eru eftir sem áður 6% en verðbólga er 4,2% sem er nokkuð yfir 2,5% verðbólgumarkmiði bankans.








**OSCAR PISTORIUS** Í uppgjörstilkynningu sinni fagnar Össur því að skjólstæðingur félagsins, Oscar Pistorius, hafi á síðasta ári orðið fyrsti aflimaði einstaklingurinn til þess að keppa á Ólympíuleikum ófatlaðra. MYND/GETTY

Össur birti í gær ársuppgjör fyrir árið 2012:

# Hagnaður Össurar jókst lítillega í fyrra

Össur hagnaðist um 38 milljónir Bandaríkjadala, jafngildi ríflega 4,8 milljarða króna, á árinu 2012. Til samanburðar var hagnaður félagsins 35 milljónir árið 2011.

Félagið birti uppgjör sitt fyrir árið 2012 í gær.



**JÓN SIGURÐSSON**

Í tilkynningu frá Össuri er haft eftir Jóni Sigurðssyni forstjóra að árið hafi gengi mjög vel á markaðssvæðum félagsins í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku. Hins vegar hafi markaðsaðstæður í Bandaríkjunum verið erfiðar.

Á árinu 2012 jókst sala Össurar um 3% sem var í takti við markmið félagsins um 2 til 3% vöxt. Heildarsala nam 399 milljónum Bandaríkjadala.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnskostnað, afskriftir og skatta var 70 milljónir Bandaríkjadala sem jafngildir 18% af sölu. Á árinu 2011 var sami mælikvarði hins vegar tæpar 73 milljónir dala.

Eins og áður sagði jókst hagnaður félagsins um 9% á milli ára en helsta ástæða þess er minni fjármagnskostnaður.

Á árinu vann Oscar Pistorius það afrek að verða fyrsti aflimaði einstaklingurinn til þess að keppa á Ólympíuleikum ófatlaðra. Árangur íþróttamanna á Ólympíuleikum fatlaðra vakti einnig verðskuldaða athygli og hefur árangur þeirra nú þegar breytt viðhorfi almennings gagnvart fötluðum.

Handbært fé frá rekstri var 18% af sölu ársins og er lausafjárstaða félagsins áfram sterk. Mun stjórn félagsins fyrir vikið leggja til að hluthöfum verði greiddur út arður á næsta aðalfundi félagsins. - mþl

## Uppgjör Marels olli vonbrigðum

Össur er fráleitt eina félagið til að skila uppgjöri þessa dagana. Þannig skilaði Marel uppgjöri sínu á þriðjudag eins og fjallað var um í Markaðnum í gær. Virðist uppgjörið hafa valdið fjárfestum nokkrum vonbrigðum því hlutabréfaverð Marels lækkaði um ríflega 4% í Kauphöllinni í gær en velta með bréf félagsins var 746 milljónir.

Fram kom í Morgunkorni greiningar Íslandsbanka í gær að EBIT-framlegð félagsins hefði verið 8,56% á árinu 2012. Það er nokkuð undir markmiðum stjórnenda félagsins sem gefið hefur verið út að séu 10 til 12%.

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á !

**TOPTUL**
THE MARK OF PROFESSIONAL TOOLS

TILBOÐ

IBTGCAZ0049

## VERKFÆRATASKA STÁL 63 STK.

Topplyklasett 1/2" 10 - 32mm
Fastir lyklar 8 - 32mm
Sexkantsett, tangir, úrrek,
skrúfjárn og slaghamar.



**39.900** m/vsk
Fullt verð 57.860

IBTGCAI094R

## TOPPLYKLA, OG BITASETT 94 STK.

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska



**16.900** m/vsk
Fullt verð 23.674

TILBOÐ

IBTGCAI130B

## TOPP, BITA OG FASTLYKLASETT 130 STK.

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska



**24.900** m/vsk
Fullt verð 37.900

TILBOÐ

IBTGCAI9601

## VERKFÆRASETT 96 STK.

1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng og fl.
Sterk plasttaska



**22.900** m/vsk
Fullt verð 37.200

**SKÓTÖNG**



9.900 kr.

**GENGJUVIÐGERÐARSETT 130 STK.**



19.900 kr.

**TOPP, BITA, OG SEXKANTSETT**



6.900 kr.

**SNITTTAPPA, OG BAKKASETT**



9.900 kr.

IBTDJAC0106

## SKRÚFSTYKKI MEÐ SNÚNING 180°

Breidd 6"
Opnun 6"



**16.900** m/vsk
Fullt verð 28.007

TILBOÐ

IBTGCAI2802

## TOPPLYKLASETT 28 STK.

1/2" 8 - 32 mm
Framlenging með LED ljósi
Sterk plasttaska



TILBOÐ

**9.900** m/vsk
Fullt verð 14.900




vnr. IBTGT-28305

## 283 STK - VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

7 Skúffur
1/4", 3/8" og 1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett, slaghamar,
splittatangir, tangir, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás





**179.900** m/vsk
Fullt verð 231.490

www.sindri.is / sími 575 0000

**SINDRI**

Viðarhöfða 6 - Reykjavík     Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

Verslun
Ármúla 26

522 3000

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# ÚTSALA ÚTSALA



TX-P50UT50

Útsöluverð:
**199.995**
**29% AFSL.**
Verð áður:
279.995

### 50" Panasonic 3D Plasma FHD

Glæsilegt 50" 3D plasma sjónvarp frá Panasonic. 2000 riða Sub-field drive endurnýjunartíðni, VIERA link, nettengjanlegt með LAN. Aðeins 0,001 ms svartími.



47LM620

Útsöluverð:
**249.995**
**140 ÞÚS. KR. AFSL.**
Verð áður:
389.995

### LG 47" 3D LED sjónvarp

Full HD 1920x1080p með TruMotion 400Hz MCI. SmartTV. Innbyggður S2 gervihnattamóttakari. DivX HD afspilun af USB. Home Dashboard valmynd ásamt DLNA-tengingu. 4 HDMI, 3 USB-tengi og snúningsfótur.



40LV933G

Útsöluverð:
**99.995**
**23% AFSL.**
Verð áður:
129.995

### 40" TOSHIBA FULL HD LCD

Toshiba LV933 er ódýr kostur fyrir Full HD-tæki. Þetta er LCD-tæki með stafrænum móttakara og USB-tengi fyrir afspilun á hljóð- og myndaskrám.

# ÚTSÖLUNNI LÝK

# KOMDU NÚNA OG TRYGG

### HTC Explorer Black

Android Gingerbread, 3.2MP myndavél, FM-útvarp



Vnr. 10030745

Útsöluverð:
**15.995**
**43% AFSL.**
Verð áður:
27.995

### IMATION APOLLO 2,5" 500GB

Notar rafmagn um USB-tengið, engin aukasnúra. USB 3.0 fyrir enn hraðari gagnaflutning, styður einnig 2.0. TotalMedia Backup forrit fylgir. Win & Mac.



I28635

Útsöluverð:
**11.995**
**20% AFSL.**
Verð áður:14.995

### Salora DVD ferðaspilari

Með USB. Spilar DVD, DVDR(W), CD, CDR(W), MP3, JPEG, MPEG4. MMC/SD kortalesari. Allir kaplar og taska fylgir með.



4541

Útsöluverð:
**14.995**
**25% AFSL.**
Verð áður:
19.995



10045269

Útsöluverð:
**59.995**
**40% AFSL.**
Verð áður:
99.995

### Motorola Razr Maxx

Hraður og öflugur snjallsími með einni stærstu rafhlöðu sem þekkist í bransanum eða 3300 mAH. Uppfæranlegur í Android JellyBean.

INSPIRONN5520-02



Útsöluverð:
**99.995**
**33% AFSL.**
Verð áður:
149.995

### Dell Inspiron 15R (5520)

Flott 15,6" fartölva með i3 örgjörva frá Intel, 4GB vinnsluminni og 500GB hörðum disk.



75000030835

Útsöluverð:
**64.995**
**24% AFSL.**
Verð áður:
85.995

### TDK PLÖTUSPILARI MEÐ USB

Er bæði með venjulegu RCA-tengi fyrir magnara ásamt USB-tengi til að tengja beint við tölvu. Upptökuforrit fyrir Windows sem breytir hliðræna hljóðinu í stafræna hljóðskrá fylgir með.

ÚTSALA ÚTSA

# ÚTSALA



32AV934G

**Útsöluverð: 69.995**
**30% AFSL.**
Verð áður: 99.995

## 32" Toshiba HDR LCD

Einfalt og smart 32" hvítt LCD-sjónvarp. USB-afspilun sem styður AVI, MPEG1, MKV, JPEG o.fl.

**Útsöluverð: 89.995**
**Frábært verð**
Verð áður: 119.995



TX-L32X5E

## 32" LED Panasonic HD Ready

Fallegt 32" Panasonic tæki með IPS-LED-skjá og VIERA-tækni. Innbyggður margmiðlunarspilari sem spilar efni beint af USB-tengi. Frábær myndgæði með 178° sjónhorni.



RS500BL

**Útsöluverð: 59.995**
**14% AFSL.**
Verð áður: 69.995

## Yamaha steríómagnari

Glæsilegur hágæða 150 watta steríómagnari frá Yamaha með innbyggðu FM-útvarpi. iPod Dock-tengi að aftan, heyrnartólatengi ásamt sértengi fyrir bassabox.

## Yamaha heimabíómagnari

Frábær heimabíómagnari með útvarpi. Fjögur HDMI-tengi inn og eitt út. USB-tengi að framan fyrir iPod/iPhone. Spilar einnig beint af USB-disk eða lykli. 5.1 rása 100W á rás.

**Útsöluverð: 59.995**
**10 ÞÚS. KR. AFSLÁTTUR**
Verð áður: 69.995



RXV373BL

# ...UR UM HELGINA

# ...GÐU ÞÉR FRÁBÆR KAUP

**Allt að 80% afsláttur**

CON-1600



## Contour Roam sport-myndavél

Sáraeinföld í notkun. Einn og sami takkinn kveikir á vélinni og setur beint á upptöku sem gerir alla notkun mjög þægilega. Hámarks myndgæði með lágmarks röskun.

**Útsöluverð: 27.995**
**19 ÞÚS. KR. AFSLÁTTUR**
Verð áður: 46.995

BP325



**NÝ VARA frábært verð**
**Verð: 24.995**

## LG Blu-ray spilari

LG Blu-ray spilari með 3D, SMART TV function, USB afspilun, instant tray open.

GALAXYPLAYER42



**Útsöluverð: 22.995**
**30% AFSL.**
Verð áður: 32.995

## Samsung Galaxy Player

Frábær græja til að skoða internetið, spila tónlist, leiki og bíómyndir eða bara til að vafra um óendanleika Android veraldarinnar en þetta tæki, sem ekki er sími, býður uppá flesta aðra kosti hinnar margrómuðu Galaxy-línu frá Samsung.

## PC lyklaborð, USB með íslenskum stöfum

Vnr. MT122KU-IS



**Útsöluverð: 795**
**60% AFSL.**
Verð áður: 1.995

## Tölvumús, USB Plano

Til í ýmsum litum
MT10910



**Útsöluverð: 595**
**60%**
Verð áður: 1.295

ÚTSALA

Hátækni

VR kynnir jafnlaunavottun:

# Tækifæri til að láta verkin tala

Jafnlaunavottunin, sem stéttarfélagið VR kynnti í fyrradag, er mikilvægt skref í átt til þess að uppræta launamun kynjanna. Þetta er gott framtak hjá félaginu, sem lengi hefur barizt fyrir því sjálfsagða réttlætismáli að karlar og konur fái sömu laun fyrir jafnverðmæt störf.

Jafnlaunavottun hefur verið býsna lengi í umræðunni. Árni Magnússon, þáverandi félagsmálaráðherra, varpaði því fram fyrir átta árum að óháð vottun á því að fyrirtæki greiddu körlum og konum sömu laun væri sterkt vopn gegn launamuninum. Talsvert var unnið í málinu árin 2005 til 2008 en svo var það lengi í hægagangi.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Eftir mikið vafstur kom Staðlaráð Íslands loksins saman opinberum jafnlaunastaðli seint á síðasta ári. Það var út af fyrir sig heilmikill áfangi. Staðallinn er hins vegar lítils virði nema fyrirtæki og stofnanir geti fengið aðstoð við að innleiða hann og óháða vottun á að þau standist kröfur hans. VR hefur tekið að sér að vera milliliður um þetta og kemur fyrirtækjum sem leita til félagsins í samband við British Standards Institution (BSI) á Íslandi, viðurkennt vottunarfyrirtæki.

Mikilvægi vottunar af þessu tagi er margþætt. Tilvist hennar þýðir að ábyrgðin á því að uppræta launamuninn er sett í fangið á fyrirtækjum og stofnunum, þar sem hún á heima. Það er ekki síður ástæða til þess að opinberar stofnanir sækist eftir vottuninni en einkafyrirtæki, enda sýna launakannanir að launamunurinn er ekki síður vandamál hjá hinu opinbera en einkageiranum, jafnvel frekar í seinni tíð.

Með jafnlaunavottuninni fá líka vinnuveitendur sem vilja gera vel kærkomið tæki í hendurnar til að taka út launakerfið hjá sér. Til að geta tekið upp jafnlaunastaðalinn þurfa fyrirtæki að móta launastefnu, ákveða launaviðmið, flokka störf samkvæmt opinberri starfaflokkun og gera kerfisbundna launagreiningu.

Þannig hefur jafnlaunavottunin í för með sér einhverja fyrirhöfn og kostnað fyrir fyrirtækin en á móti ætti hún að veita þeim samkeppnisforskot. Hæfasta starfsfólkið, ekki sízt vel menntaðar konur sem streyma nú út úr háskólum landsins, er líklegra til að vinna hjá fyrirtækjum sem mismuna starfsmönnum ekki eftir kyni. Neytendur eru sömuleiðis líklegri til að vilja skipta við slík fyrirtæki en þau sem láta sig jafnréttið litlu skipta.

Gera verður ráð fyrir að stéttarfélögin, til dæmis VR, sjái um að veita fyrirtækjum og stofnunum það aðhald sem þau þurfa. Eftir nokkur misseri þarf VR til dæmis ekki lengur að láta duga að vekja athygli á launamuninum í sjónvarpsauglýsingum, félagið getur birt lista yfir fyrirtækin sem hafa tekið til hjá sér og fengið jafnlaunavottun.

Launamunur kynjanna, margstaðfestur með margvíslegum könnunum, er smánarblettur á íslenzku samfélagi. Nú hafa þeir sem hingað til hafa sagzt vilja uppræta hann fengið í hendur tæki til að láta aðgerðir fylgja orðum og láta verkin tala.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

# Aðalfundur

Aðalfundur **Hestamannafélagsins Kjóavöllum** verður haldinn 14.02. 2013 kl. 20.00 í veislusal reiðhallarinnar í Glaðheimum. Dagskrá er eftirfarandi sbr. 7. gr. laga félagsins:

1. **Kosning fundarstjóra og fundarritara.**
2. **Skýrsla um störf félagsins á árinu lögð fram og kynnt.**
3. **Reikningar félagsins skýrðir og lagðir fram til samþykktar.**
4. **Kosning stjórnar.**
5. **Kosning endurskoðenda/skoðunarmanna.**
6. **Tilnefningar í nefndir.**
7. **Fjárhagsáætlun lögð fram.**
8. **Ný lög fyrir félagið lögð fram til samþykktar.**
9. **Kosning um nafn félagsins.**
10. **Önnur mál, sem félagið varðar.**

Mjög mikilvægt er að félagsmenn mæti þar sem á fundinum verður fjallað um atriði sem varða framtíð félagsins.

*Stjórn Hestamannafélagsins Kjóavöllum.*

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ha?

Árni Páll Árnason ætlar ekki að setjast í ríkisstjórn þótt hann sé orðinn formaður Samfylkingarinnar. Líklega finnst honum óskynsamlegt að hringla mikið í ráðherraliðinu örfáum vikum fyrir kosningar, enda nefnir hann mikilvægi stjórnfestu sem aðra meginástæðu ákvörðunarinnar. Hina ástæðuna segir hann vera „þá nauðsyn að finna fyrirheitinu um ný vinnubrögð og hreinskiptin stjórnmál farveg í verkum Samfylkingarinnar við landsstjórnina“. Getur einhver útskýrt hvað þetta þýðir og hvernig það tengist þessari ákvörðun? Ætli Árni Páll geti það sjálfur?

### Skuggastjórnandinn

Engu að síður má kannski líta á Árna Pál sem einhvers konar skuggaforsætisráðherra fram að kosningum, enda segist hann munu leiða stefnumörkunarvinnu þess flokks sem leiðir ríkisstjórnina. Varla verða margar risavaxnar ákvarðanir teknar af hálfu Samfylkingarinnar á vettvangi ríkisstjórnarinnar án þess að þær hafi hlotið blessun formannsins.





### Tvö nýjustu dæmin

Þessi staða er óvenjuleg – að formaður stjórnarflokks gegni ekki ráðherraembætti. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hætti sem ráðherra í mars 2009 en var þó formaður í Samfylkingunni að nafninu til í tuttugu daga. Þar á undan reiknast mönnum til að leita þurfi 22 ár aftur í tímann – til vormánaða ársins 1991 – eftir næsta dæmi. Þá var Davíð Oddsson formaður Sjálfstæðisflokksins í hálfan annan mánuð fram að kosningum og var ekki ráðherra á meðan.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Kynfrelsi, ofbeldi og Hæstiréttur

DÓMSMÁL



**Steinunn Rögnvaldsdóttir**
talskona Femínistafélags Íslands

Nýfallinn dómur Hæstaréttar nr. 521/2012 hefur vakið hörð viðbrögð. Í dómnum sýkna fjórir hæstaréttardómarar sakborninga af ákæru um kynferðisbrot. Málsatvik eru þau að auk þess að beita margvíslegum barsmíðum og ofbeldi tróð ofbeldismaðurinn fingrum upp í endaþarm og leggöng þolanda. Meirihluti Hæstaréttar komst að þeirri niðurstöðu að athæfið teldist ekki kynferðisbrot þar sem ásetningur geranda hefði verið að meiða þolanda, en ekki af kynferðislegum toga.

Þessum skilningi dómaranna hefur verið mótmælt. Vísað hefur verið í skilning alþjóðasamfélagsins á nauðgunum í stríði sem kynferðisofbeldi, þar sem ætlunin er sannarlega að meiða, en ekki fá útrás fyrir greddu. Bent hefur verið á að ekki er dæmt eftir og í anda laga sem varða brot á kynfrelsi fólks og að skilgreining á kynferðisofbeldi getur ekki grundvallast á því hvort gerandi hafi kynferðislega nautn af verknaðinum. Hér var brotið á kynfrelsi þolanda en kynfrelsi er frelsi hverrar manneskju til að ákveða hvort hún vill taka þátt í kynferðislegum athöfnum.

Brot á kynfrelsi skilgreinir kynferðisafbrot. Almenningur hefur tileinkað sér þennan skilning á kynferðisbrotum og

**➜ Hér var brotið á kynfrelsi þolanda, en kynfrelsi er frelsi hverrar manneskju til að ákveða hvort hún vill taka þátt í kynferðislegum athöfnum.**

þess vegna er ekki skrítið hve hörð viðbrögð almennings hafa verið við dómi Hæstaréttar. Að auki bætist við tilfinning um valdaleysi.

Gagnrýni á dómskerfið í kynferðisafbrotamálum er ekki ný, hún er sagan endalausa. Við hljótum að velta fyrir okkur hvað stendur í vegi fyrir því að lög sem eru afrakstur áratuga langrar kvenfrelsisbaráttu og sýna skýran vilja löggjafans til að verja kynfrelsi virðast ekki skipta ofangreinda hæstaréttardómara máli.

Femínistafélag Íslands harmar dóm Hæstaréttar og lýsir yfir stuðningi við baráttufólk fyrir kynfrelsi og gegn kynferðisofbeldi sem hefur gagnrýnt dóminn. Femínistafélagið stendur fyrir opnum fundi fimmtudaginn 14. febrúar að kvennaheimilinu Hallveigarstöðum um dóm Hæstaréttar og vernd kynfrelsis. Dómarar Hæstaréttar eru sérstaklega hvattir til að mæta.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Misskilinn óskapnaður

Í DAG
Jón Ormur Halldórsson
dósent



Norður-Kórea hótar nú nágrönnum sínum og minnir á það hvers vegna þetta furðulega ríki hefur lengi verið kallað hættulegasti staður í heimi. Ógnarstjórn ríkir yfir algerri fátækt en hefur þó mátt til þess að valda miklum óskunda í fjölmennum heimshluta. Að ekki sé minnst á þær ótrúlegu þjáningar sem hún veldur heima fyrir. Fangabúðir landsins eru með verstu stöðum á jörðinni og frelsið utan þeirra lítið.

**Ráðgátur**

Norður-Kórea hefur lengi verið mönnum ráðgáta. Það er ekki bara vegna erfiðleika við að afla upplýsinga frá þessu lokaða landi, heldur líka vegna þess að ráðamenn virðast sífellt taka ákvarðanir sem á venjulega mælikvarða koma sér illa fyrir þá sjálfa. Það er ekki aðeins að þeir hafni augljósum aðferðum við að gera landið ríkara heldur einangra þeir sig æ meira með því að reyna á þolrif Kína, eina ríkisins sem reynir að hlífa þeim. Þar er önnur ráðgáta. Hvers vegna gefast Kínverjar ekki upp á þessari skelfilegu stjórn?

**Röng merking**

Algeng svör við báðum þessum spurningum byggja á misskilningi á eðli stjórnarinnar í N-Kóreu. Menn segja að landinu sé stjórnað af kommúnistum sem komi í veg fyrir hagvöxt og að Kína hafi pólitíska samúð með N-Kóreu. Hvort tveggja er alrangt. Það er augljós rökvilla að kommúnismi leiði til eymdar í N-Kóreu en mesta hagvaxtar í heimi í Kína. Þekking á kommúnisma hjálpar heldur engum til að skilja furðuheima stjórnarinnar í N-Kóreu. Stjórnin í Peking hefur líka núorðið lítið með þau fræði að gera.

**Þjóðernishyggja og einangrun**

Á sínum tíma kenndi valdaklíkan í Pyongyang sig raunar við kommúnisma. Þetta er löngu liðin tíð enda snerust tengslin mest um pólitíska hentugleika á þeim tíma. Hugmyndafræði valdamanna hefur alla tíð byggt á róttækri þjóðernishyggju sem hafnar algerlega alþjóðahyggju marxismans. Hugtökin hægri og vinstri verða fljótt merkingarlaus í heimi þjóðernishyggjunnar, hvað þá í furðuheimum algerra einangrunarsinna. Þarna er það þjóðernið sjálft og svo her landsins sem eru algerlega til miðju, ekki stéttaátök og alþýða. Þetta skiptir máli og skýrir margt.

**Sjálfstætt fólk**

Heimur ráðamanna byggir á rasisma og útlendingahatri. Af þessu leiðir einhver sterkasta einangrunarhyggja sem finnst í nútímanum. Veröldin skiptist í hreina og göfuga Kóreumenn og óæðri útlendinga sem jafnan sitja á svikráðum við Kóreu. Suður-Kóreumenn eru sama þjóðin en þeir eru sagðir líða fyrir mengandi áhrif útlendinga sem eru sögð magnast með blóðblöndun við Bandaríkjamenn og aðrar óþjóðir. Stjórnvöld segja að Kóreumönnum muni þá einungis vegna vel ef þeir forðast sem allra mest náin samskipti við umheiminn. Lausnarorðin eru sjálfsþurftarbúskapur og algert sjálfstæði frá útlöndum. Kjarnorkusprengjum er ætlað að tryggja fortakslaust sjálfstæði.

**Leið út**

Þetta skýrir hvers vegna valdaklíkan í N-Kóreu hefur ekki reynt að auðgast með sama hætti og einræðisstjórnir Asíu gerðu um langa hríð. Þær efnuðust með því að selja útlendum fyrirtækjum aðgang að ódýru vinnuafli heimamanna. Þetta kom af stað hagvexti en leiddi líka til krafna um nýja stjórnarhætti. Kínverjar hafa í áratugi reynt að lokka stjórn N-Kóreu til að fara þessa leið, sem gæti lagað hroðalegt efnahagsástand í landinu. Síðasti Kim var leiddur í gegnum verksmiðju eftir verksmiðju í Kína og honum sagt að þarna lægju lyklarnir að gullinni framtíð. Athafnamenn frá S-Kóreu reyndu það sama.

En fátt gerðist. Þegar nýr Kim tók við völdum fyrir ári vöknuðu aftur vonir. Margir telja raunar að ekki sé útséð um að hinn ungi Kim feti sig inn á braut ábatasamra alþjóðaviðskipta eftir að friða harðlínumenn með hótunum við útlendinga. En hugmyndafræðin sem helgar líf stjórnarinnar meinar stór skref í þeim efnum.

**Vandi Kína**

Í Kína er deilt um stefnuna gagnvart N-Kóreu. Sumir áhrifamenn telja að Kína eigi að snúa bakinu við ættarveldinu í Pyongyang og finna leiðir til að lágmarka kostnaðinn af hruni N-Kóreu. Aðrir vilja halda áfram að hlífa stjórninni og það af tveimur ástæðum. Ein er að koma í veg fyrir óstöðugleika við landamæri Kína. Hin að halda N-Kóreu sem eins konar stuðara á milli Kína og áhrifasvæðis Bandaríkjanna. Kínverjum finnst nóg um að hafa bandarískan her í S-Kóreu og Japan og vilja ekki láta þrengja frekar að sér.

**Venjulegt fólk**

Trúir almenningur í N-Kóreu tröllasögum ráðamanna um yfirburði þjóðarinnar, umsátur útlendinga og kraftaverk leiðtoganna? Það vita menn ekki. Áróðurinn virkar undarlega heimskulegur en það gerir þjóðernisáróður líka alltaf á þá sem utan standa. Sagan sýnir þó að fyrir fáu eru menn eins ginnkeyptir og áróðri um yfirburði eigin þjóðar og landlæga sviksemi útlendinga. Stjórninni stafar hins vegar hætta af vaxandi útbreiðslu mynddiska frá S-Kóreu. Menn horfa á velsældina sunnan megin í ömurlegum vistarverum og sjá hvers Kóreumenn eru megnugir. Og það er ekki lítið. S-Kórea er eitt af þróuðustu ríkjum heims. Landamærin rétt fyrir norðan Sól, þá risavöxnu og mögnuðu borg, virka eins ótrúleg og múrinn gerði í Berlín.

Það er augljós rökvilla að kommúnismi leiði til eymdar í N-Kóreu en mesta hagvaxtar í heimi í Kína. Þekking á kommúnisma hjálpar heldur engum til að skilja furðuheima stjórnarinnar í N-Kóreu. Stjórnin í Peking hefur líka núorðið lítið með þau fræði að gera.




Munið að skila
launamiðunum!
Síðasti dagur
rafrænna skila er
10. febrúar

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

rsk@rsk.is
442 1000
Þjónustuver 9:30-15:30

# Leiðir persónukjör til spillingar?

**NÝ STJÓRNARSKRÁ**



**Þorkell Helgason**
fv. fulltrúi í stjórnlagaráði

Í umræðu um stjórnarskrárfrumvarpið er því iðulega haldið fram að rannsóknir sýni að hætta geti verið á meiri spillingu með auknu vægi persónukjörs. Þetta endurspeglast m.a. í Kögunarhólspistli hér í blaðinu 26. janúar sl. undir þeirri afdráttarlausu millifyrirsögn „Meiri spilling“.

Eru þetta einhlítar niðurstöður og traustar rannsóknir? Að mati undirritaðs er svarið nei. Þvert á móti benda vandaðar rannsóknir fremur til þess að þar sem er persónukjör sé spilling minni en ella, þvert á fullyrðingar hér innanlands. Þetta er rökstutt í erindi til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis sem finna má á vefsíðunni http://thorkellhelgason.is/?p=1844 en niðurstaðan er reifuð í þessari blaðagrein.

## Hæpin tölfræði

Í fræðimannaumræðunni er einkum vísað í grein eftir stjórnmálafræðingana Eric C.C. Chang og Miriam A. Golden með heitinu „Electoral Systems, District Magnitude and Corruption“ til sönnunar fullyrðingunni um samhengi persónukjörs. Í upphafi greinarinnar viðurkenna höfundar að vísu að fyrri rannsóknir hafi bent til þess að þessu sé öfugt farið, að saman fari spilling og raðaðir listar, þ.e.a.s. án persónukjörs. En umrædda fræðimenn fýsir að komast að hinu gagnstæða, þ.e.a.s. að þeirri niðurstöðu sem hampað er hérlendis. Til þess beita þeir tölfræði á safn rúmlega fjörutíu meintra lýðræðisríkja. Mælikvarði á spillingu sem þeir nota er frá samtökunum Transparency International. Hann er ekki einskorðaður við spillingu í stjórnmálum einum heldur líka og ekki síður í viðskiptalífinu, en skárri alþjóðlegan mælikvarða finna þeir ekki. Því má skjóta inn í að spilling á Íslandi var á þessum sama mælikvarða talin ein hin minnsta í heimi allt fram að hruni, á góðu árunum svokölluðu!

Tölfræðin hjá Chang og Golden er bágborin enda eru örfá tilfelli í hverjum hópi umræddra ríkja þegar búið er að skipta þeim eftir stigi persónukjörs og flokka síðan eftir kjördæmastærð. En sé greinin engu að síður tekin alvarlega getur hún engan veginn talist sönnun þeirrar fullyrðingar að persónukjör bjóði upp á spillingu. Niðurstaðan er öndverð: Að það sé minni spilling þar sem saman fer persónukjör en þar sem listar eru raðaðir og lítt breytanlegir, a.m.k. svo lengi sem kjördæmi eru skaplegrar stærðar.

## Bitastæðari fræðimennska

Sænski hagfræðinginn Torsten Persson og ítalskur kollegi hans, Guido Tabellini, hafa gert mun vandaðri greiningu á fyrirbærinu spilling og persónukjör en fyrrgreindir Cheng og Golden. Þetta kemur fram í bók þeirra The Economic Effects of Constitutions (MIT-Press, 2005). Hagfræðingarnir hafa fleiri ríki undir og gera ítarlegri greinarmun á ríkjunum eftir lýðræðislegum þroska þeirra.

Þeir Persson og Tabellini komast að þeirri meginniðurstöðu að þar sem kjósendur velja einstaklinga sé spilling minni en þar sem þeir merkja við lokaða flokkslista. Þeir tala meira að segja um fimmtungi minni spillingu þar sem allir þingmenn eru valdir persónukjöri í samanburði við hinar öfgarnar, allir valdir af lokuðum listum. Þorvaldur Gylfason fer ítarlega yfir niðurstöður Perssons og Tabellinis í nýlegu Dv-bloggi.

## Persónukjör í hófi

Upprunalegar tillögur stjórnlagaráðs um persónukjör fela í sér að allir listar skuli vera óraðaðir í raun, þ.e.a.s. alfarið persónukjör. Þetta hefur sætt gagnrýni fyrir það að of langt sé gengið. Nú hefur meirihluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis brugðist við og lagt til að farið verði hægar í sakirnar. Meginbreyting nefndarinnar er sú að flokkarnir geti sjálfir ákveðið hvort listar þeirra teljist raðaðir eða óraðaðir. Þannig geta flokkar sem vilja treysta á eigin prófkjör haldið sig við raðaða lista um leið og aðrir flokkar kunna að leyfa kjósendum sínum að velja frambjóðendur af hlaðborði í kjörklefanum. Svipað valfrelsi hefur verið í Danmörku í rúman aldarfjórðung. Fyrst voru flestir listar raðaðir en nú hefur þetta snúist við. Breytingartillagan ætti að geta orðið til sátta og ber að fagna henni þó ekki væri nema af þeirri ástæðu.

**→ Allt orkar tvímælis þá er gert er, líka það að innleiða virkt persónukjör. En hverjir eru þess umkomnir að segja hvað sé þjóðinni fyrir bestu? Eru það fræðimenn eða fólkið sjálft og kjörnir fulltrúar þess?**

## Hver dæmir?

Umsagnir fræðimanna geta vissulega leitt til endurbóta á stjórnarskrárfrumvarpinu. En fræðimenn mega ekki vera með einhliða hræðsluáróður þar sem máli virðist í sumum tilvikum mjög vera hallað.

Allt orkar tvímælis þá er gert er, líka það að innleiða virkt persónukjör. En hverjir eru þess umkomnir að segja hvað sé þjóðinni fyrir bestu? Eru það fræðimenn eða fólkið sjálft og kjörnir fulltrúar þess? Er það fræðimanna að hafa vit fyrir 78% íslenskra kjósenda, þeim sem tóku afstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október sl. og lýstu yfir stuðningi við þá nýbreytni að fá að velja sér þingmenn við kjörborðið?

Athugið!
Næsti umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2013

Tækniþróunarsjóður
Styrkir til nýsköpunar

- Tækniþróunarsjóður heyrir undir atvinnu- og nýsköpunarráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 75/2007 um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.
- Tækniþróunarsjóður fjármagnar nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs.
- Sjóðurinn styrkir nýsköpunarverkefni sem geta aukið samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.
- Umsækjendur geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar.
- Forsenda fyrir aðkomu sjóðsins er að fyrir liggi vel mótuð hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan ávinning sem þróun viðkomandi verkefnis getur leitt til.

**Nánari upplýsingar um sjóðinn eru á www.rannis.is**

Tækniþróunarsjóður
ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ
rannís
HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# Lance Armstrong og ÍSÍ

**LYFJAEFTIRLIT**



**Birgir Guðjónsson**
læknir

Forseti ÍSÍ segir á vefsíðu Vísis 14. janúar að lyfjaeftirlit hér sé í góðum höndum, sem svar við grein minni í Fréttablaðinu sama dag. Ég er því ósammála og hef litla trú á lyfjaeftirliti sem möglunarlaust hlýðir afskiptasamri forystu.

Lance Armstrong hefur nú viðurkennt langvarandi lyfjamisnotkun. Alþjóðahjólreiðasambandinu hefur verið hótað brottvísun frá Ólympíuleikum ef grunur um stuðning sambandsins við hann sannast. Íþrótta- og Ólympíunefnd Íslands gæti verið í sömu hættu. Árið 2001 benti ég á íhlutun forystu ÍSÍ í lyfjamál og brot á alþjóðareglum. Ég veit ekki um endurbætur og tel sjálfsagt að rifja upp.

Lyf eru sett á bannlista þegar þau hafa verið misnotuð til að auka árangur í keppni. Flest þessi lyf getur þurft að nota í lækningaskyni. Á listanum eru m.a. hjartalyf og insúlín. Undanþágu er hægt að fá til notkunar lyfja, jafnvel testósteróns og amfetamíns, ef ítarlegar upplýsingar um sjúkdóm eru settar fram í umsókn og teknar til greina af viðkomandi læknanefnd. Astmalyf voru sett á listann 1993 en allt að 80% íþróttamanna á Ólympíuleikum þóttust þurfa þau, sem er ekki trúlegt.

Í febrúar árið 2001 fannst hér astmalyf í sýni einstaklings sem við sýnistöku hafði neitað töku allra lyfja og ekki beðið um undanþágu. Við þessu var tveggja ára keppnisbann eins og á öðrum lyfjum en ákvæði um astmalyf voru sérstaklega FEITLETRUÐ í reglum Alþjóðasérsambandsins.

## Áfrýjun árangurslaus

Á þeim tíma (en ekki lengur) var hægt að fá mildun dóms ef sannfærandi gögn væru síðar lögð fram, en það var aldrei án refsingar. Samvinna náðist ekki og því kært til Lyfjadómstóls. Eftir álit bæði þáv. og núv. forseta ÍSÍ, sem og fleiri, var sýknað og áfrýjun varð árangurslaus. Þetta fyllti mælinn í endurteknum afskiptum og undirritaður taldi sig knúinn til afsagnar með bréfi til íþróttahreyfingarinnar dags. 11. júlí 2001 með ítarlegum skýringum. Síðar sagði annar reynslumikill nefndarmaður af sér. Þetta varð frétt og varaforseti hóf blaðaskrif og ásakaði mig um vanþekkingu.

Í afsögn minni benti ég á hvernig þáverandi forseti (og fl.) blandaði sér í fyrsta sinn í lyfjadómsmál. Hann hafnar því í grein í Mbl. 14. ágúst 2001. Óbein viðurkenning kemur hins vegar fram í 3. málsgrein bókunar hans á fundi framkvæmdastjórnar 16. ágúst 2001. Þar segir að hann hafi í „almennum umræðum“ leyft sér að hafa skoðun á því „að gera þurfi greinarmun í kröfugerð og viðurlögum, þegar um er að ræða annars vegar íþróttafólk sem staðið er að því að neyta lyfja, beinlínis til að bæta árangur sinn með óheiðarlegum hætti, eða hins vegar þegar um er ræða íþróttamann eða konu, sem tekur lyf eins og astmalyf vegna sjúkdóms að læknisráði.“ Þetta ítrekaði hann hátt og skýrt. Tveir stjórnarmenn tóku undir. Stjórnarmaður hefur viðurkennt að það hafi verið „hiti“ í umræðum. Sá hiti barst til Heilbrigðisráðs og nefndarmaður man vel þrýsting til að ákæra ekki sem þýddi þöggun sem nokkrir nefndarmenn vildu hlýða. Samt var kært, en undrun allra var mikil þegar dómstóllinn sýknaði.

Í 6. málsgrein fyrrnefndrar bókunar þáv. forseta kemur fram að hann hafi ætlað sér einum samkvæmt „samkomulagi“ að tjá sig um niðurstöðu dómsins. Viðbrögð hans koma vel fram þegar ég upplýsti að ég yrði við ósk fréttamanns um viðtal.

**→ Tímabært hlýtur að vera að grannskoða starfið og athuga hversu mörg mál hafa verið þögguð niður eða dómum hagrætt í samræmi við „vel heppnaða“ fyrri starfshætti.**

## Sannleiksástin víkur

Í fundargerð framkvæmdastjórnar 16. maí 2001 undir forystu þáverandi varaforseta kemur fram að ég sé óánægður með dóma í fjórum málum og segi frá áfrýjunarmöguleikum. Kemur fram að eðlilegt sé að hafa þá „samráð“ við forystu ÍSÍ. Í reglum Heilbrigðisráðs var skýrt tekið fram að það gæti áfrýjað sem var gert. Í fundargerð 21. júní er bókað að forseti harmi að ekki hafi verið haft samráð við forystu ÍSÍ eins og „samþykkt“ hafi verið! Vilja þáverandi forseti og skýra betur „enga íhlutun“?

Þáttur þáv. formanns viðkomandi sérsambands og núverandi formanns ÍSÍ hefur ekki áður verið skýrt settur fram en hann lýsti strax óánægju þegar honum var skýrt frá þremur málum skjólstæðinga sinna en sérstaklega aðalmálinu en afstaða hans til lyfjaeftirlits var þekkt frá 1999.

Í grein í Mbl. 20. apríl 2002 heldur Lyfjadómstóll ÍSÍ því fram að aðeins undirritaður og talsmenn ákærðu hafi haft áhrif á störf eða niðurstöðu dómsins. Þar víkur sannleiksástin. Eins og ég segi í grein í Mbl. 23. apríl 2002: „Í upphafi dómhaldsins leyfði dómforseti lögfræðingi að ávarpa réttinn þó sá ætti ekki aðild að málinu.“ Þetta var þrumuræða núverandi forseta ÍSÍ gegn ákæru.

Stjórnvöld eru endanlega ábyrg fyrir lyfjafræðslu og eftirliti innan síns lands. Stjórnvöld hér veita nú um 12 milljónir árlega til ÍSÍ til lyfjaeftirlits og fræðslu þ.e. um 140 milljónir frá ofannefndum tíma. Tímabært hlýtur að vera að grannskoða starfið og athuga hversu mörg mál hafa verið þögguð niður eða dómum hagrætt í samræmi við „vel heppnaða“ fyrri starfshætti.

Ég hélt áfram starfi í Læknanefnd Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins og fjallaði m.a. um hundruð undanþágubeiðna. Mér var falið að skrifa bókarkafla og tímaritsgrein um lyfjamál. Þessari vanþekkingu minni var síðar dreift til 212 aðildarlanda sambandsins. Fv. varaforseti á mikið verk fyrir höndum að leiðrétta.

*Höfundur er sérfræðingur í lyflækningum, fv. varastjórnarmaður ÍSÍ, fv. formaður Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ, fv. formaður Laganefndar ÍSÍ, fv. formaður Læknaráðs Ólympíunefndar Íslands, fv. formaður Heilbrigðisráðs Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands.*

Vissir þú að...
Foreldrum og yfirvöldum ber að tryggja öryggi barna
Barnaheill
Save the Children á Íslandi


FULL BÚÐ
AF NÝJUM VÖRUM
Kertastjaki
3.890
VERÐ FRÁ
1.990
KERTALUKTIR
6.990
Myndir
VEGGSKRAUT
SPEGLAR VERÐ FRÁ
5.690
SKÁPAR
VERÐ FRÁ
34.900
FALLEG MATARSTELL
MARGAR GERÐIR
KASSAR OG SKRÍN
the PIER
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880




# Framtíðaröryggi þjóðarinnar

ÖRYGGI



**Sigurður Ingi Jóhannsson**
alþingismaður

**➜ Í stað þeirrar umræðu sem ævinlega skilar þeirri niðurstöðu um að allir eru sammála um nauðsyn úrbóta ættum við kannski frekar að spyrja okkur af hverju það gerist aldrei neitt.**

Reglulega yfir vetrartímann kemur óveður á Íslandi með tilheyrandi vandræðum í samgöngum og samskiptum milli svæða. Fyrir nokkrum vikum gekk slíkt veður yfir vestanvert landið – langsamlega verst á Vestfjörðum – og afhjúpaði veikleika í samfélagi okkar. Þeir veikleikar áttu reyndar ekki að koma nokkrum á óvart. Það hefur verið umræða um það í langan tíma að raforkukerfið, fjarskiptakerfið og samgöngukerfið væru illa stödd á Vestfjörðum. Það sama má segja um Norðausturland, stóran hluta Austfjarða, um dreifbýlið frá Markarfljóti austur að Hornafirði og litlu skárra er ástandið á Snæfellsnesi, í Húnavatnssýslunum og öðru dreifbýli á Íslandi. Í kjölfar slíks óveðurs er gjarnan tekin umræða á Alþingi um bráðaúrlausnir.

Í stað þeirrar umræðu, sem ævinlega skilar þeirri niðurstöðu um að allir eru sammála um nauðsyn úrbóta, ættum við kannski frekar að spyrja okkur af hverju það gerist aldrei neitt.

**Raforkuöryggi**

Þrátt fyrir afsakanir um erfitt efnahagsástand síðastliðin fjögur ár hefur í orði verið vilji stjórnvalda að tryggja grunnþjónustu um land allt. Þrátt fyrir það verður að segjast eins og er að ríkisstjórnin hefur ekki gert mikið til þess að laga þetta.

Til að mynda hefur ekkert verið gert varðandi afhendingaröryggi raforku og smánarleg hænuskref tekin til jöfnunar raforkuverðs. Við stöndum í sömu sporum og við stóðum í fyrir fjórum árum. Við framsóknarmenn höfum lagt fram raunhæfar tillögur um fulla jöfnun, þær eru sambærilegar leiðir og farnar eru við jöfnun olíuverðs og síma. Á þær hefur ekki verið hlustað.

**Fjarskipti**

Varðandi fjarskiptakerfið hafa opnast möguleikar á að hægt sé að ljósleiðaravæða landið fyrir mun lægri upphæðir en áður þekktust. Annars vegar með ljósneti í bæjum og hins vegar með að tengja öll lögbýli landsins með ljósleiðara í jörðu. Kostnaður er áætlaður um 4,5-5 milljarðar.

Ríkisstjórnin ætti að hafa frumkvæði að því að kalla saman fjarskiptafyrirtækin og leggja áherslur á að nýta Fjarskiptasjóð í slíkt verkefni. Fyrir þessu höfum við framsóknarmenn talað. Með samstarfi þessara aðila ásamt sveitarfélögunum væri hægt að ljósleiðaravæða landið á nokkrum árum. Hægt væri að forgangsraða verkefninu þannig að þau landsvæði sem erfiðast standa séu fyrst í röðinni.

**Samgöngur**

Verkefnin í samgöngumálum eru mörg hver þannig að stór hluti af þeim úrbótum sem nauðsynleg eru munu taka lengri tíma. En þá væri réttast að forgangsraða til að tryggja grunnþjónustu innan og milli svæða með þeim hætti að fólk geti nýtt sér t.a.m. heilbrigðisþjónustu í heimabyggð og geti komist á stærri sjúkrahús sé þörf á því.

Víða er pottur brotinn í þessum málaflokki. Þannig má nefna að t.d. Vestmannaeyingar hafa ekki sjúkraflugvél hjá sér þó vitað sé að oft er hægt að fljúga frá Eyjum þó ekki sé hægt að lenda. Þá er kostnaður fjögurra manna fjölskyldu við að ferðast með Herjólfi til Þorlákshafnar með bíl tæplega 40 þúsund krónur. Sambærilegan kostnað má finna vegna flugs fjölskyldna frá Vestfjörðum og Norður-Austurlandi.

**Ný byggðastefna**

Við framsóknarmenn vinnum nú að nýrri byggðastefnu sem m.a. sækir fyrirmyndir til Noregs. Þar er skattkerfið notað til að jafna aðstöðumun íbúa landsins gagnvart opinberri þjónustu. Við verðum að taka á flutningskostnaði sem og vaxandi kostnaði við ferðir.

Almenningssamgöngur er nauðsynlegt að bæta en einnig þarf að viðurkenna að við búum í dreifbýlu landi þar sem einkabílinn er oft eina farartækið. Til að jafna þann mun má taka upp skattaívilnanir vegna ferða til og frá vinnu. Undirritaður lagði slíkt mál fram á dögunum á Alþingi – markmiðið er að styrkja atvinnusvæðin sem allir flokkar vilja stækka og jafna aðstöðumun íbúanna. Þá þarf í nýrri byggðastefnu að tryggja öllum aðgang að grunnþjónustu heilbrigðiskerfisins, öldrunarmála og menntamála.

Um nýja byggðastefnu þarf að ríkja víðtæk sátt. Við erum fámenn þjóð í stóru landi. Snúum nú bökum saman – öll þjóðin – í að tryggja búsetujafnrétti og jafnræði allra þegna landsins gagnvart opinberri þjónustu.

## AF NETINU

### Er nauðgun ekki nauðgun?

Í ljósi Hæstaréttardómsins sem kveðinn var upp þann 31. janúar sl. sýnist mér óhjákvæmilegt að skerpa á lagaákvæðinu sem nú er orðið bitbein túlkunar, þ.e. 194. gr. laga nr. 40/1992. Það ætti innanríkisráðherra að láta nú verða sitt fyrsta verk.

Reynist ekki áhugi fyrir slíkri lagabreytingu innan stjórnsýslunnar er ég tilbúin að beita mér fyrir henni og þykist viss um að sama eigi við um velflestar þingkonur sem nú eiga sæti á Alþingi.

http://blog.pressan.is/olinath/

*Ólína Þorvarðardóttir*

### Allir á sama farrými nema ...

Atvinnuleysisbætur standa fólki til boða í 3 ár. Þær eru um 160 þúsund á mánuði. Eftir það er hægt að sækja um fjárhagsaðstoð til sveitarfélaga. Einhleypir ganga þá að sömu summu en giftir eru spyrtir við sameiginlegt tekjuviðmið sem er 260 þúsund á mánuði. Nái maki þessum tekjum fær umsækjandinn ekkert. Nái maki 200 þúsundum á mánuði fær umsækjandinn 60 þúsund. Sem gerir hann nánast að bónbjargarmanni eða -konu.

http://www.dv.is/blogg

*Lýður Árnason*

Kíktu á notadir.brimborg.is

# FRÁBÆRT ÚRVAL

Tökum allar tegundir bíla uppí.



**Tilboð: 2.190.000 kr.**

**Ford Focus Trend (ZUB23)**
1,6i 100 hö bensín beinskiptur
Skrd. 8/2011. Ek. 58.000 km.
Verð: 2.450.000 kr.
Afsláttur: 260.000 kr.



**Verð: 3.990.000 kr.**

**Mazda6 Premium (ABY17)**
2,0i 155 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 6/2012. Ek. 17.000 km.
Verð: 3.990.000 kr.



**Tilboð: 1.790.000 kr.**

**Renault Scenic (IIH43)**
1,6i 111 hö bensín beinskiptur
Skrd. 7/2009. Ek. 81.000 km.
Verð: 1.950.000 kr.
Afsláttur: 160.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



**Tilboð: 4.290.000 kr.**

**Ford Escape Limited AWD (LDB02)**
2,5i V6 171 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 8/2011. Ek. 48.000 km.
Verð: 4.880.000 kr.
Afsláttur: 590.000 kr.



**Tilboð: 1.860.000 kr.**

**Ford Mondeo Titanium (MZL00)**
2,3i 160 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 8/2008. Ek. 100.000 km.
Verð: 2.270.000 kr.
Afsláttur: 410.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



**Verð: 2.170.000 kr.**

**Citroën C3 SX (NDZ32)**
1,6TDCi 92 hö dísil beinskiptur
Skrd. 8/2011. Ek. 50.000 km.
Verð: 2.170.000 kr.



**Tilboð: 4.090.000**

**Ford Kuga Trend AWD (ZDS55)**
2,0TDCi 140 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 8/2011. Ek. 54.000 km.
Verð: 4.490.000 kr.
Afsláttur: 400.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



**Tilboð: 1.550.000**

**Toyota Auris (NUS98)**
1,4i 96 hö bensín beinskiptur
Skrd. 11/2007. Ek. 75.000 km.
Verð: 1.690.000 kr.
Afsláttur: 140.000 kr.



**Verð: 3.350.000 kr.**

**Ford Focus Trend (NMS57)**
1,6TDCi 95 hö dísil beinskiptur
Skrd. 3/2012. Ek. 17.000 km.
Verð: 3.350.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



**Tilboð: 1.790.000 kr.**

**Ford Fiesta Trend (TYS47)**
1,4i 96 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 8/2011. Ek. 60.000 km.
Verð: 1.990.000 kr.
Afsláttur: 200.000 kr.



**Verð: 2.695.000 kr.**

**Mazda3 Advance (UPB39)**
1,6i 105 hö bensín beinskiptur
Skrd. 4/2012. Ek. 23.000 km.
Verð: 2.695.000 kr.



**Tilboð: 1.780.000 kr.**

**Citroën C5 Exclusive II (YKF00)**
2,0i 143 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 2/2008. Ek. 41.000 km.
Verð: 1.980.000 kr.
Afsláttur: 200.000 kr.

**Komdu í dag**
*Virka daga er opið milli kl. 9-17 og milli kl. 12-16 á laugardögum í Brimborg, Bíldshöfða 6 og 8 í Reykjavík og Tryggvabraut 5 á Akureyri.*

**Kíktu á leitarvélina og finndu bílinn þinn: notadir.brimborg.is**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050.**

# Af meintu einelti og ofbeldi íbúa í Grafarvogi

SAMFÉLAG



**Emil Örn Kristjánsson**
leiðsögumaður og formaður Félags sjálfstæðismanna í Grafarvogi

Það er ekki einleikið hvernig umræðan hefur verið á frétta- og samskiptamiðlum síðan Jón Gunnar Kristinsson borgarstjóri ásakaði Grafarvogsbúa, að loknum eftirminnilegum íbúafundi, um að leggja sig í einelti og beita sig ofbeldi.

Það sem helst virðist hafa farið fyrir brjóstið á borgarstjóranum, og reyndar fleirum, er að einum fundarmanna varð það á að viðhafa orðið „hyski“ um borgarstjórann og fylgisfólk hans.

Í framhaldi af því að borgarstjóri, á fasbókarsíðu sinni, kvartaði undan því að hafa orðið fyrir téðu einelti og ofbeldi hafa ýmsir farið hamförum og ekki sparað Sigurði Harðarsyni, þeim sem beitti orðinu „hyski“, gífuryrðin og farið langt fram úr honum í notkun fúk- og gífuryrða. Vekur það óneitanlega spurningar um það hversu heilagur og ósnertanlegur Jón Gunnar Kristinsson borgarstjóri hlýtur að vera hjá sauðtryggum aðdáendum og hversu vanheilagir og réttdræpir þeir eru, í þeirra augum, sem leyfa sér að gagnrýna hann á opinberum vettvangi. Sigurður hefur reyndar beðist afsökunar á orðalagi sínu og er hann maður að meiri á eftir.

Nú vill svo til að víða í Grafarvogi er fólk orðið langþreytt og jafnvel reitt vegna valdníðslu borgarstjórnar í hverfinu, sérstaklega í skólamálum. Foreldrar grunnskólabarna í hverfinu hafa ítrekað reynt að fá embættismenn borgarinnar til umræðu um þær breytingar sem á síðasta ári var þvingað upp á íbúa án nokkurs samráðs, en án árangurs. Það er því ekki að undra þótt hvíni í þegar Jón Gunnar Kristinsson borgarstjóri mætir drjúgur á svip og talar fjálglega um „íbúalýðræði“ þegar ráðstafa á einhverjum 2.000 krónum eða svo á mann í umhverfisverkefni. Flestum Grafarvogsbúum blöskrar nefnilega þegar þeir verða vitni að slíkum tvískinnungi.

### Ekki pólitískur fundur

Fréttamiðlar þreyttust heldur ekki á því að tíunda þá staðreynd að nefndur Sigurður er stjórnarmaður í Félagi sjálfstæðismanna í Grafarvogi. Hefur öll umræðan síðan snúist að mestu leyti um að hér hafi sjálfstæðismaður verið að tala. Það hafa hins vegar fáir orðið til þess að nefna að margnefndur fundur var ekki pólitískur fundur sem slíkur. Þetta var opinn fundur borgarstjóra með borgarbúum. Grafarvogsbúar sem þarna mættu voru því ekki mættir þar sem fulltrúar þeirra stjórnmálaflokka sem þeir kunna að tilheyra, hvort heldur það er Sjálfstæðisflokkurinn, Vinstri græn eða eitthvað annað, heldur sem íbúar í sínu hverfi. Og nú sl. föstudag var Sigurður Harðarson sagður formaður Félags sjálfstæðismanna í Grafarvogi. Það er reyndar ekki rétt því það vill til að undirritaður er formaður þess ágæta félags og hefur um árabil átt gott samstarf við Sigurð á þeim vettvangi. Hins vegar var Sigurður mættur, eins og svo margir aðrir, sem foreldri grunnskólabarna sem honum þykir borgaryfirvöld hafa brotið á og er orðinn langþreyttur á því að reyna árangurslaust að ræða þau mál við yfirvöld.

Mér þykir það skjóta skökku við að heyra það fólk tuða af mikilli vandlætingu um að hafa verið kallað hyski, sem rak ögrandi kosningabaráttu með fúkyrðum á við „gefum fávitunum frí“ og „allt fyrir aumingja“.

**➜ Nú vill svo til að víða í Grafarvogi er fólk orðið langþreytt og jafnvel reitt vegna valdníðslu borgarstjórnar í hverfinu, sérstaklega í skólamálum.**

Mér þykir það líka vera aumt að borgarstjóri skuli ekki geta svarað fyrir aðgerðir sínar og það er beinlínis lélegt að reyna að koma sér undan því með slíkum orðhengilshætti og hann hefur hér orðið uppvís að. Þar að auki hefur hann orðið uppvís að því að ljúga sakir upp á stóran hóp borgarbúa og misnota orð eins og „einelti“ og „ofbeldi“ í því samhengi og þar með gert lítið úr þolendum þess. Með réttu ætti borgarstjóri að biðjast afsökunar á þessu framferði sínu. Ég á samt ekki von á að hann sé maður til þess.

# Kvíðastillandi lyf fyrir heimsókn á hálendið?

NÁTTÚRA



**Hafliði S. Magnússon**
formaður Ferðaklúbbsins 4x4

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp að nýjum náttúruverndarlögum og stefna stjórnvöld á að það verði að lögum á yfirstandandi þingi. Margt er gott í frumvarpinu en ágallarnir eru samt svo margir að ég teldi það stórslys ef þingmenn afgreiddu það sem lög. Ég skora því á hina kjörnu fulltrúa að fresta afgreiðslu málsins og vinna það aftur frá grunni.

Mig langar að nefna nokkra vankanta á frumvarpinu:

Í frumvarpinu er snúið á haus því almenna ákvæði laga að allt sé leyft sem ekki er sérstaklega bannað. Þannig á að banna akstur um alla vegi og slóða nema þeir séu skráðir í viðeigandi gagnagrunn hjá Landmælingum Íslands. Væri þessi regla viðhöfð í núverandi gatnakerfi þyrfti við hver einustu gatnamót að vera skilti sem segði að aka mætti inn á viðkomandi götu en ekki eins og nú tíðkast að eingöngu er tilgreint ef götur eru lokaðar eða þar gildir einstefna. Þannig hefur það verið frá ómunatíð og gefist vel. Þetta gerir auðvitað kröfur um að það sem er talin þörf á að takmarka umferð verður að merkja slíkt með skýrum hætti. Er það ekki þannig sem við viljum hafa það? Einfaldar reglur um hvað má og ekki má?

### Þórsmörk á bannsvæði?

Í frumvarpinu eru einnig strangar reglur um akstur yfir vöð og vatnsföll. Samkvæmt þeim er t.d. ekki leyfilegt að aka niður eyrar við ár til að leita að góðu vaði. Þetta þýðir að nánast aldrei verður hægt að fara í Langadal eða Húsadal í Þórsmörk án þess að gerast brotlegur við lög þar sem vöðin yfir Krossá færast til og frá í ánni. Er þetta framtíðin sem við viljum?

Í reglugerð með væntanlegum lögum er mun strangar kveðið á um hvenær leyft er að aka utanvega á snævi þakinni og frosinni jörð með nokkrum undantekningum. Hvernig vitum við hvort jörð sé frosin undir? Jöklar eru snævi þaktir en jörð undir þeim er ekki frosin. Til að brjóta ekki þetta ákvæði þarf einfaldlega að banna allan akstur á jöklum, m.a. með erlenda ferðamenn sem skila drjúgum gjaldeyri í þjóðarbúið. Ég spyr aftur; er þetta það sem við viljum?

Almannaréttur hefur fylgt íslenskri þjóð frá örófi alda, löngu áður en vélknúin ökutæki komu til sögunnar. Í þessu frumvarpi er ekkert tillit tekið til þeirrar staðreyndar að í dag ferðumst við um landið á slíkum ökutækjum enda nokkuð liðið á annan áratug 21. aldar! Slík tæki eru ekki viðurkennd innan almannaréttarins og hlýtur hver maður að sjá rökvilluna í slíkri afstöðu og hvað það þýðir fyrir þær tugþúsundir Íslendinga sem vilja ferðast um frjálsir menn í frjálsu landi.

### Lög eða ólög?

Að lokum þetta. Lög eiga að vera samkvæm sjálfum sér. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa að almenningur geti framfylgt þeim án þess að vera með lögmann eða siglingafræðing sér til ráðuneytis. Lög mega heldur ekki vera svo flókin að ferðamenn þurfi að fara á kvíðastillandi lyf áður en land er lagt undir fót, hver sem ferðamátinn er eða í hvaða tilgangi farið er af stað. Ríki óvissa um túlkun laga er einbúið að þau gagnast ekki. Slík lög verða aldrei annað en ólög. Þannig hygg ég að fari fyrir nýjum náttúruverndarlögum verði þau samþykkt óbreytt.

**➜ Lög eiga að vera samkvæm sjálfum sér. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa að almenningur geti framfylgt þeim án þess að vera með lögmann eða siglingafræðing sér til ráðuneytis.**




# Uppbygging Ljósnets

FJARSKIPTI



**Sævar Freyr Þráinsson**
forstjóri Símans

Síminn hefur ákveðið að ljósnetvæða 53 þéttbýlisstaði á landsbyggðinni á árinu. Það þýðir að allt að 16 þúsund heimili, öll á landsbyggðinni, bætast við fyrri áætlanir Símans um 100 þúsund heimili um mitt næsta ár.

Þetta er stórt skref fyrir Símann. Það hefur áhrif á mörg minni sveitarfélög úti á landi. Þau hefðu líklega þurft að bíða þess að háhraðanet yrði sett upp að fullu á stærri stöðum áður en röðin kæmi að þeim. Heimili 11 þéttbýlisstaða sem fá Ljósnet í símstöð fá auk þess í fyrsta sinn fulla sjónvarpsþjónustu. Þau munu geta valið úr yfir hundrað sjónvarpsstöðvum í stað á annan tug nú. Og netið eflist.

En af hverju þessir 53 staðir umfram aðra? Valinu ræður: a) stærð staðanna, b) tengingar til þeirra og c) staðsetning símstöðvanna í bæjarfélaginu. Við viljum ná til sem flestra. Það fleytir sem flestum fram veginn og hefur mestu áhrifin á þjóðarbúið í heild.

### 16 þúsund bætast í hópinn

Þessi ákvörðun sýnir þá áherslu sem Síminn leggur á þjónustu við landsbyggðina. Nú bíðum við almennt með að leggja Ljósnetið á jöðrum hverrar byggðar þar til símstöðvar þessara 53ja staða hafa verið uppfærðar. Þannig tekst okkur að ljósnetvæða þúsundir heimila fyrir það fé sem kostaði að tengja á jöðrum fárra þeirra.

**➜ Þau hefðu líklega þurft að bíða þess að háhraðanet yrði sett upp að fullu á stærri stöðum áður en röðin kæmi að þeim.**

Við breyttum verkáætlun okkar þótt það þýddi að bæjarbúar eða þéttbýli innan hvers sveitarfélags tengdist ekki háhraðaneti á sama tíma. Við veljum þessa leið því hún hefur þann ótvíræða kost að færri þurfa að bíða þess að fá háhraðanet heim til sín.

Við hjá Símanum viljum benda á að 62 þúsund heimili geta nýtt Ljósnetið. Með þessari ákvörðun er stefnt að því að þau verði orðin allt að 116 þúsund um mitt næsta ár. Uppbyggingin hefur verið hröð. Hún hefur aðeins staðið frá árinu 2009. Þetta eru fyrstu stóru skref Símans á landsbyggðinni; tekin fyrr en stóð til.

Við hjá Símanum hefjum þessa vegferð því við gerum okkur fulla grein fyrir því að fjarskipti skipa lykilsess í grósku samfélaga. Með ákvörðuninni viljum við skapa tækifæri fyrir landsmenn að hasla sér völl þar sem þeir vilja helst. Þetta er fyrsta skrefið til þess.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## NÝTT ANDLIT CHANEL

**Brasilíska fyrirsætan Gisele Bündchen er nýtt andlit Chanel-snyrtivara. Bündchen á að baki farsælan feril sem ofurfyrirsæta en hún er 32 ára. Meðal frægra hönnuða sem hún hefur starfað fyrir eru Versace og snyrtivörufyrirtækið Max Factor. Þá hefur hún verið andlit verslanakeðjunnar H&M.**


NÝJIR GLÆSILEGIR AÐHALDSUNDIRKJÓLAR

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-14 virka daga.
Vertu vinur







# ÞREYTT Á GLAMÚRNUM

*TÍSKA Þórunn Ívarsdóttir fatahönnuður heldur úti tískublogginu double-pizzazz.com. Hún er nýflutt heim frá Bandaríkjunum þar sem hún vann meðal annars fyrir Nasty Gal og Glamhouse. Kuldinn kallar á nýtt í fataskápinn.*

Ég átti bara stutta litríka kjóla, stuttbuxur og bikiní," segir Þórunn Ívarsdóttir, fatahönnuður og tískubloggari, hlæjandi. Hún er nýflutt heim frá Bandaríkjunum þar sem hún bjó meðal annars í sólinni í LA. „Uppáhaldsflíkin mín í dag er þykk kápa sem ég keypti úti, nú kemur hún sér vel," segir hún.

Í Los Angeles var Þórunn meðal annars nemi hjá tískumerkjunum Nasty Gal og Glamhouse og segir það hafa verið dýrmætan skóla og skemmtilega lífsreynslu. „Þetta var rosalega gaman. Ég vann bæði með hönnuðunum og framleiðendum og fór með hönnuðunum á fundi með viðskiptavinum. Glamhouse hannar fyrir stjörnur eins og Kim Kardashian og Nichole Richie og ég vann einmitt við skartgripalínur fyrir þær," segir Þórunn og viðurkennir að sakna sólarinnar í LA.  Hún saknar þó ekki glamúrsins.

„Lífið úti í LA er mikið djamm og partý í kringum fræga fólkið. Ég fann mig aldrei í því. Ég var bara dugleg stelpa heima að læra. En ég elskaði borgina og hef búið í New York og LA, Washington DC og Chicago, sem var æðislegt. En það er gott að vera komin heim. Nú bý ég bara heima hjá mömmu og pabba í gamla herberginu mínu og það bíða mín ellefu kassar af fötum sem ég get ekki tekið upp úr," segir hún og giskar á að hún eigi milli 60 og 70 kjóla. „Það eru þeir sem eru í gangi núna. Svo á ég mikið sem ég hef aldrei farið í, kjóla sem bíða bara eftir rétta partíinu," segir hún og hlær.

Þórunn heldur úti tískublogginu double-pizzazz.com og segist hálfgerður fulltrúi úthverfaskvísunnar. Hún setur inn færslur minnst þrisvar í viku og er að leita sér að íslenskum samstarfsaðilum.

„Úti eru tískubloggin svo þekkt menning að þar er bloggurum boðið á viðburði og þeim sendir hlutir til að fjalla um og fleira en hér heima er þetta ekki eins. En það eru alltaf að stoppa mig stelpur úti á götu sem lesa bloggið mitt sem er æðislega gaman. En ég er ekki þessi miðbæjartýpa, frekar fulltrúi úthverfaskvísanna," segir hún hlæjandi. „En ég reyni að höfða til allra."

■ heida@365.is

**SAKNAR SÓLARINNAR** Þórunn Ívarsdóttir fatahönnuður og tískubloggari saknar ekki glamúrlífsins í LA þar sem hún bjó í tvö ár. Hún saknar þó sólarinnar enda á hún fullan fataskáp af stuttbuxum og litríkum kjólum. MYND/ANTON

**KÍKTU Á BLOGGIÐ**
***www.double-pizzazz.com/ og líka á Facebook.***


BRÚÐKAUPSGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum




Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



OPNUM Í DAG
MEÐ NÝJU VORLÍNUNA!



TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777
Vertu vinur okkar á Facebook



GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT



Mílano vandaður svefnsófi með 40% afslætti
Verð nú aðeins kr. 119.940

Svefnsófadagar
20-40% afsláttur af svefnsófum

12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald




Napoli 3ja sæta svefnsófi
Verð áður frá 269.900.-
Nú frá 215.920.-

Napoli 3ja sæta svefnsófi m/tungu
Verð áður kr. 399.800.-
Nú kr. 319.840.-

Toronto vandaður svefnsófi
Verð áður kr. 149.900
Verð nú aðeins kr. 119.920



Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum


SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR!
BASLER
Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770



Prjónagarn, blöð og bækur.


Amma mús – handavinnuhús
Ármúla 18, 108 Reykjavík • Sími 511 3388
Opið mán - fös 9 - 18, lau 11-15




Nýjar vörur í hverri viku
Vor 2013

Belladonna á Facebook
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Enskuskóli Erlu Ara - enskafyriralla.is
Enska í Englandi fyrir 13-16 ára
Tvær vikur í Kent School of English Íslenskir hópstjórar með í för allan tímann. Skráning í síma 8917576 og erlaara@gmail.com Tæplega 1000 nemendur hafa komið með frá árinu 2000 Nánari upplýsingar á enskafyriralla.is
Verð: ca 230 þúsund; allt innifalið.

Facebook, vertu vinur
facebook.com/enskafyriralla
myndir á facebook







# BLÓMATÍSKAN ALLSRÁÐANDI

**SKARTA SÍNU FEGURSTA** *Það sem vakir helst fyrir tískuhönnuðinum Erdem Moraliogu er að konur skarti sínu fegursta og að hans mati eru það blómin sem fara þeim best. Hann er sá hönnuður sem notar blómamunstur hvað mest um þessar mundir og hefur hver stórstjarnan á fætur annarri skartað blómakjól frá honum síðustu vikur.*

Blómatískan verður allsráðandi næstu mánuði og ber litskrúðugt úrvalið í íslenskum verslunum þess merki. Blómum skreyttar buxur, blómajakkar og blómakjólar eru á hverju strái. Því ýktara sem munstrið er því betra, virðist vera.

Tískan er ekki gripin úr lausu lofti en hún hefur víða verið að ryðja sér til rúms að undanförnu. Bresk-/tyrkneskættaði hönnuðurinn Erdem Moraliogu heldur henni sérstaklega á lofti og hefur hver stjarnan á fætur annarri skartað blómakjól frá honum á rauða dreglinum síðustu vikur. Má þar nefna Siennu Miller, Marion Cotillard, Gemmu Arterton, Nicole Kidman og Anne Hathaway, en hönnuðurinn hefur þrátt fyrir ungan aldur skipað sér í sveit með tískuhönnuðum á borð við Burberry, Christopher Baily, Marc Jacobs, og Miuccia Prada.

Sjálfur segist hann ekki fylgja tískustraumum. Það sem vakir fyrir honum er eingöngu að láta konur skarta sínu fegursta. „Ég horfi á útlínurnar og að konan samsvari sér vel. Litadýrð, glæsileiki og ljúft og áreynslulaust yfirbragð er það sem vakir fyrir mér."



**ÞVÍ MEIRA ÞVÍ BETRA** Leikkonan Gemma Arterton klæddist kjól frá Erdem á frumsýningu Hansel & Gretel.

**FRÁ TOPPI TIL TÁAR** Litadýrð vakir fyrir Erdem. Marion Cotillard á BAFTA-verðlaunahátíðinni í LA í skósíðum blómakjól.

**ÆPANDI** Leikkonan Anne Hathaway aðhyllist blómatískuna.

**BLÓMARÓS** Sienna Miller á Golden Globe-verðlaununum 13. janúar síðastliðinn.

**KVENLEGT** Stjörnurnar hafa margar hverjar fallið fyrir Erdem en hann leggur upp með klæðileg snið. Nicole Kidman er ein þeirra.

NORDICPHOTOS/GETTY

# NÝR ILMUR ANDREU Í SPARKI

Nýr ilmur frá Andreu Maack verður kynntur í dag klukkan fimm í Sparki að Klapparstíg 33. Ilmurinn ber nafnið COAL og er innblásturinn sóttur til kolateikninga Andreu, tilfinningarinnar að vinna með kol, lyktarinnar og hljóðsins sem þau gefa frá sér.

COAL er sjötti ilmurinn sem Andrea sendir frá sér en áður hafa komið út ilmirnir SMART, SHARP, CRAFT, SILK og DARK. Allir eiga ilmirnir uppruna sinn í myndlistarverkum Andreu og í Sparki verða einnig til sýnis og sölu þrjú ljósmyndaverk hennar sem unnin voru út frá kolateikningum í samvinnu við Vigfús Birgisson.

COAL fæst nú í verslunum víðs vegar um heiminn, meðal annars í Harvey Nichols í London, Henri Bendel í New York, Printemps í París og Storm í Kaupmannahöfn.

Sjá www.sparkdesignspace.com. ■ rat



**COAL** Andrea Maack kynnir nýjan ilm í Sparki í dag.
MYND/ARNÞÓR

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Ferming 2013

COSMO
Kringlunni

***Ótrúlegt úrval af glæsilegum fermingakjólum***



**12.900 kr.**

**14.900 kr.**
*Ermar 4.990 kr.*

**12.900 kr.**

**12.900 kr.**



**12.900 kr.**

**12.900 kr.**

**12.900 kr.**

**12.900 kr.**

**12.900 kr.**

Verðhrunið er hafið
60-70%
afsláttur
af öllum fatnaði og skóm!
hjá Hafnhildi
Engjateigi 5 • Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is
Vertu vinur okkar á Facebook
Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16

# KONUNGLEGIR GESTIR

**TÍSKUVIKAN Í KÖBEN** *Tvær prinsessur fylgdust spenntar með tískusýningu Malene Birger á tískuvikunni í Kaupmannahöfn í síðustu viku.*

Tímamót urðu hjá Malene Birger í síðustu viku þegar hönnuðurinn hélt sína tíundu tískusýningu á tískuviku í Kaupmannahöfn á dögunum.

Gestir sýningarinnar voru ekki af verri endanum. Þær Mary, krónprinsessa Danmerkur, og Marie, prinsessa af Danmörku, sátu saman í stúku og fylgdust spenntar með í gegnum leikhúskíki.

Fyrirsætan Caroline Brasch gekk fyrst á svið í svörtu og hvítu dressi sem undirstrikar yndi Birger á andstæðum. Innblásturinn fyrir þessa nýjustu línu fékk Birger annars frá marokkóskum teppum, arabískum flísum og brönugrösum.



**PRINSESSUR** Prinsessurnar Mary og Marie fylgdust með tískusýningu Malene Birger sem fram fór í konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn. NORDICPHOTOS/GETTY



VETRARHÁTÍÐ
Í MIÐBÆNUM
Dagana 7.– 9. febrúar
20% AFSLÁTTUR
af öllum hönskum
Tösku og hanskabúðin
Tösku og hanskabúðin · Skólavörðustíg 7 · 101 Reykjavík · Sími 551 5814 · www.th.is

Ávextir og ber
Hin sívinsælu ræktunarnámskeið okkar eru hafin
Ræktun ávaxtatrjáa, 2 kvöld
Mánud. 11. og 18. feb. kl. 19:30 - 22:00
Verð kr. 12.800.-
Ræktun berjarunna
Mánud. 11. feb. kl. 17:00 - 19:00
Verð kr. 4.500.-
Leiðbeinandi
Jón Guðmundsson garðyrkjufræðingur
Skráning
Skráning og nánari upplýsingar eru í síma 578 4800, á heimasíðu okkar www.rit.is og á netfang rit@rit.is
Staðsetning námskeiða
Á höfuðborgarsvæðinu verða námskeiðin haldin í sal á þriðju hæð hjá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, íþróttamiðstöðinni í Laugardal, Hús 2, Engjavegi 6.
Finnið okkur á Facebook
Námskeið verða einnig haldin víða um land, fylgist með á Facebook eða heimasíðum okkar, www.rit.is og www.groandinn.is
SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN
Fossheiði 1
800 Selfoss
Sími 578 4800

Boltinn á Xinu 977
– alla virka daga kl. 11 - 12

# KREM MEÐ RAKASKYNJARA Í LOKINU

**NÝJASTA TÆKNI** *Í tappanum á einu af nýjasta andlitskreminu frá IOMA er innbyggður rakanemi. Með einföldum hætti er hægt að mæla rakastig húðarinnar. Þannig aukast líkur á skynsamlegri og hagnýtri notkun.*

Krem sem bætir líðan, krem sem yngir, viðheldur rakastigi, nærir húðina, færir æskunni nýjan ljóma, hindrar öldrun, kemur í veg fyrir hrukkur. Svona fullyrðingar eru oft hafðar frammi um virkni hinna ýmsu krema sem á markaði eru. Fá þeirra státa þó af því að geta sýnt notandanum á vísindalegan hátt hvort kremið geri gagn eða virki yfir höfuð á húð notandans. Oftast er vitnað í rannsóknir sem margar hverjar byggja á huglægu mati fárra notenda og geta því ekki talist vísindalegar nema að litlu leyti. Nú virðist hins vegar stefna í að breyting verði á í þeim efnum. Nýverið kom á markað krem frá IOMA með tækninýjung sem nemur rakastig húðarinnar. Í tappa kremsins hefur verið komið fyrir rakanema. Þegar hann er settur upp við húðina á andlitinu nemur hann raka hennar og með ljósabúnaði gefur hann til kynna hvert rakastig húðarinnar er. Notandinn sér þá hvort tími sé kominn til að bera á sig kremið. Þannig er hægt að fylgjast með rakastigi húðarinnar hvenær sem er dags. Með þessu móti aukast líkurnar á skynsamlegri og hagnýtri notkun á kremi sem tekur mið af raunverulegri þörf húðarinnar en ekki af huglægu mati. Tæknin sem notuð er í rakanema IOMA var notuð í vísindaleiðangur vélmennisins Curiosity sem sendur var af Geimvísindastofnun Bandaríkjanna til Mars.

■ vidir@365.is



**HÁTÆKNISKYNJARI** Skynjaranum er komið snyrtilega fyrir í lokinu.

**TÆKNI FRÁ NASA** Tæknin var meðal annars notuð í vélmennið Curiosity sem kannar nú plánetuna Mars.

Vísir keldan.is

# Ert þú fjárfestir framtíðarinnar?

## Taktu þátt í spennandi Ávöxtunarleik Keldunnar




Ávöxtunarleikurinn

keldan NASDAQ OMX Vísir Libra vib

Keldan vill stuðla að bættu fjármálalæsi þjóðarinnar og stendur fyrir keppni í ávöxtun sem er opin öllum landsmönnum, 15 ára og eldri, og þátttakendum að kostnaðarlausu. Skráning fer fram í gegnum visir.is og fær hver þátttakandi 10 milljónir Keldukróna til þess að fjárfesta í mismunandi flokkum.




## Skráðu þig inn á visir.is

Keldan er upplýsinga- og viðskiptavefur fyrir íslenska viðskiptalífið. Keldan er nú í fararbroddi í upplýsingamiðlun á Íslandi. Miðlun fyrirtækja- og fasteignaupplýsinga er vaxandi þáttur í starfsemi Keldunnar og veitir Keldan nú aðgang að öllum helstu skrám sem reknar eru af opinberum aðilum á Íslandi. Þá rekur Keldan Vaktarann og Dagatal viðskiptalífsins.

## Vegleg verðlaun

Þeir sem skila bestu ávöxtuninni þegar keppnin verður gerð upp næsta vor eiga kost á veglegum verðlaunum. **Meðal vinninga er flug fyrir 2 til New York með Icelandair og 200 þúsund kr. inneign í sjóði VÍB.**

ÍSLENSKA/SIA.IS/KEL 61245 09/12

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN S: 567-4949



Honda CR-V Executive 12/2011 ek.34þús. Glerþak. Leður. Sjálfskiptur. Skipti möguleg á ódýrari. Ökutæki er í sal. Ásett v erð 5.690.000.-



Honda Insight 1.4 5 Hybrid 6/2011 ek.1þús. Sjálfskiptur. Álfelgur. Eyðsla um 4.4L. Ökutæki er í sal. Skipti möguleg á ódýrari. Ásett verð 3.990.000.-



Honda Jazz Elegance 6/2011 ek.42þús. Sjálfskiptur. Álfelgur. Skipti möguleg á ódýrari. Ökutæki er í sal. Ásett verð 2.690.000.-

www.bilarydvorn.is S. 587 1390

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

Stofnað 1974 Bílamarkaðurinn



NISSAN Terrano luxury 3,0 tdi. Árgerð 2003, ekinn 109 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.222422.



VW Golf comfort. 4motion.. Árgerð 2004, ekinn 106 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 850.000. Rnr.222379.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

bifreidar.is 577 4777



**ATVINNUTÆKIFÆRI**

HUMMER H2 craftsmen limousine. Árg 2006, 16 FARÞEGA MEÐ MIKLUM ÚTBÚNAÐI. VERÐ 26.9 MILLJ. INNFALIÐ Í FERÐI ER LIMO.IS SEM ER Í REKSTI, SKIPTI ATHUGANDI Rnr.140369.

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.**
**http://www.bifreidar.is**

STÓRA BÍLASALAN



Toyota Yaris 1.3 Sol Árgerð 12/2005, ekinn 97þ.km, bsk, nýleg nagladekk á álfelgum. Flottur bíll sem er á staðnum! Verð 1.190þ.kr. Raðnr 154316. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndefirlit á plani**
**http://www.stora.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



KIA Ceed lx 1.6 disel beinsk.. Árgerð 2012, ekinn 9 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.390.000. Rnr.140374.



HYUNDAI Getz gls. Árgerð 2008, ekinn 89 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.290.000. Rnr.140283.



HONDA Cr-v i-v-tec 150 hö. Árgerð 2003, ekinn 135 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.140414.



FORD Escape limited 4x4 4dr. Árgerð 2006, ekinn 103 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.160528.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bilfang.is S. 567 2000



**ALVÖRU TILBOÐ !**

DIESEL Range Rover HSE 09/2002 ek 231 þ.km Mjög mikið yfirfarinn , loftpúðar ofl Nú á alvöru TILBOÐI 1990 !!!!!



**ALVÖRU TILBOÐ !**

Jeep Grand Cherokee Limited árg 2002 ek 130 þ.km 4.7 L V8, Leður, lúga ofl Fæst núna á aðeins 770 Þús !!!!!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

BÍLALIND.is



LAND ROVER RANGE ROVER SPORT SUPERCHARGED 03/2006, ek. 54 Þ.km, sjálfsk., 22" felgur og ný dekk. Tilboðsverð 4.990.000. staðgreitt. Raðnr.284267



LAND ROVER RANGE ROVER SPORT SE DIESEL 08/2007, ek. 99 Þ.km, sjálfsk., leður, ofl.. Verð 6.790.000. Raðnr. 282878



LAND ROVER RANGE ROVER SPORT SE DIESEL 01/2008, ek.99 Þ.km, sjálfsk., leður, sóllúga, 20" Superchargefelgur og dekk. Verð 7.490.000. Raðnr. 322848



LAND ROVER RANGE ROVER SPORT SE DIESEL 03/2006, ek. 159 Þ.km, sjálfsk., leður, sóllúga, samlitun, 22" felgur. Rosalega fallegt eintak! Verð 5.960.000. Raðnr.284759

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

HEIMSBÍLAR



LAND ROVER Range rover sport hse. Árgerð 2005, ekinn 84 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.leður ,lúga. vel með farinn. ásett Verð 4.970.000. Rnr.333659. tilboð 4.390.000.

**Heimsbílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

LITLA bílasalan www.litla.is 587 7777



TOYOTA Land cruiser 150 gx aukasæti. Árgerð 2011, ekinn 28 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.900.000. Rnr.176656.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**




VILTU KAUPA EÐA SELJA!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bílar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Renault traffic TDI 2007 á Aðeins 1200 þús STGR Vel viðhaldið af umboði guidakerfi ,dráttarbeisli stærri díselvélin 150 Hö ,nýjar græjur.s 8958898 Eyðir 8/100 sem er rosalega gott

## 0-250 þús.



**TILBOÐ 250 ÞÚS**

peugeot 206 árg'99 ek.120 þús, 5 dyra, ný skoðaður 14, beinskiptur, eyðir mjög litlu, ásett verð 390 þús góður bíll, hraðamælir bilaður fæst á 250 þús s.841 8955

Til sölu Toyota Corolla árg.'97, ek. 200þ. Verð: 230þ. Uppl. í S: 691 0036

## 250-499 þús.



**2002 JEPPLINGUR TILBOÐ 350 ÞÚS**

MITSUBISHI PAJERO PININ 1,8 4x4 árg.' 2002 beinskiptur, heilsársdekk, skoðaður 13, eyðir litlu 9-10 ltr/100 km innanbæjar, lýtur vel út og mjög þægilegur og góður í keyrslu ásett verð 590 þús. Tilboð 350 þús. s.841 8955.

## Kerrur



1993 árgerð skoðuð 13 burðargeta 3.5 tonn innan mál 230x510. Tilboð uppl. 896 1976.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vinnuvélar



Ódýrir sanddreifarar á lager. Verð frá kr. 190.000. Aflvélar ehf, Vesturhraun 3, 210 Garðabæ, S:480-0000.

## Bílaþjónusta

**NÚ ÞÚ SJÁLFSÞJÓNUSTA**

Hvaleyrarbraut 2 hfj. Gerðu við bílinn sjálfur lyftur, verkfæri og nóg pláss á staðnum. Opið alla daga S. 663 2042

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**WWW.PARTASALAR.IS**

Sendu eina fyrirspurn á 35+partasala og þeir svara þér ef hluturinn er til. www.partasalar.is

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

## Viðgerðir

Viðgerðir á bílarafmagni og ísetning aukabúnaðar. Megas ehf - Skeifunni 5 - s.511-6464.

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

**AB - PÚST**

Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Garðyrkja

GARÐLIST ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA 554 1989 • www.gardlist.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**

Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**

20% afsláttur fyrir eldriborgara og örykrja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

## Húsaviðhald




**SMÍÐAR**

Tökum að okkur verkefni fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Hagstætt verð og gott orðspor. GS verktakar S: 864 4789.

**HÚSASMÍÐAMEISTARI**

Tek að mér alla almenna smíðavinnu jafnt nýsmíði sem viðhald. Öll réttindi. S: 848 4031

**JARÐVINNA**

Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu, endurnýjun dren og klóaklagnir. Vélaleiga, Efnissala. Uppl. s. 869 1700/868 4043. Jarðlausnir ehf.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896 5778.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**

Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.

**Tímapantanir í síma 864-1273**

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Spádómar

Spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapant. s. 891 8727 Stella.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Tölvur

**APLÚS TÖLVUÞJÓNUSTA**
Sanngjarnt verð. Sæki og sendi heim. S. 822 7668 www.aplus.is

## KEYPT & SELT

## Til sölu

**ELDVARNARHURÐIR**
Til sölu hvítmálaðar eldvarnarhurðir sem nýjar með öllu þar með talið sjálflokandi lömum.
Verð aðeins kr.65.000,- án/vsk.
**Upplýsingar í síma 822-7303 / eirikur@stracta.is**

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. S. 845 5976.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, þurrkara 10 KG, uppþvottavélar, örbylgjuofnar á 5Þ, hjólastóll. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri

Kynlíf er GOTT!
PENOMET.IS
ELSKENDUR.IS
FLESHLIGHT.IS
BATHMATE.IS
849-0698
ALLA DAGA 10-22




## Verslun



**WWW.HUSH.IS**
Styttist í Valentínusardag. Kíktu á útsöluna hjá hush.is og veldu eitthvað fallegt handa elskunni þinni. Eigum We-Vibe unaðstæki ársins

## HEILSA

## Heilsuvörur



**20% KYNNINGAR AFSLÁTTUR**
af lífrænu húð-, hár - og snyrtivörum frá Green People. Fyrir alla fjölskylduna: Dömu-, herra-, unglinga- og barnalína. 100% náttúrulegt. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 12-18, lau: kl 12-15. Sími 517-8060. www.ditto.is

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE næðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

FASTEIGNA MIÐLUN
Ármúla 19 – Sími 575-8500 Pálmi Almarsson, lögg.fasteignasali
Þór Þorgeirsson lögg. fasteignasali
**VANTAR EIGNIR Á SKRÁ**
Vegna mikillar sölu vantar okkur allar stærðir og gerðir eigna á skrá.
Höfum kaupendur á skrá sem bíða eftir réttu eigninni.
Traust hefur verið okkar lykilorð s.l. 30 ár.

Síðustu dagar útsölunar
3 verð
1.000 – 2.000 – 3.000
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

Vélfræðingar – hugvitsmenn – hönnuðir.
Helac-vökvaliðurinn gefur ykkur ótal möguleika til að opna eða velta til þungum búnaði. Hafið Helac í huga. Helac leysir vandann.
ÁSAFL EHF
Hjallahraun 2 – 220 Hafnarfj.
s. 562 3833 – 863 5512
www.asafl.is – asafl@asafl.is
Helac um borð í Þóri SF 177

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
Viðgerðir og viðhald fasteigna!
Alhliða húsaviðgerðir - Flísalagnir
Veggjakrotsvarnir - Múrverk
Fyrirbyggjandi varnir
Sími: 565-7070

Rafmótorar
0,18 til 30kw
Poulsen
Skeifan 2 Sími: 530 5900

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn-verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Allt á einum stað
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

PALLAR.IS
Ál hjólapallar / veggjapallar
Veðurnet / Öryggisnet
Áltröppur / stigar
SALA LEIGA
altrex
KVARNIR
Akralind 8
▸ www.kvarnir.is ▸ Sími: 564 6070

CMT ORANGE TOOLS
CMT sagarblöð og fræsitennur
Ásborg vélar og verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?
Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
Formbólstrun
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 • 110 reykjavík • sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

**Alla fimmtudaga og laugardaga**
steinunnsg@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is



## BÍLL DAGSINS

**HONDA CR-V ELEGANCE**
Nýskráður 6/2011, ekinn 35 þ.km, bensín, sjálfskiptur.

Aðeins kr. **4.990.000**


VOLKSWAGEN
**SHARAN BASICLINE 2,0**
Nýskráður 6/2005, ekinn 120 þ.km, bensín, 6 gírar.
**Verð kr. 1.650.000**


PEUGEOT
**207 RC TURBO 1.6i**
Nýskráður 7/2010, ekinn 10 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 2.950.000**


LEXUS
**RX350**
Nýskráður 4/2007, ekinn 115 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.390.000**


HONDA
**ACCORD ELEGANCE**
Nýskráður 3/2010, ekinn 32 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.850.000**


TOYOTA
**RAV4 GX**
Nýskráður 12/2007, ekinn 94 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.580.000**


TOYOTA
**RAV4**
Nýskráður 4/2003, ekinn 123 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.280.000**


DODGE
**DURANGO LIMITED**
Nýskráður 10/2007, ekinn 90 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.990.000**


RENAULT
**MODUS 1.6 COMFORT**
Nýskráður 1/2006, ekinn 66 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.090.000**

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is


## Heilsuvörur

**TAKTU ÁKVÖRÐUN NÚNA.**
Betri árangur með Herbalife Kaupauki. Rannveig s.8625920,rkb.heilsuskyrsla.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Þjónusta



**VARANLEGT REYKSTOPP EFTIRFYLGNI Í 1 ÁR**
Viðar Aðalsteinsson mannræktarráðgjafi. www.theta.is. Upplýsingar í s. 694-5494.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsgögn

HÓTELHÚSGÖGN
www.nyvaki.is

## Dýrahald



**ÁSTRALSKIR FJÁRHUNDAR**
Til sölu 4 yndislegar Aussie tíkur með ættbók frá Hrfí. Tilbúnar til afhendingar. Uppl. gefur Gréta Björg 8974680 eða greta@trefag.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

4ra herb. íbúð í 111 Rvk. til leigu. 170þ. á mán. Laus. Uppl. í S: 774 0742.

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Af sérstökum ástæðum er strax til leigu nálægt kringlu svæðinu 11fm stórt og fallegt herbergi með öllu eftirtöldu einnig því til einkaafnota í 96fm íbúð: húsgögnum, einkatölvu, einkasjónvarpi og dvd. Aðgengi að eldhúsi, baði og þvottavél. Leigist aðeins reglusömum einhleypingi. Jafn erlentum sem íslenskum. Allt innifalið á mjög lágu verði eða 40. þús kr á mánuði. Svör með nauðsynlegustum uppl. kaffikanna@hotmail.com

Herbergi til leigu fyrir konu á miðjum aldri. Húsgögn + sjónvarp innifalið. Aðgangur að baði., eldhúsi og þvottavél. Laus strax. S. 895-8383

Ca. 100 fm. 3ja herb. íbúð til leigu í 203 kóp. Getur verið laus 1. mars. Langtímaleiga. Uppl. í s. 898-2208

70fm íbúð Fannarfell 120prn. 200 þús trygging + mánaðar leiga sendið nafn og síma á l.stodir@gmail.com

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuhúsnæði Réttarhálsi. Hef til leigu 3 skrifstofuherbergi, sameiginleg setustofa. Leiguverð 25-35000 á mán. Tilvalið t.d. fyrir fasteignasala sem vill starfa sjálfstætt. Kemur ekki til greina að leigja sem íbúðarhúsnæði. Upplýsingar gefur Högni í síma 895-4444.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting



**ENDURNÆRING Í STYKKISHÓLMI**
Helgargisting með heitum pottum. Sund, gönguferðir og siglingar. Veitingastaðir á heimsmælikvarða. Upplýsingar í síma 861 3123 eða á www.orlofsíbúðir.is

## fasteignir


ÁS FASTEIGNASALA
Fjarðargötu 17, Hf.
Sími 520 2600
as@as.is
www.as.is


Kári Halldórsson, lögg. fasteignasali

**ÁLFHOLT 16 - HAFNARFIRÐI**




**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17-17:30**
Glæsileg 136 fm 4ra-5 herbergja íbúð á jarðhæð á góðum stað. 3 svefnherb. Fallegar innréttingar. Parket á gólfum. Verönd. Bæði sérinngangur og sameiginlegur inngangur. Skóli, leikskóli, íþróttasvæði og helsta þjónusta í göngufæri. **Verð 25,9 millj.** Aron Freyr sölufulltrúi á staðnum, s. 772-7376

**Norðurbakki - Hafnarfirði**




**PANTIÐ SKOÐUN**
Glæsileg 126 fm 3ja herb. ENDAÍBÚÐ MEÐ SJÁVARÚTSÝNI ásamt stæði í bílgeymslu og tveimur geymslum, samtals 137 fm á FRÁBÆRUM STAÐ VIÐ SJÁVARBAKKANN. Hágæðainnréttingar frá AXIS, gólfhiti, halogenlýsing. Tvennar svalir og sameiginlegar þaksvalir. LAUS STRAX. **Verð 39,5 millj.**
Aron Freyr sölufulltrúi sýnir, pantið tíma í s. 772-7376


Aron Freyr sölufulltrúi s.772-7376


# ATVINNA

## Atvinna í boði

Vantar starfsfólk í eftirfarandi stöður: Dyraverði, eldhús og bar. Ekki yngri enn 22 ára. Umsóknir sendist á: gorillan@gorillan.is

## Atvinna óskast

Ungur maður með meirapróf óskar eftir vinnu við akstur. S : 846 8602.

## Fundir

HjartaHeill
Höfuðborgarsvæðinu

**AÐALFUNDUR HJARTAHEILLA HÖFUÐBORGASVÆÐINU VERÐUR HALDINN LAUGARDAGINN 16. FEBRÚAR 2013 KL. 14 Í SÍÐUMÚLA 6, 2. HÆÐ.**
Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins og tillaga stjórnar um breytingar á starfi og lögum félagsins.
**Stjórn Hjartaheilla höfuðborgarsvæðinu.**

## Einkamál


Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**Gott verð í Bónus**



**998** KR. KG
ÍSLANDSLAMB: **BLANDAÐ SALTKJÖT SALTSKERT**

**195** KR. KG
ÍSLENSKAR **GULRÓFUR**




**298** KR. KG
KJÖTVINNSLA AKUREYRAR **SALTAÐIR SÍÐUBITAR**

**1898** KR. KG
SLÁTURFÉL. SUÐURLANDS **VALIÐ SALTKJÖT**

**498** KR. KG
KJARNAFÆÐI **SALTKJÖT BLANDAÐ 2. FL**

**1798** KR. KG
KJARNAFÆÐI **VALIÐ SALTKJÖT**

**598** KR. KG
BÚRFELL **BLANDAÐ SALTKJÖT**

Gott verð í Bónus

# BOLLUDAGUR 11 FEB.
# SPRENGIDAGUR 12 FEB.

Gott verð í Bónus




**259** KR. STK
KJARNA **SULTUR** 400gr




**398** KR. STK
SÍRÍUS **KONSÚM SÚKKULAÐI** 300gr




**295** KR. STK
GÓÐ-KAUP **SUÐUSÚKKULAÐI** 300gr







**398** KR. 14 STK
BÓNUS **TILBÚNAR VATNSDEIGSBOLLUR 14 STK.**

298 KR.STK 10% AFSLÁTTUR VIÐ KASSA




**268** KR. 400ml
BÓNUS **RJÓMI 400ml**




**198** KR. 280gr
BÓNUS **BOLLUGLASSÚR**

**198** KR. 250ml
EUROSHOPPER **ÞEYTIRJÓMI 250ml**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur



✝

Sonur minn, faðir okkar og bróðir,

**SIGURÐUR EINAR MAGNÚSSON**

sem andaðist 27. janúar, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 12. febrúar kl. 13.00.

**Sigríður Kristín Sigurðardóttir**
**börn og systkini hins látna.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

**INGVELDUR BJARNADÓTTIR THORODDSEN**

lést á Hrafnistu mánudaginn 4. febrúar. Útför hennar fer fram frá Neskirkju, þriðjudaginn 12. febrúar kl. 15.00. Blóm eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Ásta Steinunn Thoroddsen** **Bolli Héðinsson**
**Gígja Guðfinna Thoroddsen**
**Ólafur Thóroddsen** **Sigurbjörg Sverrisdóttir**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HALLDÓRA KRISTINSDÓTTIR**
**Neshaga 14, Reykjavík,**

verður jarðsungin frá Neskirkju föstudaginn 8. febrúar 2013 kl. 13.00.

**Ólafur Þórhallsson**
**Þorbjörg Ólafsdóttir** **Jón M. Benediktsson**
**Ólöf Þórhildur Ólafsdóttir** **Necmi Ergün**
**Júlíus Heimir Ólafsson** **Vigdís Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞORKELL SIGURBJÖRNSSON**
**tónskáld,**

lést miðvikudaginn 30. janúar á líknardeild Landspítalans. Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 8. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast Þorkels er bent á orgelviðgerðasjóð Hallgrímskirkju.

**Barbara Sigurbjörnsson**
**Sigurbjörn Þorkelsson** **Aðalheiður Magnúsdóttir**
**Mist Barbara Þorkelsdóttir** **Sigfús Nikulásson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ELSA EINARSDÓTTIR**
**Sléttuvegi 3,**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut föstudaginn 1. febrúar. Útför hennar fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 12. febrúar kl. 13.00. Þeir sem vilja minnast hennar vinsamlegast láti Styrktar- og minningargjafasjóð Landspítala Háskólasjúkrahúss njóta þess.

**Guðfinna M. Hreiðarsdóttir** **Halldór Halldórsson**
**Einar S. Hreiðarsson**
**Hafdís Hreiðarsdóttir** **Gísli Már Sigurjónsson**
**Hreiðar Ingi Halldórsson, María S. Halldórsdóttir,**
**Hákon Ari Halldórsson og Kári Gíslason.**

---



✝

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRANNA RÓSA VALDIMARSDÓTTIR**
**(STELLA)**
**Strikinu 8, Garðabæ,**

andaðist í Holtsbúð Vífilsstöðum 30. janúar. Útför hennar fer fram frá Vídalínskirkju Garðabæ föstudaginn 8. febrúar kl. 15.

**Guðrún Stefánsdóttir** **Felix Jóhannesson**
**Arnþrúður Stefánsdóttir**
**Gunnar Þór Stefánsson**
**Hanna Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓSKAR J. JÓNSSON**
**Skipagerði 1,**
**V-Landeyjum,**

lést föstudaginn 25. janúar síðastliðinn á Hjúkrunarheimilinu Lundi, Hellu. Útförin fer fram frá Akureyjarkirkju, laugardaginn 9. febrúar kl. 14.

**Sólveig Guðmundsdóttir**
**Stefán Óskarsson** **Elín Sigríður Ragnarsdóttir**
**Kristjana Margrét Óskarsdóttir** **Björgvin Guðmundsson**
**Davíð Þór Óskarsson** **Elín Fríða Sigurðardóttir**
**Hjörtur Már Óskarsson**
**Þórdís Björk Sigurgestsdóttir** **Þorsteinn Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ELÍNAR ÞÓRDÍSAR ÞÓRHALLSDÓTTUR**
**áður húsfreyju á Melum í Hrútafirði,**
**Sólheimum 23, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sæluþæjar, Hjúkrunarheimilinu Mörk fyrir umönnun og vináttu.

**Elsa, Ína, Þóra og Birna Jónasdætur**
**tengdasynir, barnabörn og langömmubörnin.**

---



✝

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

**SNJÓLAUG SVEINSDÓTTIR**

lést í Holtsbúð Vífilsstöðum þann 6. febrúar síðastliðinn. Útförin verður auglýst síðar.

**Jónas Brjánsson**
**Helga Hrönn Jónasdóttir** **Grímur T. Tómasson**
**Brjánn Jónasson** **Andrea Rúna Þorláksdóttir**
**Haukur Jónasson**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GÍSLI ÓLI JÓNSSON**
**vélfræðingur,**
**Rauðagerði 67, Reykjavík,**

lést á Landspítala Fossvogi sunnudaginn 3. febrúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Bergvin Gíslason**
**Margrét Gísladóttir** **Karl Kristján Hreinsson**
**Anna Gísladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg dóttir okkar, systir, mágkona og frænka,

**MARGRÉT BJÖRK JÓHANNESDÓTTIR**
**Sogavegi 208, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum 23. janúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Bergljót Guðjónsdóttir** **Jóhannes Eiríksson**
**Sesselja Jóhannesdóttir** **Birgir Arnar Birgisson**
**Eyrún Jóhannesdóttir** **Einar Aðalsteinn Jónsson**
**og systrabörn.**

**Þökkum auðsýnda samúð.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir vinsemd í okkar garð og virðingu sýnda minningu móður okkar,

**HRAFNHILDAR E ÓLAFSDÓTTUR**
**Höfða Akranesi, áður Háteigi 1,**

sem lést 13. janúar sl. Þökkum sérstaklega öllu starfsfólki á Höfða fyrir mjög góða umönnun, hlýju og alúð í hennar garð þau ár sem hún dvaldi þar.

**Jóhanna Margrét og Sigrún Guðjónsdætur**
**og fjölskyldur þeirra.**

---

# Huldukonur í Háteigskirkju

## Sigurlaug Arnardóttir og Þóra Björk Þórðardóttir flytja verk eftir íslenskar konur í hádeginu á morgun.

Tónverk eftir íslenskar konur verða flutt á hádegistónleikum Háteigskirkju klukkan 12 á morgun. Sigurlaug Arnardóttir syngur lög kvennanna ásamt Þóru Björk Þórðardóttur gítarleikara og söngkonu. Þóra Björk útsetti lögin fyrir gítar og auk þess fjalla þær stöllur stuttlega um ævi og störf kvennanna sem verkin sömdu. Þær voru Olufa Finsen, Guðmunda Nielsen, Ingunn Bjarnadóttir og María Brynjólfsdóttir. Þær hafa allar sett mark sitt á tónlistarsöguna en eru að mestu gleymdar og er full ástæða til að vekja athygli á verkum þeirra, að sögn þeirra Sigurlaugar og Þóru.

Tónleikarnir standa til 12.30 og aðgangseyrir er 1.000 krónur.



**TÓNLIST KVENNA** Sigurlaug Arnardóttir syngur lög kvennanna ásamt Þóru Björk Þórðardóttur gítarleikara og söngkonu.

---



✝

Þökkum af alhug auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og jarðarför okkar ástkæru,

**KRISTÍNAR SIGURLÍNU EIRÍKSDÓTTUR**
**frá Hlemmiskeiði.**

**Ingólfur Bjarnason**
**Ómar Örn Ingólfsson** **Rósa Guðný Bragadóttir**
**Inga Birna Ingólfsdóttir** **Árni Svavarsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



✝

Okkar heittelskaði eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**JÓN REYKDAL**
**listmálari og lektor,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 30. janúar. Útför fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 7. febrúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð líknardeildar Kópavogs.

**Jóhanna Vigdís Þórðardóttir**
**Nanna Huld Reykdal** **Magnús Eðvald Björnsson**
**Hadda Fjóla Reykdal** **Snorri Einarsson**
**Hlín Reykdal** **Hallgrímur Stefán Sigurðsson**
**og barnabörn.**

---



✝

Þökkum samúð og hlýhug við fráfall móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÞÓRU KARITASAR ÁRNADÓTTUR.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahlynningar, krabbameinsdeildar og líknardeildar Landspítalans fyrir hlýja og mannúðlega umönnun.

**Jón Árni Þórisson** **Guðrún Hafsteinsdóttir**
**Guðbjörg Þórisdóttir**
**Sverrir Þórisson**
**Guðný Þórisdóttir** **Åke Lindell**
**Gylfi Þór Þórisson** **Sigurbjörg Sverrisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



✝

Okkar hjartkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**FJÓLA ELESEUSDÓTTIR**
**frá Bíldudal,**
**Laugalæk 1, Reykjavík,**

lést 1. febrúar á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Útför hennar verður auglýst síðar.

**Baldur Ásgeirsson**
**Svala, Gunnar og fjölskylda**



FRÍ SMÖKKUN Á KFC
SUNDAGÖRÐUM, FIM. 7. FEB. KL. 18–21
VIÐ BJÓÐUM ÞÉR AÐ KOMA OG SMAKKA NÝJA OG GIRNILEGA VÖRU* - KFC BOOSTER - OG SEGJA OKKUR HVAÐ ÞÉR FINNST!
LAUGALÆKUR
RAUÐALÆKUR
DALBRAUT
SÆBRAUT
SUNDLAUGAVEGUR
REYKJAVEGUR
LAUGARÁSVEGUR
KFC
BOOSTER
BOOSTER ER KJÚKLINGABORGARI MEÐ DÖKKU KJÖTI** ÁSAMT SÚRUM GÚRKUM, MAJÓNESI OG TÓMATSÓSU.
BOOSTER VERÐUR TIL SÖLU Á ÖLLUM STÖÐUM KFC FRÁ OG MEÐ 12. FEBRÚAR.
** ÚRBEINAÐ SKINNLAUST UPPLÆRI
* AÐEINS Í SUNDAGÖRÐUM. EINN BOOSTER Á MANN Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.
PIPAR\TBWA • SÍA • 123820
KFC®
svooogott™
WWW.KFC.IS

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** strit, **6.** frá, **8.** hár, **9.** stormur, **11.** í röð, **12.** tólf tylftir, **14.** rými, **16.** tímaeining, **17.** áþekk, **18.** blóm, **20.** íþróttafélag, **21.** harla.

**LÓÐRÉTT**
**1.** óhljóð, **3.** tvíhljóði, **4.** sígild list, **5.** berja, **7.** undirbúningspróf, **10.** eldsneyti, **13.** andi, **15.** listi, **16.** púka, **19.** átt.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** baks, **6.** af, **8.** ull, **9.** rok, **11.** aá, **12.** gross, **14.** pláss, **16.** ár, **17.** lík, **18.** rós, **20.** kr, **21.** afar.
**LÓÐRÉTT: 1.** garg, **3.** au, **4.** klassík, **5.** slá, **7.** forpróf, **10.** kol, **13.** sál, **15.** skrá, **16.** ára, **19.** sa.






# Hefnd Kenanna

**BAKPANKAR**
Friðriku Benónýs



Þegar ég var lítil stelpa, fyrir langa langa löngu, áttu allar stelpur Barbie. Og til þess að hún yrði nú ekki einmana þurfti maður líka að eiga kærastann hennar, hann Ken. Barbie var samt alltaf aðal. Ken var bara viðhengi, nauðsynlegur til að sinna vissu félagslegu hlutverki en annars óttalega lítils virði í leiknum. Frá því sjónarhorni séð má segja að Barbie hafi verið frumkvöðull í kvennabaráttunni þótt eflaust séu ekki allar konur sammála því, eins úthrópuð og hún hefur verið fyrir rangar áherslur í femínismanum.

**KEN** var í upphafi óttalegur spýtukall, stirður og ósveigjanlegur með höfuð sem aðeins var hægt að snúa annaðhvort til hægri eða vinstri. Árið 1977 kom hins vegar ný og uppfærð útgáfa af honum með handleggi og fótleggi sem hægt var að beygja og hálsliði sem gerðu það að verkum að hann gat meira að segja kinkað kolli. Hárgreiðslan var enn jafn fullkomin og vatnsgreidd með skiptingu í hliðinni og mjúkum bylgjum. Enn sem fyrr var hann þó aðeins fylgihnöttur og fullkomlega óþekkt að einhver stelpa vildi eignast Ken ef hún átti ekki Barbie. Ken átti enga tilveru á eigin forsendum. Hann var aldrei aðal.

**ÖLLUM** þessum árum síðar virðist Ken hafa náð vopnum sínum ef marka má íslenska pólitík. Hver Keninn af öðrum velst til forystu í íslenskum stjórnmálaflokkum og Barbie er alfarið sett út í kuldann. Módelið er enn hið sama; myndarlegur karakterlaus maður á besta aldri, óþekkjanlegur frá öllum hinum Kenunum. Hárgreiðslan jafn fullkomin og brosið jafn stíft hvort sem hann heitir Bjarni, Sigmundur, Guðmundur eða Árni, og þótt áherslumunur sé í málflutningi þeirra syngja þeir í raun allir sama sönginn. Sönginn um eigið ágæti og réttinn til þess að stjórna þrátt fyrir óhreint mjöl í pokahornum fortíðarinnar. Skella skollaeyrum við kvaki Barbieanna í flokkunum sem þykir að sér vegið í kynjastríðinu. Þær eiga ekki lengur heima á sviðinu og hver af annarri leggja þær árar í bát og hverfa úr pólitík. Þær sem eftir eru verða að láta sér nægja að verða varaformenn, viðhengi Kens sem baðar sig í sviðsljósinu, reigir sig og galar eins og hver annar hani. Enda full ástæða fyrir hann að fagna. Leikurinn hefur nefnilega tekið alveg nýja stefnu sem hörðustu Barbieaðdáendur hefðu aldrei getað séð fyrir: Ken er orðinn aðal og hann hættir því ekki svo glatt.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

**SMELLTU Á KÖRFUNA**

NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**ENN BETRA VERÐ**



Silicon Power

## 4GB MINNISLYKILL

Örsmár og glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli

**990**

8GB 1.490 • 16GB 2.990 • 32GB 4.990



**AÐEINS 147gr**

Silicon Power

## 500GB FLAKKARI

Fisléttur, örsmár og hraðvirkur Diamond USB3.0 ferðaflakkari á ótrúlegu tilboðsverði!

**11.900**

1TB AÐEINS 16.900



**NÝTT VAR AÐ LENDA**

Microsoft

## OFFICE 365

Öll nýjustu Microsoft Office forritin fyrir allt heimilið og nú með stuðningi við snertiskjái

**15.900***

FYRIR 5 TÆKI Á HEIMILINU

* Árgjald

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · Apple · ASUS · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · TOSHIBA



ÖSKUDAGSBÚNINGAR FRÁ 1499,-
NORN 1499
NINJA 1499
BEINAGRIND 1499
DRAKÚLA 1499
NORN 1499
SJÓRÆNINGI 1499
TRANSFORMERS MEÐ GRÍMU 2999
SPIDERMAN 4999
STAR WARS SVARTHÖFÐI (ÁN SVERÐS) 2999
STAR WARS KLÓNI 2799
BATMAN 3299
899
599
699
499
299
SKYLMINGAR-SETT 1599
999
1299
TOY STORY GRÍMUR 899
HÁRLITASPREY 399
KISUSETT EYRU, SLAUFA OG SKOTT 999
Skór fylgja ekki með.
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg
24
Hagkaup


MIKIÐ ÚRVAL AF
ÖSKUDAGS-
BÚNINGUM
& FYLGIHLUTUM
VIDDI
3599
BÓSI
4499
SÚPERMAN
3299
MÍNA MÚS
4999
TRÚÐUR
1499
INDJÁNI
1499
PRINSESSA
1499
ÁLFAPRINSESSA
1499
ÁLFASETT
VERÐ FRÁ
1299
HÁRKOLLUR
VERÐ FRÁ 549
ÞYRNIRÓS
1999
MJALLHVÍT
1999
ÖSKUBUSKA
1999
HAGKAUP
Ein ferð betra verð



# Syngdu A, Doris

TÓNLIST ★★★★★

**Megumi Masaki ásamt fleirum**
Myrkir músíkdagar
**HARPA 3. FEBRÚAR**

Í myrkri ljóssins: Ný tækni í flutningi lifandi tónlistar. Þetta var yfirskriftin á tónleikum með píanóleikaranum Megumi Masaki á Myrkum músíkdögum á sunnudaginn. Titillinn vísaði til eins verksins á efnisskránni sem heyrðist þar í fyrsta sinn opinberlega. Það var eftir Kjartan Ólafsson og var fyrir klarinettu, píanó og rafhljóð. Catherine Wood lék á klarinettuna og var þetta eina atriðið sem hún kom fram í. Leikur hennar var tilfinningaþrunginn og hrífandi.

Tónlistin var líka þéttofin og margbrotin. Atburðarásin var hröð, áferðin glansandi eins og svo margt eftir Kjartan. Undir lokin róaðist músíkin, varð nánast rómantísk. Það var fallegt. Þetta var glæsileg tónsmíð.

Masaki er prýðilegur píanóleikari. Ásláttur hennar var mjúkur og hljómfagur, snarpur þegar við átti, léttur og leikandi.

Annað á tónleikunum kom sömuleiðis vel út. Touch eftir Keith Hamel var spennandi að upplifa. Masaki spilaði ekki bara á píanóið, heldur sveiflaði einnig höndunum fyrir ofan hljómborðið. Myndavél nam þessar hreyfingar og umbreytti þeim í ójarðnesk hljóð. Og píanótónarnir sjálfir fór líka inn í tölvukerfið með hjálp míkrófóna. Þar urðu þeir að alls konar öðruvísi hljómum.

Listrænt séð var útkoman nokkuð nýaldarleg, og kannski eilítið langdregin. Samt var þetta frábær viðbót það sem píanóleikarar hafa hingað til getað gert.

Hinar þrjár tónsmíðarnar voru allar hluti af vídeóverkum. Ferrovia eftir Brent Lee við myndband eftir Sigi Torinus var skemmtileg. Á skjánum mátti sjá lestarferð frá ýmsum sjónarhornum. Tónlistin var viðburðarík og grípandi. Það var í henni dökk undiralda sem var mögnuð.

Ekki síðri var Orpheus Drones eftir T. Patrick Carrabré við vídeóverk eftir Kevin Ei-ichi deForest. Þar var sofandi maður í sófa að dreyma martröð sem var í senn fyndin og óhugnanleg. Tónlistin var fremur rokkuð, margbrotin og lifandi.

Flottasta verkið á tónleikunum var Hitchcock Études eftir Nicole Lizée. Þar var efniviðurinn nokkur örstutt brot úr kvikmyndum Hitchcocks, bæði tónlist og mynd. Myndbrotin voru endurtekin aftur og aftur, og tónlistin unnin í tölvu. Úr varð eitthvað allt annað en heyrist í kvikmyndunum.

Við þetta spilaði Masaki á píanóið af ótrúlegri glæsimennsku. Vídeóverkið og tónlistin var líka svo óhugnanleg, frumleg og hugvitsamleg að það var alveg einstakt. Þarna mátti t.d. sjá Doris Day við píanóið syngja einn sérhljóða, A, aftur og aftur. A-ið hafði verið klippt úr setningunni Que sera, sera. Það var martraðarkennt. Þarna var þessi eini sérhljóði kveikjan að alveg nýrri tónlist. Margt annað á þessum nótum bar fyrir augu og eyru og það fór um mann hrollur hvað eftir annað.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Mögnuðustu og mest hugvíkkandi tónleikarnir sem undirritaður sótti á Myrkum músíkdögum.


## Greiðslur úr IHM sjóði SÍK

**SÍK – Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda** auglýsir eftir umsóknum um greiðslur úr IHM sjóði félagsins.

Rétt til umsókna úr sjóðnum eiga sjálfstæðir kvikmyndaframleiðendur sem framleitt hafa kvikmyndir sem sýndar hafa verið í sjónvarpi á árinu 2011.

Umsóknir berist fyrir 14. febrúar til:

**SÍK – Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda.**
**Hverfisgötu 54 P.O. Box 5367, 125 Reykjavík**
eða með tölvupósti á *sik@producers.is*

Nánari upplýsingar, reglur og umsóknareyðublöð eru á vefsíðu **SÍK – www.producers.is**

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda
Association of Icelandic Film Producers




**VERÐLAUNAHAFAR** Forseti Íslands afhenti Gunnari F. Guðmundssyni og Eiríki Erni Norðdahl Íslensku bókmenntaverðlaunin við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Illska og Nonni hlutu bókmenntaverðlaunin

Illska eftir Eirík Örn Norðdahl og Pater Jón Sveinsson eftir Gunnar F. Guðmundsson hlutu Íslensku bókmenntaverðlaunin, sem afhent voru á Bessastöðum í gær.

Skáldsagan Illska eftir Eirík Örn Norðdahl og ævisagan Pater Jón Sveinsson – Nonni eftir Gunnar F. Guðmundsson hlutu Íslensku bókmenntaverðlaunin í annars vegar flokki fagurbókmennta og hins vegar fræðirita. Forseti Íslands, Ólafur Ragnars Grímsson, afhenti höfundunum verðlaunin við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í gær. Fimm bækur voru tilnefndar í báðum flokkum en á endanum stóðu þessar tvær með pálmann í höndunum.

Bæði Eiríkur og Gunnar voru að fá sína fyrstu tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Eiríkur Örn Norðdahl hefur um skeið þótt með efnilegri rithöfundum landsins en segja má að hafi skipað sér í fremstu röð með sinni fjórðu skáldsögu, Illsku, sem hlaut mikið lof gagnrýnenda þegar hún kom út fyrir jól.

„Það er hætt við að maður fari að verða merkilegur með sig og telji sig eiga eitthvað skilið,“ sagði Eiríkur þegar Fréttablaðið náði af honum tali. „En að öllu gamni slepptu er ég mjög kátur yfir þessu og brosi í gegnum tárin, eins og stundum er sagt við svona tilefni.“ Hann segist ekki hafa átt von á þeirri miklu velgengni sem Illska hefur notið. „En ég þóttist snemma vita að hún myndi ná lengra en fyrri bækurnar, þetta er bara þannig bók; fjallar um helförina og fólk virðist fíla hana.“

Um áhrif verðlaunanna reiknar Eiríkur með að þau hjálpi til að selja réttinn að henni erlendis og þar fram eftir götunum. „Að öðru leyti veit ég ekki hvaða máli þetta skiptir, það á eftir að koma í ljós.“

Gunnar F. Guðmundsson sagnfræðingur hafði unnið að ævisögu Jóns Sveinssonar síðan snemma árs 2006 og byggði verkið á heimildum sem Haraldur Hannesson, vinur Jóns, hafði safnað mörgum áratugum áður og búið um. Gunnar segir verðlaunin koma sér ánægjulega á óvart.

„Maður leggur ekki upp með að fá verðlaun,“ segir hann. „En bókin var lengi í undirbúningi og vinnslu og á köflum tók hún á. Það má segja að það að hljóta Íslensku bókmenntaverðlaunin séu mikilsverð umbun.“

Þriggja manna lokadómnefnd, valdi verkin úr hópi tíu bóka sem tilnefndar voru til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 1. desember síðastliðinn. Hana skipuðu Viðar Eggertsson leikhússtjóri, Hrefna Haraldsdóttir bókmenntafræðingi og Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur, sem jafnframt var formaður.

Íslensku bókmenntaverðlaunin nema einni milljón króna í hvorum flokki. Auk þess voru verðlaunahöfum afhent skrautrituð verðlaunaskjöl og verðlaunagripir, hannaðir af Jóni Snorra Sigurðssyni á gullsmíðaverkstæði Jens – opin bók á granítstöpli með nafni verðlaunahöfundar og bókar hans.

bergsteinn@frettabladid.is

## Þessar voru tilnefndar

Tíu höfundar voru tilnefndir til Íslensku bókmenntaverðlaunanna, fimm í flokki fagurbókmennta og jafnmargir í flokki fagurbókmennta og bóka almenns efnis.

**Fagurbókmenntir**
**Eiríkur Örn Norðdahl – Illska**
Auður Ava Ólafsdóttir – Undantekningin
Gyrðir Elíasson – Suðurglugginn
Sigurjón Magnússon – Endimörk heimsins
Kristín Ómarsdóttir – Milla




**Fræðirit og bækur almenns efnis**
**Gunnar F. Guðmundsson: Pater Jón Sveinsson – Nonni**
Einar Már Jónsson: Örlagaborgin. Brotabrot úr afrekasögu frjálshyggjunnar. Fyrri hluti
Gunnar Þór Bjarnason: Upp með fánann. Baráttan um
uppkastið 1908 og sjálfstæðisbarátta Íslendinga
Jón Ólafsson: Appelsínur frá Abkasíu.
Vera Hertzsch,
Halldór Laxness og hreinsanirnar miklu
Steinunn Kristjánsdóttir: Sagan af klaustrinu á Skriðu



ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN 2012

# *Til hamingju, Eiríkur Örn!*

SKÁLDSAGA EIRÍKS ARNAR

## ILLSKA

HLÝTUR ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN 2012






„Klikkuð bók. Lesið hana!
… Fróðleg, skemmtileg, sorgleg og fyndin.“

ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR
FRÉTTABLAÐIÐ

„Þetta er dúndur …
Rosalega mikil bók á alla kanta …
margbrotið verk …“

EGILL HELGASON / KILJAN

„… lesandinn getur ekki annað en fylgt honum eftir á þessu **magnaða ferðalagi** inn í heim skáldsögunnar.“

EINAR FALUR INGÓLFSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„Allir þeir sem vilja horfast í augu við sannleikann um Ísland og heiminn sem er allt í kring **verða hreinlega að lesa.** Eftir það getum við byrjað að tala saman.“

JÓN BJARKI MAGNÚSSON / DV

MÁL OG MENNING
*www.forlagid.is*

# Hver dagur í leikskóla ný áskorun

Dagur leikskólans var í gær. Þá veitti menntamálaráðherra í fyrsta skipti viðurkenninguna Orðsporið þeim sem hafa skarað fram úr og unnið ötullega í þágu leikskólans og leikskólabarna. Kristín Dýrfjörð, leikskólakennari og dósent, var ein þeirra sem hlutu þann heiður.




**KRISTÍN MEÐ SONARSONINN STURLU ÞÓR TRAUSTASON** „Ég horfði á hans þroskastig öðru vísi en ég gerði með mín börn, sem dæmi var hann bara nokkurra mánaða þegar hann var búinn að uppgötva valdatækið á heimilinu, réttu fjarstýringuna," segir hún glaðlega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég hef reynt að halda leikskólanum á lofti í ýmsum miðlum gegnum tíðina, til dæmis í gegnum blogg og fésbókarsíður. Síðan Laupurinn er tileinkuð leikskólanum og ég var að stofna síðu út frá Laupnum um þróunarverkefni innan leikskólans," segir Kristín Dýrfjörð nýkomin með viðurkenningarskjal í hendur fyrir umfjöllun um leikskólastarf. Hún bauð Sturlu Þór Traustasyni, fimm ára sonarsyni sínum, með á athöfnina enda kveðst hún hafa bloggað mikið um hans þroskaskref og viðfangsefni, séð með augum leikskólakennarans.

**Það er fóstrulykt**

Kristín byrjaði að vinna á leikskóla árið 1978 á Landakoti og rifjar upp er hún fór út á róló við Vesturgötu með börnunum að horfa á Brúðubílinn og hitti þar starfsfólk frá fleiri leikskólum. „Bryndís Zoëga, forstöðukona á Drafnarborg, ein af eldri leikskólakennurum landsins og þekkt persóna, settist við hlið mér á sandkassabrún og við röbbuðum saman um stund. Þar kom að hún spurði: „Ertu fóstra?" „Nei, nei," svaraði ég, sannleikanum samkvæmt. „Þú átt eftir að verða fóstra, það er fóstrulykt af þér," sagði sú gamla og svo var hún rokin."

Eftir stúdentspróf kveðst Kristín hafa farið í Fóstruskólann, þá komin með tvö börn. „Ég horfði á ítalskan framhaldsþátt í sjónvarpinu þegar ég var um fermingu sem hafði sterk áhrif á mig. Hún fjallaði um kennara í fátækrahverfi í Róm sem fór með krakkana út fyrir skólastofuna og tengdi samfélagið og skólann saman. Ég á bókina Dagbók kennara sem myndin er byggð á. Þessi mynd hafði sterk áhrif á mig og varð til þess að ég ákvað að þetta vildi ég leggja fyrir mig. Mér fannst að hver dagur í leikskóla væri ný áskorun."

**Leikskólinn alltaf staðið mér nærri**

Sem útskrifuð fóstra fór Kristín að vinna á leikskólanum Hlíðarenda við Laugarásveg. Í næsta húsi var vöggustofa á vegum Thorvaldsen. Eftir tvö ár sótti hún um leikskólastöðu innan Thorvaldsen og fékk hana og varð strax þátttakandi í félagsmálum stéttarinnar, meðal annars fyrsti formaður Reykjavíkurdeildar. „Ég fékk strax áhuga á sögu leikskólans, málefni hans og leikskólabarna hafa alltaf staðið mér nærri," segir hún.

Kristín var leikskólastjóri í tíu ár en þá fór hún að kenna við Háskólann á Akureyri og er þar dósent. „Ég kenni verðandi leikskólakennurum og í háskólanum fæ ég tækifæri á að skoða hluti í nýju ljósi, hef tök á að stofna heimasíður og ástunda rannsóknir," lýsir hún. En hver telur hún stærstu skrefin í framþróun leikskólans á þeim tíma sem hún hefur fylgst með honum?

„Það eru nokkrar vörður á þeirri leið. Í fyrsta lagi stofnun leikskóla Sumargjafar. Svo þegar fyrsta uppeldisáætlunin á vegum Menntamálaráðuneytisins 1985 er gefin út sem Valborg Sigurðardóttir skólastjóri Fóstruskólans skrifaði. Þá fengum við okkar fyrstu aðalnámsskrá, fræðilega umgjörð um leikskólastarfið. Þá tel ég það hafa haft mikið að segja fyrir okkur leikskólakennara að við stofnuðum okkar eigið stéttarfélag 1988. Árið 1991 voru sett lög um leikskólastigið og við lentum í því að það var bitist um okkur í ráðuneytunum. Svavar Gestsson menntamálaráðherra og Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra vildu bæði fá málaflokkinn. Við vildum tilheyra menntamálum og gerum það. Í lögunum er leikskólinn skilgreindur á forsendum barnsins, ekki foreldra. Að það sé réttur barnsins að vera í leikskóla. Það hefur mér alla tíð fundist afar mikilvægt."

Kristín segir það hafa haft mikil áhrif á starf leikskólanna þegar settur var peningur í þróunarsjóð sem styrkt hafi innra starf og fagvitund. „Góð þróunarverkefni smita út frá sér og þessi verkefni hafa áhrif á að ýta faglegu starfi í leikskólunum áfram."

**Vill að stolt stétt útskrifist**

Að lokum er Kristín spurð hvað hún sé ánægðust með af því sem hún hefur áorkað og eftir smá umhugsun nefnir hún fyrst þátt sinn í að skrifa aðalnámsskrár leikskólanna en víkur svo talinu að kennslunni á Akureyri. „Ég var leikskólastjóri í stórum leikskóla 1997 þegar ég var beðin að sækja um stöðu á Akureyri. Var með skóla í uppbyggingu og gott samstarfsfólk og sá fram á að við gætum búið til gott módel sem ég væri stolt af sem leikskólakennari. En svo hugsaði ég: „Hvernig hef ég mest áhrif á aðstæður allra barna í íslenskum leikskólum?" Og ákvað að það væri við nýja menntastofnun. Kannski er ég ánægðust með það skref að fara inn í háskólann og koma ástríðu minni fyrir málefnum barna og leikskóla áfram til nýrra leikskólakennara. Ég þreytist aldrei á að hvetja þá til að vera faglegir, að hlusta eftir rannsóknum og nýjum kenningum og vera alltaf tilbúnir að gera betur. Einnig að efla stolt þeirra því ég vil að það sé stolt stétt sem útskrifast."

gun@frettabladid.is



# GJÖFIN ÞÍN

# ESTĒE LAUDER GJÖF

DAGANA 7. – 13. FEBRÚAR
Í SNYRTIVÖRUDEILDUM HAGKAUPS

Glæsileg gjöf* fyrir þig ef þú kaupir vörur frá Estée Lauder fyrir 6.900 eða meira í snyrtivörudeildum Hagkaups dagana 7.- 13. febrúar.




TAX FREE*
SNYRTIVÖRU DAGAR
DAGANA 7.-11. FEBRÚAR
*jafngildir 20,32% verðlækkun

**GJÖFIN INNIHELDUR:**
**Perfectloy Clean Fesh Balancing Exfoliator** – kornakrem fyrir andlit, 30ml
**Advanced Night Repair** – viðgerðadropa, 7ml
**DayWear Creme spf 15** – dagkrem fyrir allar húðgerðir, 15ml
**Advanced Night Repair Eye** – alhliða viðgerðarkrem fyrir augu, 5ml
**Sumptuous Extreme Mascara** – svartan maskara
**Pure Color Eyeshadow Box** – 4 augnskugga í boxi
**Pure Color Lipstick** – varalit, Candy.
**Glæsilega snyrtitösku**

Verðgildi gjafarinnar er ca. kr. 26.775.-
**meðan birgðir endast*

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Hreindýraland á ferð og flugi um heiminn

**700IS Hreindýraland er yfirskrift sýningar sem opnuð verður í Norræna húsinu í dag. Sýningin á uppruna sinn að rekja til Egilsstaða þar sem sýnt hefur verið sjö sinnum en einnig hafa verk af henni ferðast vítt og breitt um heiminn.**

Við erum að halda hátíðina í áttunda skipti núna," segir Kristín Scheving, stjórnandi hátíðarinnar 700IS Hreindýraland sem opnuð verður í Norræna húsinu í dag. „Fókusinn er á tilraunalistir og þá aðallega vídeó og stuttar listrænar kvikmyndir sem teygja sig meira í átt að myndlist en hefðbundnum kvikmyndum."

Hvernig byrjaði þetta ævintýri? „Ég byrjaði á þessu árið 2006 þegar ég bjó á Eiðum og vann á Egilsstöðum og þar höfum við sýnt sjö sinnum. Hreindýralandið hefur þó ekki eingöngu haldið sig á Egilsstöðum heldur ferðast víða um heim. Eftir sýninguna í Norræna húsinu förum við til dæmis með íslensku verkin til Orkneyja, Hong Kong og Perú og okkur fannst að við gætum alveg eins verið á ferðalagi hér á Íslandi. "

Eiga bæði innlendir og erlendir listamenn verk á sýningunni? „Já, núna erum við með 130 listamenn frá 30 löndum frá öllum heimshornum. Meðal þeirra sem koma núna er par sem er með svipaða hátíð á Orkneyjum og horfði svolítið til Hreindýralandshátíðarinnar þegar það byrjaði með sína hátíð fyrir tveimur árum. Parið kemur frá Hong Kong og Rússlandi en nýr á Orkneyjum og það er í boði þess sem ég er að fara með hluta af sýningunni til Hong Kong í apríl."

Titillinn 700IS, er það ekki póstnúmerið á Egilsstöðum? „Jú, póstnúmerið er eitt af því sem maður notar mikið þegar maður býr einhvers staðar, ekki satt? Og verandi úr Breiðholtinu fannst mér Egilsstaðir algjört ævintýraland með hreindýr úti um allt. Þannig kom nú titillinn til og þótti hálfgerð klisja fyrir austan en hefur virkað vel í markaðssetningunni erlendis."

Sýningin í Norræna húsinu stendur fram á sunnudag og upplýsingar um atburðaskrá hennar má nálgast á heimasíðunni 700.is.

fridrikab@frettabladid.is



**Í HREINDÝRALANDI** Kristín Scheving og Dodda Maggý. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 7. FEBRÚAR 2013**

### Fundir

**18.00** Göngu-Hrólfur og Vita sport halda kynningarfund á Hótel Hilton, Suðurlandsbraut 2. Kynntar verða gönguferðir á Gran Canaria, í Andalúsíu, á Madeira, tvær gönguferðir í Toscana og pílagrímsganga í fótspor Nikulásar Bergssonar. Allir velkomnir.

### Sýningar

**18.00** Sýning Sædísar Bauer Halldórsdóttur gullsmiðs og Bjarna Sigurðssonar keramikers opnar í Sædísi Gullsmiðju, Geirsgötu 5b.

### Hátíðir

**19.30** Vetrarhátíðin Magnað myrkur hefst í Reykjavík. Dagskrá hátíðarinnar má finna á heimasíðunni vetrarhatid.is.

### Opið hús

**16.00** Vinnustofur verða opnar fyrir gestum og gangandi á Akureyri. Stofurnar sem um ræðir eru Listasafnshúsið að Kaupvangsstræti 12, Flóra Hafnarstræti 90 og vinnustofa að Ráðhústorgi 7.

### Kvikmyndir

**18.00** Kvikmyndin The City Dark verður sýnd á Listasafni Reykjavíkur. Aðgangur er ókeypis.

### Bókmenntir



**12.00** Kristín Steinsdóttir talar um bók sína, Ljósu, í fyrirlestraröðinni Hvernig verður bók til? í stofu HT105 á Háskólatorgi. Allir eru velkomnir.

### Tónlist

**21.00** Spútnik-sveitin Samaris spilar á Slippbarnum, Hótel Marina. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröðinni Heineken Music í boði Heineken og gogoyoko.com og aðgangur er ókeypis í þeirra boði.

**21.00** Hljómsveitin Camp Keighley spilar kraftmikið rokk á Bar 11. Hljómsveitin Stolið kemur einnig fram. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Spottarnir syngja og leika á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**21.00** Þungarokkspartý verðr haldið á efri hæðinni á Dillon. Krummi í Mínus sér um að þeyta skífum og mun spila allt milli glam metals og black metals. Aðgangur er ókeypis og bjór í boði fyrir þá fyrstu.

**22.00** Nóra, Oyama og Jón Þór halda tónleika á Faktorý. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Andrea Gylfadóttir og Eðvarð Lárusson halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Fyrirlestrar

**17.15** Jón Björnsson sálfræðingur og rithöfundur flytur fyrsta erindið í erindaröð Bókasafns Kópavogs um tímann. Aðgangur er ókeypis á meðan húsrúm leyfir.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*

# Kammersveit í surround

TÓNLIST ★★★★☆

**Kammersveit Reykjavíkur, stjórnandi Ezequiel Menalled**
Myrkir músíkdagar
**HARPA 3. FEBRÚAR**

Hljóðið í kvikmyndahúsum kemur ekki bara úr einni átt, heldur allt um kring. Sumir tónlistarmenn gefa líka út „surround“ plötur, sem virka vel ef maður á heimabíó. Maður upplifir þetta miklu sjaldnar á tónleikum, a.m.k. þeim sem eru órafmagnaðir. Tónleikar Kammersveitar Reykjavíkur á Myrkum músíkdögum í Norðurljósum í Hörpu voru því óvanalegir. Velflest verkanna byggðust á svona þrívídd. Hljómsveitin var dreifð um salinn og á svölunum fyrir ofan. Það kom skemmtilega út.

Caballero de cuatro lunas fyrir flautu og kammerhóp eftir Jónas Tómasson var fyrst. Áshildur Haraldsdóttir lék einleik og gerði það með afbrigðum vel. Tónlistin var snörp og viðburðarík, með glæsilegum endi.

MMXIII (2013) eftir Þráin Hjálmarsson var næst. Ég man ekki eftir að hafa heyrt tónlist eftir hann áður. Verkið var innhverft, dálítið sveimtónlistarlegt, fallega unnið, fíngert og nostursamlegt.

... Quasi una fantasia ... eftir Györgi Kurtág var síðast fyrir hlé. Það er fyrir píanó og mismunandi hljóðfærahópa. Tónlistin var sérlega öfgafull, innhverf eða ofsafengin, kyrrstæð eða á mikilli hreyfingu. Píanóhlutverkið var stórbrotið og hrikalegt. Anna Guðný Guðmundsdóttir leysti það svo vel af hendi að það var aðdáunarvert.

Eftir hlé var fyrst The Unanswered Question eftir Charles Ives. Það er rúmlega hundrað ára gamalt tónverk, langt á undan sinni samtíð. Eiríkur Örn Pálsson lék afar fallega á trompetinn, og hinir hljóðfæraleikararnir spiluðu líka prýðilega. Tilkomumikið var að heyra í strengjakvartett uppi á svölum langt í burtu. Hann spilaði eitthvað allt annað. Samt rímaði það fullkomlega við trompeteinleikinn.

Næst á dagskrá var Phantasmagoria fyrir píanó, kammerhóp og rafhljóð eftir Steingrím Rohloff. Tinna Þorsteinsdóttir var þar einleikarinn og spilaði af krafti, nákvæmni og fagmennsku. Tónlistin sjálf var einnig athyglisverð, mikið gekk á, atburðarásin var hröð. Uppbyggingin var sérlega vel ígrunduð og spennuþrungin. Stígandin var markviss og hápunkturinn brjálæðislegur.

Kannski var atburðarrásin þó aðeins OF hröð. Steingrímur hefði mátt slaka stundum á og leyfa hlustandanum að dvelja lengur við tiltekin augnablik. Það hefði gefið tónlistinni meiri dýpt.

Einmitt þetta einkenndi hið skemmtilega lokaverk eftir Alejandro Castaños, sem bar hið sérkennilega nafn [+]. Þar var líka mikill kraftur og læti, en maður fékk smá næði til að meðtaka hvað gekk á hverju sinni áður en næsti kafli hófst. Það var magnaður lokahnykkur á tónleikunum, sem í heild voru líflegur endir á frábærri tónlistarhátíð. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Sérlega vandaðir, metnaðarfullir tónleikar.




# Tvær sýningar opnaðar í Listasafni Íslands

Gamlar gersemar og verk eftir erlenda áhrifavalda í eigu safnsins dregin fram á tveimur yfirlitssýningum

Tvær yfirlitssýningar hefja göngu sína í Listasafni Íslands á morgun. Sú fyrri nefnist Gamlar gersemar en þar er dreginn fram hluti af verkum í eigu safnsins sem sjaldan koma fyrir augu almennings eftir erlenda og innlenda listamenn sem létust um miðbik síðari heimsstyrjaldar. Sýningin er haldin í Sal eitt og tvö á safninu.

Erlendir áhrifavaldar nefnist hin sýningin. Tíundi hluti safneignar Listasafns Íslands er eftir erlenda listamenn, til dæmis frá Norðurlöndunum, meginlandi Evrópu, Bretlandseyjum, Norður-Ameríku og Austurlöndum. Á sýningunni er staldrað við verk gerð eftir heimsstyrjöldina síðari og áttu þau hljómgrunn meðal innlendra listunnenda. Brugðið er upp úrvali þessara verka, þrívíðra í sal þrjú og tvívíðra, málverka og ljósmynda, í sal fjögur.

Báðar sýningarnar standa til 5. maí.



**LISTASAFN ÍSLANDS** Á sýningunni Gamlar gersemar má sjá verk eftir listamenn sem létust um miðbik síðari heimsstyrjaldar en á sýningunni Erlendir áhrifavaldar eru verk frá því eftir stríð.





## TÓNNINN GEFINN

Trausti Júlíusson

# Einn af þeim villtari

Við tónlistarfíklar þurfum alltaf að vera að hlusta á eitthvað nýtt. Aðgengi að nýrri tónlist hefur aldrei verið betra. Það er t.d. hægt að streyma sig í hel (afsakið orðbragðið) á tónlistarsíðum eins og gogoyoko og Tónlist.is og eins er hægt að hala niður út í hið óendanlega.



**STUTTUR FERILL** Hryggilegur dauðdagi batt enda á feril Johnny Ace.

Leitin að einhverju sem maður hefur ekki áður heyrt er hins vegar ekkert bundin við nýja listamenn. Það er ekki síður spennandi að grúska í fortíðinni. Síðustu ár hafa sprottið upp endurútgáfufyrirtæki sem sérhæfa sig í tónlist sem er orðin meira en 50 ára og þar með komin úr höfundarrétti. Eitt af þeim betri er Fantastic Voyage. Útgáfur þess eru mjög vel unnar: Tónlistin almennilega hljóðblönduð og veglegur bæklingur fylgir hverri plötu. Í fyrra gaf FV út tveggja diska pakka tileinkaðan bandaríska ryþmablússöngvaranum og píanóleikaranum Johnny Ace. Ace var fæddur í Memphis í júní 1929. Hann var sjálfmenntaður píanóleikari og hóf ferilinn í hljómsveit BB King árið 1949. Þremur árum seinna gerði hann samning við Duke-útgáfufyrirtækið og sendi frá sér lagið My Song, sem náði toppi ryþmablúslistans. Eftir það kom röð af smáskífum næstu tvö árin en ferillinn hlaut snöggan endi 25. desember 1954. Ace hafði fengið þá hugmynd í fimm mínútna pásu baksviðs á tónleikum, að fara í rússneska rúllettu. Hann skaut sig í hausinn í pásunni, en augnabliki á undan hafði hann beint byssunni að kærustunni og hleypt af. Hún var heppnari ...

Á safnplötunni Ace's Wild eru öll þau lög sem Johnny hljóðritaði á ferlinum, en að auki lög sem hann lék inn á sem sessjón-leikari, m.a. með listamönnum eins og Bobby Bland, Earl Forest og BB King. Flott ryþmablústónlist og fín útgáfa.

## Í spilaranum



**My Bloody Valentine** - MBV



**Bloodgroup** - Tracing Echoes



**Eels** - Wonderful, Glorious






**FIMMTÁNDA PLATAN** Nick Cave og félagar í The Bad Seeds gefa út sína fimmtándu hljóðversplötu í næstu viku. NORDIPCHOTOS/GETTY

# Óskilgreind fegurð

**Nick Cave & the Bad Seeds sendir frá sér sína fimmtándu hljóðversplötu, Push the Sky Away, í næstu viku. Hljómsveitin fagnar 30 ára afmæli sínu á þessu ári.**

Fimmtánda hljóðversplata Nick Cave & the Bad Seeds, Push the Sky Away, kemur út 18. febrúar. Þetta er fyrsta plata hljómsveitarinnar án stofnmeðlimsins Micks Harvey, sem sagði skilið við Cave og félaga fyrir þremur árum. Þar með er forsprakkinn Nick Cave orðinn eini upphaflegi meðlimur The Bad Seeds sem er enn í bandinu en á þessu ári eru þrjátíu ár liðin frá stofnun þess.

Eftir að hafa fylgt eftir síðustu plötu, Dig Lazarus, Dig!!! sem kom út 2008, lagðist hljómsveitin í híði á meðan Cave sneri sér að öðrum hugðarefnum. Önnur plata hliðarsveitar hans, Grinderman, kom út 2010 og í fyrra kom út glæpamyndin Lawless sem Cave samdi handritið að og bjó einnig til tónlistina við í samstarfi við Warren Ellis, félaga sinn úr The Bad Seeds og Grinderman.

Push the Sky Away þykir rólegri og hlýlegri en Dig Lazarus, Dig!!! en á þeirri plötu var rokkið áberandi. Smáskífulögin tvö, We No Who U R og Jubilee Street bera vott um það og minna á plöturnar Boatman's Call og No More Shall We Part.

Upptökur fóru fram í hljóðverinu La Fabrique á gömlum herragarði í suðurhluta Frakklands og annaðist Nick Launay, sem hefur unnið með Cave í mörg ár, upptökustjórn. „Ég mæti inn í hljóðverið með slatta af ómótuðum hugmyndum. Það eru The Bad Seeds sem breyta þeim í eitthvað töfrandi," sagði hinn 55 ára Cave, sem segir nýju plötuna hafa yfir óskilgreindri fegurð að ráða. „Við erum búnir að gera einhverjar fimmtán plötur og við ættum eiginlega ekki að vera að gera áhugaverðar eða merkilegar plötur svona seint á ferlinum. Þess vegna erum við frekar stoltir," sagði hann við tímaritið Uncut.

Push the Sky Away kemur út í viðhafnarútgáfu, meðfram hinum hefðbundnu, eða í harðspjaldabók með 32 blaðsíðum með handskrifuðum textum og myndum. Mynddiskur fylgir einnig útgáfunni með myndefni frá listamönnunum Iain Forysth og Jane Pollard.

Nick Cave & the Bad Seeds ætla að fylgja Push the Sky Away eftir á heldur óhefðbundinn hátt. Auk þess að fara í tónleikaferð um heiminn spilar sveitin á fjórum tónleikum í fjórum mismunandi borgum, London, París, Berlín og Los Angeles, dagana 10. til 18. febrúar. Á hverjum tónleikum spilar sveitin ásamt strengjasveit og kór, auk þess sem sýnd verður stuttmynd um gerð plötunnar.

freyr@frettabladid.is

## 31.1.2013 → 6.2.2013



**ÁSGEIR TRAUSTI**



**SÖNGVAKEPPNI SJÓNVARPSINS 2013**

### LAGALISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Ásgeir Trausti | Nýfallið regn |
| ▼ | 2 | Valdimar | Yfir borgina |
| ▶ | 3 | Moses Hightower | Háa C |
| ▶ | 4 | Retro Stefson | Julia |
| ▲ | 5 | Bruno Mars | Locked Out of Heaven |
| ▲ | 6 | Frank Ocean | Lost |
| ▲ | 7 | Justin Timberlake / Jay-Z | Suit and Tie |
| ▲ | 8 | Jónas Sigurðsson | Fortíðarþrá |
| ▲ | 9 | Asaf Avidan | One Day |
| ▲ | 10 | Rihanna / Mikky Ekko | Stay |

### TÓNLISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Ýmsir | Söngvakeppnin 2013 |
| ▼ | 2 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▼ | 3 | Retro Stefson | Retro Stefson |
| ▲ | 4 | Moses Hightower | Önnur Mósebók |
| ▼ | 5 | Valdimar | Um stund |
| ▼ | 6 | Jónas Sigurðsson | Þar sem himin ber við haf |
| ▶ | 7 | Hjaltalín | Enter 4 |
| ▲ | 8 | Of Monsters and Men | My Head Is an Animal |
| ▲ | 9 | Raggi Bjarna | Dúettar |
| * | 10 | Skálmöld | Börn Loka |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

# BT LAGERSALA

## ... aðeins í nokkra daga - takmarkað magn !!



**ION Film 2 SD filmuskanni**
SKANNAR FILMUR OG SLIDES
ÁÐUR ~~19.999~~
**12.999**



**Point of View 9.7" ProTab2**
1GB RAM - 8GB FLASH - IPS SKJÁR
ÁÐUR ~~49.999~~
**29.999**



**ION USB PLÖTUSPILARI**
STYÐUR 33 1/3 OG 45rpm PLÖTUR
ÁÐUR ~~24.999~~
**17.999**




**Samsung 43" E455 PLASMA**
HD READY - 600Hz - USB - 2x HDMI
ÁÐUR ~~119.900~~
**99.900**

**Samsung 51" E455 PLASMA**
HD READY - 600Hz - USB - 2x HDMI
ÁÐUR ~~149.900~~
**129.900**

## SÍÐUSTU EINTÖK - LAGERHREINSUN - TAKMARKAÐ MAGN

## YFIR 2000 VÖRUR Á LÆKKUÐU VERÐI

**25%** AF ÖLLUM COMPACT MYNDAVÉLUM

ALLT AÐ **70%** AF TÖLVULEIKJUM

OG SVO MARGT MARGT FLEIRA SJÁUMST :)

**25%** AF ALLRI TÓNLIST

**25%** AF ÖLLUM DVD MYNDUM

FRÁBÆR TILBOÐ Á SJÓNVÖRPUM OG HLJÓMTÆKJUM

**BT Skeifunni - BT Glerártorgi -** www.BT.is - s. 550-4444

# Wiig í Anchorman 2

Kristin Wiig bætist við stórkostlegan leikarahóp.



**VERÐUR MEÐ** Kristen Wiig fer með hlutverk í Anchorman 2. Myndin er væntanleg í lok þessa árs. NORDICPHOTOS/GETTY

**Leikkonan Kristen Wiig mun fara með hlutverk í gamanmyndinni Anchorman: The Legend Continues. Mótleikkona hennar, Christina Applegate, staðfesti fréttirnar á Twitter.**

**Adam McKay leikstýrir myndinni sem er sjálfstætt framhald hinnar geysivinsælu gamanmyndar Anchorman: The Legend of Ron Burgundy, sem kom út árið 2004 og skartaði meðal annars Will Ferrell, Christinu Applegate, Steve Carell og Paul Rudd í aðalhlutverkum. Samkvæmt heimildum vefsíðunnar Thewrap.com mun Wiig leika konu sem persóna Carells, Brick Tamland, hrífst af. Myndin er væntanleg í kvikmyndahús 20. desember á þessu ári.**



**FULLORÐIN HANS OG GRÉTA** Í myndinni Hansel & Gretel: Witch Hunters eru þau systkini orðin fullorðin og fara um heiminn til að drepa nornir.

# Spennandi helgi með söguívafi

Sly Stallone, Jeremy Renner og mynd með Óskarstilnefningu í bíó um helgina.

Hörkutólið Sylvester Stallone tekur yfir hvíta tjaldið um helgina í hasarmyndinni Bullet to the Head. Stallone fer þar með hlutverk leigumorðingjans Jimmy Bonomo. Bonomo og félagi hans Louis höfðu ráðið spillta löggu af dögum nokkru áður og hafði Louis ekki lifað það verkefni af. Nú ætlar félagi lögreglumannsins, Taylor Kwon, að hefna fyrir vin sinn en fyrir tilviljun enda þeir Kwon og Bonomo á því að snúa bökum saman í baráttu við sameiginlegan óvin sinn.

Ævintýra- og spennumyndin Hansel & Gretel: Witch Hunters verður einnig frumsýnd um helgina. Það eru Jeremy Renner og Gemma Arterton sem fara með hlutverk systkinanna nú fimmtán árum eftir að þau voru fangar nornarinnar í piparkökuhúsinu. Þau starfa nú sem sérlegir nornaveiðarar og leita uppi og drepa nornir um allan heim. Þegar bæjarstjóri þorpsins Augsburg kallar eftir þeirra hjálp lenda þau þó í verkefni sem gæti reynst þeim ofviða.

Norska myndin Kon-Tiki verður svo sýnd í Bíó Paradís og Háskólabíói. Myndin fjallar um náttúruvísindamanninn og landkönnuðinn Thor Heyerdahl. Heyerdahl ætlaði sér að sigla 8.000 kílómetra leið frá Perú til Pólynesíu á fleka smíðuðum að fyrirmynd frumbyggja. Með því vildi hann sanna að menn hefðu siglt þessa leið fyrir 1.500 árum. Myndin hefur verið tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta erlenda mynd ársins.



**FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR** Zero Dark Thirty hefur hlotið góð meðmæli bæði gagnrýnenda og áhorfenda. Myndin er tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna og er Jessica Chastain tilnefnd til verðlaunanna fyrir leik sinn.

# Dogma-endurgerð af Chuck Norris-mynd

Zero Dark Thirty er tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna. Myndin er í leikstjórn Kathryn Bigelow og er frumsýnd í kvikmyndahúsum hér á landi annað kvöld.

Kvikmyndin Zero Dark Thirty segir frá leit Bandaríkjahers að Osama bin Laden, leiðtoga al-Kaída. Myndin er tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna og verður frumsýnd annað kvöld.

Eftir árásina á tvíburaturnana í New York þann 11. september árið 2001 hóf Bandaríkjaher mikla leit að Osama bin Laden, leiðtoga al-Kaída, en samtökin höfðu þá lýst yfir ábyrgð á árásunum. Söguþráður Zero Dark Thirty hefst árið 2003 og er Maya, höfuðpersóna myndarinnar, þá nýkomin til starfa hjá bandarísku leyniþjónustunni CIA. Stuttu síðar er hún flutt um set og þá alla leið til Pakistan, þar sem hún vinnur dag og nótt ásamt öðrum leyniþjónustumanni, Dan, við að afla upplýsinga sem gætu leitt til handtöku bin Laden. Sagan fylgir svo Mayu og Dan eftir allt til árásardagsins þann 6. maí árið 2011.

Leikstjóri Zero Dark Thirty er Kathryn Bigelow, en hún er fyrsta og jafnframt eina konan sem hefur hlotið Óskarsverðlaunin fyrir bestu leikstjórn. Verðlaunin hlaut hún árið 2009 fyrir kvikmyndina The Hurt Locker. Bigelow skrifaði handrit myndarinnar ásamt blaðamanninum og handritshöfundinum Mark Boal, en þau unnu einnig saman að gerð handrits The Hurt Locker. Upphaflega fjallaði handrit Zero Dark Thirty um áratuga langa leit bandarískra stjórnvalda að bin Laden og neyddust Bigelow og Boal til þess að endurskrifa allt handritið eftir að bin Laden var myrtur af bandarískum sérsveitamönnum 6. maí árið 2011. Með aðalhlutverk myndarinnar fara Jessica Chastain, sem er tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn, Chris Pratt og Joel Edgerton.

Myndin fær víðast hvar góða dóma, þó eilítið slakari meðmæli frá almennum áhorfendum en frá gagnrýnendum. Á vefsíðunni Rottentomatoes.com hlýtur Zero Dark Thirty 94 prósent í einkunn frá gagnrýnendum og 84 prósent frá áhorfendum. Á síðunni segir einn gagnrýnandi að þó myndin bjóði upp pólitísk umhugsunarefni og spennu sé hún í heild sinni aðeins þokkaleg. Á Imdb.com fær Zero Dark Thirty 7,7 í einkunn og á vefsíðunni Metacritic.com gefa gagnrýnendur henni 95 prósent í einkunn en notendur síðunnar gefa henni 65 prósent. Gagnrýnandi Empire segir Zero Dark Thirty vera grípandi og vel leikna og líkir henni við Dogma-endurgerð af Chuck Norris-kvikmynd. Það hljóta að vera bestu meðmæli sem kvikmynd getur fengið. **- sm**

Titill myndarinnar, **Zero Dark Thirty,** er íðorð sem notað er í bandaríska hernum og þýðir klukkan hálf eitt að nóttu til. Zero Dark þýðir miðnætti og þegar þrjátíu er bætt við er átt við þrjátíu mínútum eftir miðnætti.




FERMING 2013
Fleiri myndir og verð á facebook síðu galleri sautján og á www.ntc.is
galleri sautján
Kringlan | Smáralind



**FACEBOOK** Tímaskortur er ein ástæðna fyrir Facebook-pásum.

## Flestir taka sér Facebook-pásu

**Flestir notendur Facebook-samskiptavefsins taka sér endrum og eins pásur frá því að heimsækja síðuna, ef marka má nýja rannsókn hinnar bandarísku Pew-félagsfræðirannsóknarstöðvar.**

**Um það bil tveir þriðju Bandaríkjamanna á fullorðinsaldri nota Facebook reglulega. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að 61% þeirra hefur tekið sér pásur frá síðunni í lengri eða skemmri tíma, þær lengstu í nokkrar vikur.**

**Algengustu ástæður hvíldarinnar voru tímaskortur, áhugaleysi á síðunni og sú tilfinning að Facebook væri mikill tímaþjófur.**

**Um fjögur prósent þátttakenda í rannsókninni höfðu áhyggjur af því að einkalíf þeirra væri í hættu sem skráðir Facebook-notendur.**

# Hannar og framleiðir minnstu föt landsins

Berglind Baldursdóttir hefur varið tveimur árum í að hanna fyrirburafatnað sem er nú kominn í verslanir.

„Þetta er vissulega takmarkaður markaður en fólk áttar sig samt ekki á því hvað fyrirburafæðingar eru algengar. Rúm 6 prósent fæðinga hérlendis eru fyrirburafæðingar og heil 12 prósent í Bandaríkjunum. Samt eru bara örfáir fataframleiðendur í heiminum sem sinna þessum hópi,“ segir Berglind Baldursdóttir.

Berglind byrjaði í síðustu viku að selja fyrirburafatnað undir merkinu Tamiko, en mikil þörf hefur verið hérlendis, sem og víðar, á fötum í nægilega litlum stærðum til að passa á fyrirbura. Um tvö ár eru síðan Berglind hóf að hanna línuna og er hún búin að verja miklum tíma í öll smáatriði. „Fyrsta hálfa árið fór bara í að lesa mér til. Upphaflega ætlaði ég bara að bæta örlítið við Baby Grappling-barnafatalínuna mína en eftir tveggja daga rannsóknir sá ég hversu mikil þörf var á fyrirburafatnaði svo ég ákvað að einbeita mér að honum. Áður en ég fór af stað í hönnunina hitti ég nokkra foreldra fyrirbura og fór á nýburagjörgæsluna til að fá álit þeirra sem þekktu til á því hvernig fötin þyrftu að vera,“ segir Berglind. „Ég er oft spurð að því hvort ég eigi fyrirbura sjálf og hafi þess vegna leiðst út í þetta, en það er ekki málið. Ég datt bara alveg óvart inn í þennan heim,“ bætir hún við, en



**PÍNULÍTIL FÖT** Tamiko-fyrirburafötin eru í stærðum 38, 44 og 50 og sérhönnuð fyrir pínulítil börn sem þurfa að verja fyrstu dögum lífs síns tengd við vélar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

í gegnum hönnun línunnar hefur Berglind meðal annars leiðst inn í styrktarfélagið Líf, sem er til handa langveikum börnum, og situr þar í fjáröflunarnefnd.

Fyrirburar þurfa oftar en ekki að vera tengdir við vélar fyrstu daga lífs síns og taka allar flíkur Tamiko-línunnar mið af því. Lítið gat er á hlið þeirra fyrir snúrurnar sem börnin þurfa oft að vera tengd við og auk þess er allur fatnaðurinn mjög opnanlegur. Notuð er þynnri bómull en í venjuleg barnaföt og mikið er lagt upp úr því að hafa fötin sem þægilegust fyrir börnin. „Allar myndir á flíkunum eru prentaðar á með mjúku prenti svo þær þola mikinn þvott og eru ekki með þessu harða og óþægilega bakspjaldi sem er oft á barnafötum,“ segir Berglind en allar myndirnar eru sérteiknaðar fyrir hana með það fyrir augum að þær endurspegli ást, kærleika og hlýju. Fötin koma í stærðum 38, 44 og 50 og er til sölu í Móðurást í Kópavogi og á Amazon í Bretlandi en reiknað er með að þau komi inn á ameríska Amazon síðar í mánuðinum.

tinnaros@frettabladid.is

### Tamiko japanskt stúlkunafn

Berglind setti fyrirburalínuna á markað undir heitinu Tamiko. Nafnið er japanskt stúlkunafn og merkir fallegasta barnið. „Ég vaknaði einn daginn og ákvað að nafnið á línunni ætti að byrja á Ta. Þaðan lagðist ég í Google-vinnu og endaði á japanskri barnanafnasíðu. Þar fann ég nöfnin Tamara og Tamiko og fannst þau bæði ótrúlega falleg. Ég valdi svo það síðara út af merkingunni,“ segir Berglind.




# Sjálfstyrking gegn klámi

Sigga Dögg veltir fyrir sér öðrum úrræðum en því að banna klám og segir umræðu um klám af hinu góða.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



Rætt er um ritskoðun á klámi. Sumir súpa hveljur og segja að vor ráðherra ætli að setja regluverk um gamla góða inn-út-inn-út. Aðrir hafa áhyggjur af því hvers landið okkar skuli gjalda, fyrst gjaldeyrishöft og nú klámbann.

Nú er ekki tíminn til að ofanda. Umræða um klám er af hinu góða. Við erum að vekja hinn sofandi gagnrýnanda sem setur spurningarmerki við hvers konar samskipti við viljum eiga hvert við annað og hvað við viljum kenna börnunum.

Auðvitað er klám og klám ekki það sama. Mitt klám kann að misbjóða þér og öfugt. Ég er sátt svo lengi sem klámið brýtur ekki lög, er framleitt í umhverfi sem fer vel með leikarana og það sé skýrt að hér séu allir samþykkir og tungumálið er eftir því. Leikararnir spyrja hver annan blíðlega hvort þetta sé gott og þiggja gjarnan leiðbeiningar frá kynlífsfélaganum um hvað megi betur fara. Enginn geltir skipanir eða svívirðingar eða fær brund í augað, nema það gerist algjörlega óvart.

Sumir segja að það megi færa rök fyrir því að klám í sjálfu sér sé ekki slæmt og er háð túlkun hvers og eins. Þá er gjarnan tekið dæmi um aðra hluti sem má misnota og fólki bent á að ekki fari allir illa út úr neyslu á til dæmis sykri eða áfengi. Ég tek undir það, en minni á að hér erum við með hlut, kynlíf, sem fólk er hrætt við, það hvorki þorir né kann að tala um það. Okkur er ekki tamt að tala fordómalaust um kynlíf. Það er eitthvað sem mætti skoða ef umræðan á að þroskast og skila okkur farsælli niðurstöðu. Við þurfum að bera virðingu fyrir vali hvers og eins, innan löglegra og skynsamlegra marka.

Ég held það myndi reynast okkur erfitt að banna klám og er ekki viss um að það sé leiðin sem við viljum fara. Ég vil að við styrkjum einstaklinginn í því að vera skynsamur og gagnrýninn í sinni neyslu. Aukum fræðslu og fordómalausa umræðu. Kennum börnum að virða tilfinningar sínar og annarra. Styrkjum þau í að standa með sjálfum sér og meina það sem þau segja, og segja það sem þau meina.

Búum til samfélag sem kýs að sjá kynlíf frá fleiri hliðum en eingöngu út frá snertingu kynfæra. Göngum jafnvel lengra og bendum á gott klám, eins og frændur okkar Svíar hafa gert og framleitt. Gefum einstaklingum verkfærin til að stýra sínu eigin kynlífi og treysta því að hann sjái fegurðina og húmorinn í því að njóta kynlífs með öðrum einstaklingi á jafnréttisgrundvelli. Með aukinni fræðslu og sjálfsstyrkingu byggjum við grunn að sterkum einstaklingi og vinnum um leið á ótal þjóðfélagsmeinum.



**ÞJÓÐFÉLAGSLEGT MEIN?** Sigga Dögg veltir fyrir sér öðrum úrræðum en því að banna klám. NORDICPHOTOS/GETTY

HIN EINA SANNA

# SKÓSPRENGJA

# HEFST Í DAG

ásamt öðrum tilboðum

# 50% - 90%

## AFSLÁTTUR

**Opnunartími Grafarholti**
Virka daga milli kl. 11 og 18
Laugardaga milli kl. 11 og 16
Sunnudaga milli kl. 13 og 17

**Opnunartími Smáratorgi**
Virka daga milli kl. 11 og 18
Laugardaga og sunnudaga
milli kl. 11 og 22

VÖRUR FRÁ:

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið Kringlunni - Smáralind

skór.is KRINGLAN • SMÁRALIND

Toppskórinn Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

Toppskórinn Markaður
Smáratorgi, Kópavogi • Á milli The Pier og Toys´R´us

www.skor.is

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%
THE LAST STAND — POWERSÝNING KL. 10.15 — EIN BESTA HASARMYND ÁRSINS!
HÁKARLABEITA 2 — ÍSL TAL!
VESALINGARNIR — 8 ÓSKARSTILNEFNINGAR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE LAST STAND | 8, 10.15(P) | 16 |
| HÁKARLABEITA 2 | 6 | L |
| VESALINGARNIR | 6 | 12 |
| DJANGO UNCHAINED | 10.15 | 16 |
| THE HOBBIT 3D | 5.30(48R) | 12 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
JASON STATHAM - JENNIFER LOPEZ
PARKER — HOLLYWOOD REPORTER — VARIETY — STATHAM Í SINNI BESTU HASARMYND TIL ÞESSA 16
GANGSTER SQUAD — "SOLID ENTERTAINMENT" — THE BEST GANGSTER FILM OF THE DECADE 16
THE IMPOSSIBLE — NAOMI WATTS TILNEFND TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
JACK REACHER — THE LAW HAS LIMITS. HE DOES NOT. — EMPIRE — HOLLYWOOD REPORTER 12
CHASING MAVERICKS — FRÁBÆR MYND MEÐ GERALD BUTLER OG ELISABETH SHUE — BYGGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM 7
DJANGO — 5 ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNINGAR — BESTA MYNDIN — 2 VERÐLAUN 16
ÞAU ERU KOMIN AFTUR — SKRÍMSLI HF 3D — SKRÍMSLIN SEM ALLIR ELSKA NÚ Í FRÁBÆRRI ÞRÍVÍDD L
XL — -MBL — -FBL — MÖGNUÐ NÝ ÍSLENSK MYND 16

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| PARKER | KL. 5:30 - 8 - 10 | 16 |
| PARKER VIP | KL. 10:30 | VIP |
| GANGSTER SQUAD | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| GANGSTER SQUAD VIP | KL. 5:30 - 8 | VIP |
| MONSTERS INC ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| CHASING MAVERICKS | KL. 10:30 | 7 |
| JACK REACHER | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSLTAL | KL. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| PARKER | KL. 8 | 16 |
| THE LAST STAND | KL. 8 | 16 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 10:30 | 12 |
| CHASING MAVERICKS | KL. 10:20 | 7 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| PARKER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| GANGSTER SQUAD | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| MONSTERS INC ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| DJANGO UNCHAINED | KL. 8 | 16 |
| JACK REACHER | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| PARKER | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| GANGSTER SQUAD | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| XL | KL. 6 | 16 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| PARKER | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| XL | KL. 10:20 | 16 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ — HÁSKÓLABÍÓ
LINCOLN — DANIEL DAY-LEWIS — EMPIRE — ROGER EBERT — R.P., MBL — LÚXUS 14
12 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA — GOLDEN GLOBE - BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI
THE LAST STAND — SCHWARZENEGGER — KNOXVILLE 16
VESALINGARNIR 12
DJANGO — Þ.Þ., FRÉTTATÍMINN — G.F.V., VIÐSKIPTABLAÐIÐ — H.S.S., MBL — S.S., LISTAPÓSTURINN — H.V.A., FRÉTTABLAÐIÐ — 5 ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNINGAR — BESTA MYNDIN — BESTI LEIKARI Í AUKAHLUTVERKI — BESTA UPPRUNALEGA HANDRIT — 2 GOLDEN GLOBE VERÐLAUN 16
HÁKARLABEITA 2 L

| SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5% | | |
|---|---|---|
| LINCOLN | KL. 5 | 14 |
| THE LAST STAND KL. 8 - 10.20 | LÚXUS KL. 8 | 16 |
| HÁKARLABEITA 2 | KL. 3.20 | L |
| VESALINGARNIR KL. 4.30 - 8 | LÚXUS KL. 4.30 | 12 |
| DJANGO | KL. 4.30 - 8 - 10.40 | 16 |
| DJANGO LÚXUS | KL. 10.20 | 16 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 4.30 | 12 |
| LIF OF PI 3D | KL. 8 | 10 |

| HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5% | | |
|---|---|---|
| LINCOLN | KL. 5.50 - 9 | 14 |
| VESALINGARNIR | KL. 5.50 - 9 | 12 |
| DJANGO | KL. 9 | 16 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 6 | 10 |
| RYÐ & BEIN | KL. 5.50 | L |

| BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
|---|---|---|
| LINCOLN | KL. 5.20 - 9 | 14 |
| THE LAST STAND | KL. 8 | 16 |
| VESALINGARNIR | KL. 6 | 12 |
| DJANGO | KL. 10 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio



**ÖNNUM KAFNAR** Þær Bergþóra Kristbergsdóttir og Júlíana Kristín Liborius Jónsdóttir eru báðar í Morfísliði Borgarholtsskóla og leikfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Siðferðislega rangar sögur

**Leikfélag Borgarholtsskóla frumsýnir verkið Grimmd á föstudag. Formaður leikfélagsins, Bergþóra Kristbergsdóttir, segir félagið vera að rísa upp úr öskunni.**

„Það er allt á fullu núna enda styttist óðum í frumsýningu,“ segir Bergþóra Kristbergsdóttir, formaður leikfélags Borgarholtsskóla sem frumsýnir leikritið Grimmd í Tjarnarbíó á morgun.

Verkið Grimmd er unnið upp úr þremur frekar óþekktum sögum úr Grimms-ævintýrunum; Einitréð, Handalausa mærin og Váli véladur. Leikstjóri er Jenný Lára Arnórsdóttir. Um 20 leikarar eru í sýningunni en 40-50 manns úr öllum deildum skólans koma að uppsetningunni. Sögurnar þrjár eiga það sameiginlegt að vera bæði óþægilegar og siðferðislegar rangar að sögn Bergþóru. „Við fórum að skoða þessi upprunalegu Grimmsævintýri sem er miklu hryllilegri en þær útgáfur sem við þekkjum í dag,“ segir Bergþóra og fullyrðir að spennan sé að magnast í skólanum fyrir frumsýninguna.

Leikfélagið hefur ekki verið virkt síðastliðin ár og segir Bergþóra að það hafi fyrst verið erfitt að ná í krakka til að taka þátt í sýningunni. Það má því segja að leikfélagið sé að rísa úr öskustónni. „Ég vona að núna séum við að leggja línuna fyrir komandi ár í skólanum og að leiklistin eigi eftir að blómstra hér eins og í öðrum skólum. Margir sem leika í sýningunni eru að stíga á svið í fyrsta sinn og hafa lagt mikið á sig til að læra listina við að leika frá grunni.“

Auk þess að vera formaður leikfélagsins er Bergþóra í Morfís-liði skólans, því fyrsta í langan tíma sem einungis er skipað stúlkum. Hún viðurkennir að það taki sinn toll að vera virkur í félagslífinu. „Þetta tekur oft mikinn tíma frá skólabókunum en ég reyni að brosa fallega til kennaranna í staðinn.“

-áp

# Lohan bað Gaga um lán



**EKKERT LÁN** Lady Gaga vildi ekki lána Lindsay Lohan 63 milljónir. NORDICPHOTOS/GETTY

Lindsay Lohan fékk rúmar tólf milljónir króna að láni frá Charlie Sheen til að geta borgað það sem hún skuldaði bandaríska skattinum. Nú hefur Lohan leitað til söngkonunnar Lady Gaga eftir fjárhagsaðstoð.

Samkvæmt frétt The National Enquirer óskaði Lohan eftir 63 milljóna króna láni til að geta staðið undir lögfræðikostnaði sínum og til að geta greitt húsaleigu á heimili sínu í Beverly Hills. „Gaga sagðist ekki geta aðstoðað hana og gaf engar frekari útskýringar. Það særði Lindsay að Gaga skyldi hafa sent skilaboðin í gegnum aðstoðarfólk sitt í stað þess að hafa samband við hana beint,“ hafði tímaritið eftir nánum vini Lohan.

# Maður ársins hjá Harvard

Kiefer Sutherland hefur verið valinn Hasty Pudding-maður ársins hjá Harvard-háskólanum í Bandaríkjunum. Leikarinn verður heiðraður fyrir framlag sitt til skemmtanabransans við hátíðlega athöfn á föstudag.

Hinn 46 ára Sutherland fetar þar með í fótspor leikkonunnar Marion Cotillard, sem var valin Hasty Pudding-kona ársins hjá Harvard í síðustu viku. Sutherland er líklega þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Jack Bauer í spennuþáttunum 24 í níu þáttaröðum.



**MAÐUR ÁRSINS** Kiefer Sutherland hefur verið valinn maður ársins hjá Harvard. NORDICPHOTOS/GETTY



**VEIKUR** Morrissey neyddist til að aflýsa tónleikum vegna veikinda. NORDICPHOTOS/GETTY

# Morrissey aflýsir tónleikum

Tónlistarmaðurinn Morrissey hefur aflýst tveimur tónleikum sínum vegna veikinda. Morrissey átti að koma fram á tónleikum í Las Vegas hinn 9. febrúar og í Phoenix kvöldið eftir.

Talsmaður söngvarans sagði hann vera með blæðandi magasár og frumubreytingar í vélinda og að hann þyrfti að gangast undir aðgerðir vegna þessa. „Morrissey þakkar aðdáendum sínum fyrir heillaóskirnar og vonast til að ná heilsu sem fyrst,“ sagði talsmaðurinn.

Morrissey sló í gegn með hljómsveitinni The Smiths á níunda áratug síðustu aldar.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ ★ PARADÍS
HOLY MOTORS
HVELLUR — ***** -Morgunblaðið — **** - Rás 2 — **** - Fréttablaðið — HEIMILDAMYNDIN UM LAXÁRDEILUNA SEM ER AÐ SLÁ Í GEGN!
NOSFERATU — MEISTARAVERK ÞÖGLU MYNDANNA
FIMMTUDAGUR: VETRARHÁTÍÐ: NOSFERATU (12) 22:00 ■ HOLY MOTORS (16) 17:50, 20:00, 22:10 ■ HVELLUR (L) 18:00, 20:00 ■ XL (16) 20:10, 22:00 ■ ROYAL AFFAIR (14) 17:50 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 22:00
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.


STÖÐ 2 MIÐVIKUDAGSKVÖLD
20.50
GREY'S ANATOMY
Vinsælasti erlendi þáttur Stöðvar 2 hefur aldrei verið eins spennandi og höfundur þáttanna hefur lýst því yfir að hann eigi nóg inni.
Vertu með Stöð 2, 4 aukastöðvar og Netfrelsi fyrir 265 krónur á dag
VINSÆLU VERÐLAUNA-
ÞÆTTIRNIR Í FEBRÚAR
Spennan hefur aldrei verið meiri í Grey's Anatomy og vinkonurnar í Girls hafa aldrei verið fyndnari. Misstu ekki af vinsælustu verðlaunaþáttunum. Vertu með Stöð 2.
NÝTTU ÞÉR NETFRELSI
OG MISSTU EKKI AF NEINU!
Með Netfrelsi Stöðvar 2 getur þú séð uppáhalds þáttinn þinn í tölvunni, snjallsímanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.
KUNNUGLEG ANDLIT SNÚA AFTUR
ANNAR SPILLTUR,
HINN VITI SÍNU FJÆR
Kelsey Grammer er gjörspilltur borgarstjóri í Boss, en Matthew Perry örvinglaður íþróttafréttamaður í Go On.
STÖÐ 2 MIÐVIKUDAGSKVÖLD
22.20
GIRLS
Pínlega fyndnir þættir um Hönnu og vinkonur hennar sem slógu í gegn á síðustu Golden Globe hátíð.
STÖÐ 2 SUNNUDAGSKVÖLD
21.40
THE FOLLOWING
Magnaður spennuþáttur með Kevin Bacon í hlutverki fyrrum alríkislögreglumanns sem er kallaður aftur til starfa þegar hættulegur raðmorðingi flýr úr fangelsi.
HD
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone | Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000

## Jón Arnór keppir um Konungsbikarinn í fyrsta sinn



Jón Arnór Stefánsson og félagar í CAI Zaragoza hefja í kvöld leik í keppni um spænska Konungsbikarinn í körfubolta en þangað komast bara átta efstu lið spænsku deildarinnar. Jón Arnór er á sínu fimmta tímabili á Spáni en þetta er í fyrsta sinn sem hann tekur þátt í þessari sérstöku bikarkeppni sem er kláruð á fjórum dögum. CAI Zaragoza mætir liði Caja Laboral í 8 liða úrslitunum í kvöld. Caja er í 2. sæti deildarinnar en CAI er í 7. sæti. Sigurvegari úr þessum leik mætir sigurvegaranum úr leik Real Madrid (1. sæti) og Barcelona (4. sæti) sem fer einnig fram í kvöld. Undanúrslitaleikurinn fer fram á laugardaginn og úrslitaleikurinn er síðan spilaður daginn eftir.

## Kolbeinn yngsti fyrirliðinn síðan 1977

Kolbeinn Sigþórsson bar fyrirliðaband íslenska landsliðsins í fyrsta sinn á móti Rússum í gær, aðeins 22 ára, 10 mánaða og 23 daga gamall. Hann er yngri en Aron Einar Gunnarsson þegar hann fékk fyrsta fyrirliðabandið á móti Frökkum í fyrra, þá bara 23 ára, 1 mánaða og 5 daga. Aron Einar gat ekki tekið þátt í leiknum í gær vegna meiðsla.

Þegar Aron Einar fékk fyrirliðabandið frá Lars Lagerbäck í lok maí í fyrra var hann yngsti landsliðsfyrirliðinn síðan Ásgeir Sigurvinsson bar fyrirliðabandið í leikjum á móti Hollandi og Belgíu haustið 1977, þá aðeins 22 ára og fjögurra mánaða. Ásgeir var þarna fyrirliði landsliðsins í annað og þriðja sinn, en tveimur árum áður hafði hann sett metið, þá aðeins 20 ára og fjögurra mánaða. Lars Lagerbäck er greinilega óhræddur að láta unga leikmenn taka við fyrirliðabandinu.

Eiður Smári Guðjohnsen, sem lék með landsliðinu á ný í gær, bar fyrst fyrirliðaband landsliðsins í sigurleik á móti Færeyjum 7. júní 2003, þá 24 ára, 8 mánaða og 23 daga.

## Markatalan er 2-23

Íslenska 21 árs landsliðið tapaði 3-0 á móti Wales í vináttulandsleik í Wales í gær. Wales var sterkara liðið í leiknum en skoraði ekki mörkin sín fyrr en á síðustu ellefu mínútum leiksins. Þetta er áttunda tap íslenska 21 árs liðsins í röð undir stjórn Eyjólfs Sverrissonar því liðið tapaði sjö síðustu leikjum sínum í síðustu undankeppni. Markatala íslenska liðsins í þessum átta leikjum er 2-23 mótherjunum í hag.

Arnór Ingvi Traustason fékk besta færi íslenska liðsins í leiknum þegar hann slapp í gegn í stöðunni 0-0.

## ÚRSLIT

**SÍMABIKAR KVENNA Í HANDBOLTA ÁTTA LIÐA ÚRSLIT**

**GRÓTTA - HK 25-23 (14-8)**
**Mörk Gróttu:** Sunna María Einarsdóttir 8, Laufey Ásta Guðmundsdóttir 5, Arndís María Erlingsdóttir 4, Harpa Baldursdóttir 3, Unnur Ómarsdóttir 3, Þórunn Friðriksdóttir 1, Eva Björk Davíðsdóttir 1.

**Mörk HK:** Brynja Magnúsdóttir 9, Sóley Ívarsdóttir 5, Heiðrún Björk Helgadóttir 4, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 2, Valgerður Ýr Þorsteinsdóttir 2, Guðrún Erla Bjarnadóttir 1.

**Undanúrslitaleikirnir fara báðir fram í Laugardalshöllinni laugardaginn 9. mars en í pottinum verða Fram, ÍBV, Valur og Grótta.**

**DOMINOS KVENNA Í KÖRFU**

**KEFLAVÍK - VALUR 78-97 (42-48)**
**Keflavík:** Jessica Ann Jenkins 21, Sara Rún Hinriksdóttir 18, Birna Valgarðsdóttir 16 (11 frák.), Pálína Gunnlaugsdóttir 10 (5 frák./5 stoðs./5 stolnir), Bryndís Guðmundsdóttir 7, Ingunn Embla Kristínardóttir 6.

**Valur:** Kristrún Sigurjónsdóttir 31, Jaleesa Butler 24 (16 frák./6 stoðs./7 varin), Unnur Lára Ásgeirsdóttir 15, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 11, Hallveig Jónsdóttir 9, Guðbjörg Sverrisdóttir 7.

**KR - HAUKAR 73-54 (34-21)**
**KR:** Shannon McCallum 38 (14 frák./9 stolnir), Helga Einarsdóttir 15, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 14 (9 frák./5 stoðs.), Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 4, Björg Guðrún Einarsdóttir 2.

**Haukar:** Siarre Evans 20 (31 frák.), Gunnhildur Gunnarsdóttir 12, Margrét Rósa Hálfdanardóttir 11, Dagbjört Samúelsdóttir 4, María Lind Sigurðardóttir 3, Auður Íris Ólafsdóttir 2, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 2.

**NJARÐVÍK - SNÆFELL 61-78 (28-43)**
**Stigahæstar:** Lele Hardy 35 (16 frák.), Svava Ósk Stefánsdóttir 7, Ásdís Vala Freysdóttir 6 - Kieraah Marlow 24 (15 frák.), Hildur Björg Kjartansdóttir 16, Berglind Gunnarsdóttir 13, Rósa Indriðadóttir 8, Hildur Sigurðardóttir 6 (13 frák./5 stoðs.), Alda Leif Jónsdóttir 6, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 5.

**GRINDAVÍK - FJÖLNIR 90-64 (44-33)**
**Stigahæstar:** Crystal Smith 24 (10 frák./6 stoðs.), Petrúnella Skúladóttir 23 (8 frák./5 stoðs./5 stolnir), Berglind Anna Magnúsdóttir 12 - Bergdís Ragnarsdóttir 21, Britney Jones 19, Fanney Lind Guðmundsdóttir 11 (11 frák.).

**Stig liða í deildinni:** Keflavík 36, Snæfell 32, Valur 24, KR 24, Haukar 16, Grindavík 12, Njarðvík 10, Fjölnir 6



**RÚSSARNIR STERKIR** Roman Shirokov fagnar hér marki með félögum sínum en hann átti þátt í báðum mörkum Rússa. MYND/AFP

# Misheppnuð tilraun

### Ísland tapaði fyrir Rússlandi, 2-0, í vináttulandsleik á Marbella á Spáni í gærkvöld. Liðsuppstilling Íslands var sókndjörf en bar lítinn sem engan árangur.

**FÓTBOLTI** Árið hefði getað byrjað betur fyrir Lars Lagerbäck og lærisveina hans í íslenska landsliðinu. Eftir ágætt fyrsta ár hans í starfi sem einkenndist af almennri bjartsýni í garð liðsins í fyrsta sinn í langan tíma var fátt sem gladdi augað í 2-0 tapi Íslands fyrir Rússlandi í æfingaleik í gær.

Lagerbäck tefldi þó djarft og bauð upp á ógnarsterka sóknarlínu. Eiður Smári Guðjohnsen og Gylfi Þór Sigurðsson voru á köntunum og frammi voru þeir Kolbeinn Sigþórsson og Alfreð Finnbogason – báðir miklir markahrókar.

En því miður náðu þessir fjórir ekki að komast í gegnum vel skipulagðan rússneskan varnarmúr í gær. Rússarnir voru þolinmóðir, fóru sér að engu óðslegu og biðu þess að íslenska vörnin myndi sýna bresti – sem og varð raunin.

Lagerbäck sjálfur hefur bent á að helsta vandamál íslenska landsliðsins sé varnarleikurinn og að efniviðurinn sé ekki jafn mikill þar og í sóknarþenkjandi leikmönnum. Það sýndi sig í gær enda varnarleikur Íslands heldur vandræðalegur í báðum mörkum Rússa.

Rússneska liðið, sem var eingöngu skipað leikmönnum úr deildinni heima, spilaði afar skynsamlega í leiknum og hélt íslensku sóknarmönnunum algerlega niðri frá fyrstu mínútu.

„Þetta var ekki nógu gott hjá okkur í dag,“ sagði Kolbeinn við Fréttablaðið eftir leik í gær, en hann var fyrirliði í fjarveru Arons Einars Gunnarssonar. „Við getum þó huggað okkur við að við spiluðum ágætan varnarleik í fyrri hálfleik en Rússarnir voru þolinmóðir og nýttu sín færi vel. Þeir voru mjög yfirvegaðir og gerðu það sem þeir þurftu.“

Ísland fékk þó nokkur færi. Eiður komst í góða skotstöðu en hitti boltann illa og þá fékk Gylfi aukaspyrnu á hættulegum stað en náði ekki að lyfta boltanum yfir vegginn. Annars kom skammarlega lítið úr þeim föstu leikatriðum sem Ísland þó fékk í leiknum. Kolbeinn segir að sóknarleikurinn hafi valdið sér vonbrigðum.

„Það var erfitt að skapa eitthvað af viti,“ sagði hann. „Við viljum fá boltann í lappirnar og spila okkar leik en þeir náðu að loka vel á það. Það voru vonbrigði að ná ekki að skapa fleiri færi og spila betur. Þetta var þó æfingaleikur en við verðum að gera betur en þetta ef við ætlum okkur að vinna fleiri leiki í ár.“

eirikur@frettabladid.is

## ÚRSLIT

**VINÁTTULANDSLEIKIR Í FÓTBOLTA**

**ÍSLAND- RÚSSLAND 0-2**
**Mörk:** 0-1 Roman Shirokov (43.), 0-2 Olge Shatov (65.)

**Tölfræðin í leiknum:**

**Skot (á mark):** 3-10 (0-4) Varin skot: Hannes 2, Akinfeev 0. Horn: 5-5.

**Aukaspyrnur fengnar:** 8-15

**Rangstöður:** 1-5

**Lið Íslands:** Hannes Þór Halldórsson - Birkir Már Sævarssonm, Hjálmar Jónsson, Ragnar Sigurðsson, Ari Freyr Skúlason - Eiður Smári Guðjohnsen (79., Helgi Valur Daníelsson), Emil Hallfreðsson, Birkir Bjarnason, Gylfi Þór Sigurðsson - Kolbeinn Sigþórsson (60., Jóhann Berg Guðmundsson), Alfreð Finnbogason (75., Arnór Smárason).

**KÝPUR* - SERBÍA 1-3**
**1-0 Constantinos Makridis (19.), 1-1 Dusan Tadić (33.), 1-2 Tadić (47.), 1-3 Dusan Basta (70.).**

**SLÓVENÍA* - BOSNÍA 0-3**
**0-1 Vedad Ibisevic (33.), 0-2 Miralem Pjanić (41.), 0-3 Muamer Svraka (80.).**

**NOREGUR* - ÚKRAÍNA 0-2**
**0-1 Mykola Morozyuk (17.), 0-2 Andriy Yarmolenko (42.).**

**ALBANÍA* - GEORGÍA 1-2**
**GRIKKLAND - SVISS* 0-0**

**SPÁNN - ÚRÚGVÆ 3-1**
**1-0 Cesc Fabregas (16.), 1-1 Cristián Rodríguez (32.), 2-1 Pedro (51.), 3-1 Pedro (74.).**

**MAKEDÓNÍA - DANMÖRK 3-0**
**1-0 Goran Pandev (8.), 2-0 Agim Ibraimi (17.), 3-0 Nikolce Noveski (24.).**

**ENGLAND - BRASILÍA 2-1**
**1-0 Wayne Rooney (26.), 1-1 Fred (49.), 2-1 Frank Lampard (60.). Fyrsti sigur Englendinga á Brasilíumönnum síðan árið 1990.**

**HOLLAND - ÍTALÍA 1-1**
**1-0 Jeremain Lens (33.), 1-1 Marco Verratti (90.+1).**

**WALES - AUSTURRÍKI 2-1**
**1-0 Gareth Bale (21.), 2-0 Sam Vokes (52.), 2-1 Marc Janko (75.).**

**BELGÍA - SLÓVAKÍA 2-1**
**1-0 Eden Hazard (10.), 1-1 Richard Lásik (87.), 2-1 Nicolas Lombaerts (90.)**

**SVÍÞJÓÐ - ARGENTÍNA 2-3**
**0-1 Sjálfsmark Mikael Lustig (3.), 1-1 Jonas Olsson (17.), 1-2 Sergio Agüero (19.), 1-3 Gonzalo Higuaín (23.), 2-3 Rasmus Elm (90.)**

**FRAKKLAND - ÞÝSKALAND 1-2**
**1-0 Matthieu Valbuena (44.), 1-1 Thomas Müller (51.), 1-2 Sami Khedira (74.).**

**SKOTLAND - EISTLAND 1-0**
**1-0 Charlie Mulgrew (39.). Fyrsti leikur Skota undir stjórn Gordon Strachan.**

***MEÐ ÍSLANDI Í RIÐLI Í UNDANK. HM**



Tilboðin gilda 7. - 10. febrúar

netto

Kræsingar & kostakjör



# VERÐBOMBA!

## SALTKJÖT - VERÐ FRÁ

# 199 KR/KG

BLANDAÐ 1.087 KR/KG | ÓDÝRT 489 KR/KG | SÍÐUBITAR 199 KR/KG

www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 21.40

### Person of Interest



Spennuþáttaröðin Person of Interest er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld. Jim Caviezel leikur Reese, fyrrum útsendara bandarísku leyniþjónustunnar, sem núna einbeitir sér að því að koma í veg fyrir glæpi. Í kvöld bregður hann sér í hlutverk auðmanns til að komast í kynni við grunsamlegan bankastarfsmann.

## Í KVÖLD



### Eastwick

**POPPTÍVÍ KL. 22.05** Íbúar Eastwick sleppa fram af sér beislinu í þætti kvöldsins. Kat lætur gamla fantasíu rætast, Roxie og Mia lenda í undarlegum aðstæðum með Chad og Josh og Joanna birtir mjög umdeilda grein í blaðinu.

TV.COM 8,0 IMDb 6,2



### Criminal Minds: Suspect Behaviour

**RÚV KL. 22.20** Í þætti kvöldsins eltist rannsóknarsveitin við mann sem stundar það að ræna ungum mæðrum. Málið virðist snerta Mick sérstaklega illa og Beth kemst að því af hverju það er. Forest Whitaker fer sem áður með hlutverk yfirmanns sveitarinnar.

TV.COM 6,7 IMDb 6,2



### Vegas

**SKJÁR 1 KL. 22.00** Dennis Quaid leikur hér lögreglustjóra í Las Vegas á sjöunda áratug síðustu aldar, Ralph Lamb. Lamb rannsakar dauða boxara í þætti kvöldsins og Vincent lendir í vanda þegar einn yfirmanna hans frá Chicago kemst í kast við lögin.

TV.COM 7,1 IMDb 7,1

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Sunnudagsspjall um hugmyndir, gamlar og nýjar **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Konur **15.25** Rauði þráðurinn **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Til allra átta **16.45** Lesandi vikunnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Útvarpsperlur: Loftsiglingar og lygasmiðir **23.45** Girni, grúsk og gloríur **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.35 Kiljan** *(e)*
**16.25 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)* Þýsk þáttaröð um ástir og afbrýði eigenda og starfsfólks á Hótel Fürstenhof í Bæjaralandi.
**17.14 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.25 Múmínálfarnir**
**17.35 Lóa**
**17.50 Stundin okkar** *(14:31) (e)*
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Melissa og Joey** *(1:15)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Framandi og freistandi 3** *(7:9)* Í þessari nýju syrpu heldur Yesmine Olsson áfram að kenna okkur framandi og freistandi matreiðslu.
**20.40 Enginn má við mörgum** *(6:7) (Outnumbered)* Bresk gamanþáttur um hjón sem eiga í basli með að ala upp börnin sín þrjú.
**21.15 Neyðarvaktin** *(5:22) (Chicago Fire)* Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago. Meðal leikenda eru Jesse Spencer og Taylor Kinney. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð - Grunsamleg hegðun** *(9:13) (Criminal Minds: Suspect Behaviour)* **Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.**
**23.00 Að leiðarlokum** *(3:5) (Parade's End) (e)*
**00.00 Kastljós** *(e)*
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.00 Amelia**
**13.50 Cyrus**
**15.20 Ghosts of Girlfriends Past**
**17.00 Amelia**
**18.50 Cyrus**
**20.20 Ghosts of Girlfriends Past**
**22.00 A Fish Called Wanda**
**23.45 The Imaginarium of Doctor Parnassus**
**03.20 A Fish Called Wanda**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(2:16)*
**08.30 Ellen** *(91:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(78:175)*
**10.20 Smash** *(3:15)*
**11.05 The Block** *(6:9)*
**11.55 Beint frá býli** *(4:7)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Better With You** *(14:22)*
**13.25 Wedding Daze**
**14.55 Harry's Law** *(2:12)*
**15.40 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(92:170)*
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(15:23)*
**19.45 The Middle** *(5:24)*
**20.10 The Amazing Race** *(7:12)* Skemmtileg þáttaröð þar sem keppendur flakka heimshornanna á milli og leysa úr ýmsum þrautum í von til þess að verða fyrst í mark.
**20.55 NCIS** *(9:24)* Spennuþættir um sérsveit lögreglumanna í Washington sem rannsakar glæpi tengda hernum.
**21.40 Person of Interest** *(16:23)* Fyrrverandi leigumorðingi hjá CIA og dularfullur vísindamaður leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.
**22.30 Breaking Bad** *(10:13)* Fjórða þáttaröðin um Walter White fyrrverandi efnafræðikennara og fjölskyldumann sem ákveður hann að tryggja fjárhag fjölskyldu sinnar með því að nýta efnafræðiþekkingu sína og hefja framleiðslu og sölu á eiturlyfjum eftir að hann greinist með krabbamein. Þar með sogast hann á kaf í hættulegan heim eiturlyfjasölu.
**23.20 Spaugstofan** *(12:22)*
**23.45 Mannshvörf á Íslandi** *(4:8)*
**00.15 The Mentalist** *(10:22)*
**00.55 The Following**
**01.40 Boardwalk Empire** *(11:12)*
**03.55 Wedding Daze**
**05.25 The Big Bang Theory** *(15:23)*
**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Rússland - Ísland** Leikurinn fór fram í Marbella á Spáni.
**14.40 Medvedi - Hamburg** BEINT
**16.20 Equipment** Þáttur um búnað golfara.
**16.45 Rússland - Ísland**
**18.25 Flensburg - Partizan** BEINT
**20.05 Spænsku mörkin**
**20.35 Medvedi - Hamburg**
**21.55 Flensburg - Partizan**
**23.15 England - Brasilía** Útsending frá landsleik á Wembley.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.40 WBA - Tottenham**
**18.20 Arsenal - Stoke**
**20.00 Premier League World 2012/13** Stjörnurnar í ensku úrvalsdeildinni eru heimsóttar.
**20.30 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.25 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**21.55 Newcastle - Chelsea**
**23.35 Wigan - Southampton**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Brunabílarnir**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.05 Dóra könnuður**
**08.30 Svampur Sveinsson**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Strumparnir**
**09.30 Lína langsokkur**
**09.55 Ofurhundurinn Krypto**
**10.15 Lukku láki**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Maularinn**
**17.25 Ofurhetjusérsveitin**
**17.50 iCarly** *(8:25)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(22:22)*
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(17:22)* Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**19.00 Friends** *(3:24)* Fylgstu með ævintýrum vinana frá byrjun.
**19.20 How I Met Your Mother** *(7:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan** *(7:22)*
**20.10 Game Tíví** Þáttur um allt það nýjasta úr tækni-og tölvuleikjaheiminum.
**20.35 I Hate My Teenage Daughter** *(6:13)* Bandarísk gamansería um tvær vinkonur sem komast að því að dætur þeirra eru orðnar alveg eins og stelpurnar sem gerður líf þeirra óbærilegt.
**21.00 FM 95BLÖ** Við fáum að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
**21.20 The Carrie Diaries** Bandarísk þáttaröð um Carrie Bradshaw sem áhorfendur þekkja úr þáttaröðinni Sex and the City.
**22.05 Eastwick** *(5:13)* Skemmtileg og spennandi þáttaröð um þrjár konur í bænum Eastwick sem fá óvænta og dularfulla krafta frá manni sem er ekki allur þar sem hann er séður.
**22.50 Game Tíví**
**23.15 I Hate My Teenage Daughter** *(e)*
**23.40 FM 95BLÖ**
**00.05 The Carrie Diaries**
**00.50 Eastwick** *(5:13)*
**01.35 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.15 Doctors** *(130:175)*
**19.00 Ellen** *(92:170)*
**19.40 Strákarnir**
**20.10 Stelpurnar** *(16:20)*
**20.30 Fóstbræður** *(2:8)*
**21.00 Friends** *(3:24)*
**21.25 Í sjöunda himni með Hemma Gunn**
**22.25 Strákarnir**
**22.55 Stelpurnar** *(16:20)*
**23.15 Fóstbræður** *(2:8)*
**23.45 Friends** *(3:24)*
**00.10 Í sjöunda himni með Hemma Gunn**
**01.10 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray**
**08.45 Dr. Phil**
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.10 7th Heaven** *(5:23)*
**16.50 Rachael Ray**
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 Necessary Roughness** *(9:16)*
**19.05 Everybody Loves Raymond** *(2:24)*
**19.30 The Office** *(14:27)*
**19.50 Will & Grace** *(22:24)*
**20.15 Happy Endings** *(15:22)* Brad og Jane taka sitt árlega rifrildi sem þýðir bara eitt, það er óveður í aðsigi.
**20.40 House** *(21:23)* Þetta er síðasta þáttaröðin um sérvitra snillinginn House. Háskólanemi heyrir rödd látins bróður síns og læknateymið stendur á gati.
**21.30 Hæ Gosi** *(2:8)* Þriðja þáttaröðin um bræðurna Börk og Víði sem ekkert þrá heitar en hamingjuna en tekst einhvernveginn alltaf að koma sér í vandræði. Enn er árið 1997. Fjölskyldan er í hestaferð og svo virðist sem stómapoki móður strákanna sé við það að springa um leið og ástin springur út á hótelinu.
**22.00 Vegas** *(3:21)* Vandaðir þættir með stórleikaranum Dennis Quaid.
**22.50 XIII** *(3:13)* Hörkuspennandi þættir byggðir á samnefndum myndasögum sem fjalla um mann sem þjáist af alvarlegu svefnleysi og á sér dularfulla fortíð í óhugnanlegu fangelsi í Venesúela er fangi sem mögulega starfaði með XIII í CIA.
**23.40 CSI: Miami** *(19:19) (e)*
**00.30 Excused**
**00.55 Parks & Recreation** *(12:22) (e)*
**01.20 Happy Endings** *(15:22) (e)*
**01.45 Vegas** *(3:21) (e)*
**02.35 XIII** *(3:13) (e)*
**03.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.50** Waste Management Phoenix Open **2013** *(4:4)* **12.50** Golfing World **13.40** Waste Management Phoenix Open **2013** *(4:4)* **18.40** PGA Tour - Highlights *(4:45)* **19.35** Inside the PGA Tour *(6:47)* **20.00** AT&T Pebble Beach **2013** *(1:4)* **23.00** Golfing World **23.50** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Siggi Stormur og helgarveðrið

## ÚTVARP

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




# Krít

## Miklu meira en sólarströnd!

**upplifðu**

- Sögu og menningu
- Grískar matkrár, taverna
- Gamla bæinn og feneysku höfnina
- Elafonisi
- Fallegar strendur
- Grísku eyjuna Santorini
- Knossos
- Samarisgljúfrið
- Líflegt næturlíf
- Vatnagarða
- Viðurkennda köfunarskóla
- Eitthvað fyrir alla



**Fjölskylduvænn áfangastaður**

**Oscar Village & Suites**

30. maí - 13. júní

**Verð frá**

**141.200kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð m/1 svefnh.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Verð á mann m.v. 2 í íbúð m. 1 svefnh. 146.400 kr.

**Allt innifalið**
**Tvær vikur**

**Sunrise Hotel**

30. maí - 13. júní

**Verð frá**

**179.000kr.**

Íbúð á 2 hæðum (maisonette) fyrir 2 fullorðna og 2 börn, allt innifalið.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli 194.200 kr.





## ferðaskrifstofa á netinu

**ferð.is** er íslensk ferðaskrifstofa sem einungis er starfrækt í gegnum netið. Íslendingum gefst með **ferð.is** kostur á að kaupa ódýrar ferðir á netinu án þess að slaka á kröfum um öryggi, þjónustu og góðan aðbúnað.

Fljúgðu fyrir minna

**ferð.is**
**sími 570 4455**

ferð.is

ÍSLENSKA SIA.IS FER 69203 01/13

## DRYKKURINN



**„Uppáhaldsdrykkurinn minn er viskí vegna þess að það vermir mann eins og arineldur á góðu kvöldi.“**

Árni Kristjánsson, leikstjóri og leikritahöfundur.

## Blóð í Paradís

Bókmenntaborgin Reykjavík og bókaforlagið Rúnatýr bjóða upp á hrollvekjandi dagskrá í Bíó Paradís í kvöld í tilefni Vetrarhátíðar í Reykjavík. Dagskráin hefst klukkan 20.30 og lýkur með sýningu á kvikmyndinni Nosferatu eftir F.W. Murnau.

Kvöldið nefnist Með blóði vætt-an góm og meðal þeirra sem fram koma eru Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, Þorsteinn Mar, Jóhann Þórsson og Einar Leif Nielsen, sem les upp úr nýútkominni vísindaskáldsögu sinni. Að bókmenntadagskránni lokinni hefst kvikmyndasýningin og kostar ekkert inn á hana.

# Lærði fingraplokk og er laus við væntingar

**Birgir Örn Steinarsson heldur sína fyrstu sólótónleika á Íslandi í rúm sex ár í kvöld. Hann vonast til að koma fólki á óvart enda laus við allar væntingar.**

„Ég er búinn að henda gítarnöglinni,“ segir tónlistarmaðurinn Birgir Örn Steinarsson, oftast kenndur við Maus.

Hann spilar á sínum fyrstu sólótónleikum í rúm sex ár á Gamla Gauknum í kvöld ásamt nýrri hljómsveit. Einnig koma Árstíðir fram. Tónlistin er þjóðlagaskotin en með skírskotanir í popp, tangó, vals og polka.

Birgir hefur lítið haft sig í frammi síðan hann starfrækti hljómsveitina Krónu fyrir nokkrum árum. Hann stekkur núna út í djúpu laugina eftir að hafa eytt tveimur árum í að læra betur á gítarinn sinn. Núna kann hann listina að fingraplokka. „Ég ákvað að vera ekki að trana mér fram fyrr en mér fyndist ég hafa upp á eitthvað að bjóða og ég gæti staðið einn og óstuddur. Ég tók líka ákvörðun um að spila ekki nema ég væri beðinn um það og það hafði ekki gerst lengi fyrr en núna fyrir áramót,“ segir Birgir, sem tók þátt í tónleikaröðinni Vinnslunni. „Ég „koksaði“ alveg í byrjun og stamaði og hikstaði. Síðan komst ég á flug og komst að því að mér fyndist þetta enn þá skemmtilegt,“ segir hann en ný sólóplata er væntanleg í sumar.

Birgir gaf út sína fyrstu sólóplötu, Id, árið 2006 á meðan hann var búsettur í London. Upptökustjóri var Tim Simenon sem hafði unnið með Depeche Mode og Sinéad O´Connor. Allt kom fyrir ekki því platan fékk miðlungsgóða dóma og spilaði þar kannski inn í að hún var undir áhrifum raftónlistar og allt öðruvísi en það sem hann hafði gert með Maus.

Hann semur núna lög ef þau koma til hans á eðlislægan hátt án þess að vera þvinguð fram. „Ég er búinn að vera í þeirri frábæru aðstöðu að það er enginn að bíða eftir neinu, sem þýðir að það eru engar væntingar. Það gefur mér færi á að koma fólki á óvart,“ segir popparinn og heldur áfram: „Áður fyrr bjó maður kannski til lag eða plötu og um leið og maður kláraði lagið var maður byrjaður að taka við Íslensku tónlistarverðlaununum í hausnum. Ef ég horfi til baka get ég ekki heiðarlega sagt að ég hafi verið að gera tónlistina bara ánægjunnar vegna. Ef þú ert ekki að semja tónlistina frá hjartanu þá heyrir fólk það. Það er kannski stærsti galli síðustu plötu.“

Birgir einbeitir sér núna að sálfræðinámi sínu við Háskóla Íslands og fjölskyldunni sinni. Einnig er hann að vinna með geðfötluðu fólki í Reykjavík í tengslum við nám sitt og þykir það mjög gaman. Að auki skrifaði hann handrit myndarinnar Vonarstræti ásamt leikstjóranum Baldvini Z og hefjast tökur 20. febrúar. Aðspurður segist hann vera búinn að þroskast mikið, sérstaklega eftir að hann varð fjölskyldumaður og varð að „kippa höfðinu út úr rassgatinu á sjálfum sér“. Nýju lögin hans eru öll á íslensku og koma aðeins út á Íslandi. „Ég er ekkert á leiðinni neitt. Mig langar bara að vera hér og njóta þess að semja íslenska texta aftur.“

freyr@frettabladid.is



**BIRGIR ÖRN STEINARSSON** Biggi spilar á Gamla Gauknum í kvöld ásamt nýrri hljómsveit. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Búinn að sættast við Bubba Morthens

Birgir hefur stundum verið gagnrýndur fyrir söngrödd sína og eitt sinn sagði Bubbi Morthens hann lélegan söngvara eftir að Birgir hafði skrifað umdeildan pistil um rokkkónginn er hann ritstýrði tímaritinu Monitor. Ummælin fóru á forsíðu DV. „Ég held að ég sé eini íslenski söngvarinn sem hefur endað á forsíðu blaðanna út af söngrödd sinni. Við erum með marga aðra söngvara á Íslandi sem eru með skrítnar raddir, eins og Megas og Björn Jörund, en ég hef einhvern veginn lent í þessu og ég er ekki viss um að það sé endilega sanngjarnt. Söngröddin mín böggar mig ekki neitt,“ segir Birgir, sem er búinn að sættast við Bubba. Það var Birgir sjálfur sem sendi pistilinn sinn á bloggsíðu Bubba í von um að hann tjáði sig um hann og svo sendi hann ummæli Bubba á DV. Þannig vildi hann kynna Monitor betur en segja má að þetta „plott“ hafi sprungið í andlitinu á honum.

# Virðingarvottur við æskuslóðirnar

**Smári Tarfur Jósepsson er með ellefu húðflúr. Nýtt flúr bættist við á mánudag.**

„Mig langaði að setja rætur mínar á mig, ef svo má segja, og fannst frábært að geta sameinað Svíþjóð og Patreksfjörð í einni mynd. Ég bjó fyrstu ár ævi minnar í Svíþjóð og ber enn sterkar taugar til landsins. Hver hefur ekki gaman af munntóbaki, íshokkíi og lélegum bröndurum?“ segir tónlistarmaðurinn Smári Tarfur Jósepsson, sem leikur með hljómsveitinni Ylju um þessar mundir, um nýtt húðflúr sem hann fékk sér á mánudag.

Húðflúrið er virðingarvottur Smára við æskuslóðirnar og er hannað af listakonunni Kristjönu Elísabetu Sigurðardóttur í samstarfi við húðflúrarann Gunnar Sigurð Valdimarsson, sem er jafnframt góðkunningi Smára.

„Við Gunni erum vinir til margra ára og að koma til hans í flúr er sérstök stemning fyrir mig. Við dettum í gott spjall og förum út um víðan völl. Áður en ég veit af er ég staðinn upp með nýtt húðflúr og skil ekki neitt í neinu.“

Húðflúrið er fiðrildi í sænskum litum og lýsir Smári því á eftirfarandi hátt: „Þetta er Vestfjarðakjálkinn, réttsælis og svo speglaður, inni í fiðrildi. Þannig að kjálkinn myndar í raun vængina. Minningar mínar frá Svíþjóð eru mjög tengdar fiðrildum.“

Húðflúrið er staðsett á vinstri framhandlegg Smára og er það ellefta sem hann fær sér. Smári kveðst vera með ákveðið þema á hvorum handlegg fyrir sig; á þeim hægri er tónlistarmaðurinn Smári og á þeim vinstri er persónuleikinn. „Á vinstri handlegg er ég með sjálfsmynd af mér, mynd af litlum Smára og sitthvað fleira. Á vinstri handlegg er ég sem sagt mjög sjálfmiðaður,“ segir hann að lokum og hlær.

- sm



**ÆSKUSLÓÐIRNAR Á HANDLEGGINN** Smári Tarfur Jósepsson er kominn með einn eitt húðflúrið. Í þetta sinn kaus hann að flúra á sig virðingarvott við æskuslóðirnar. MYND/KRISTJANA ELÍSABET SIGURÐARDÓTTIR





NAOMI WATTS
TILNEFND TIL GOLDEN GLOBE VERÐLAUNA
BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI

★★★★
„Ein af betri myndum ársins 2012.“
Mbl.

100/100
„Einstaklega raunveruleg stórslysamynd, sem lætur engan ósnortinn“
The Hollywood Reporter

100/100
„Fer beint í efsta sæti yfir þær myndir sem fólk verður að sjá á árinu.“
New York Observer

100/100
„Ógnvænlega vel gerð.“
Variety

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL Komin í bíó SAMBÍÓIN







SKANNAÐU QR KÓÐAN
OG SKOÐAÐU BÆKLINGIN

# NÝR SÉRFERÐA-BÆKLINGUR ER KOMINN ÚT!




## KYNNINGARKVÖLD – Í kvöld kl. 17:30!

**Fimmtudaginn 7. febrúar kl. 17:30** munum við bjóða uppá kynningarfund á þeim sérferðum sem Úrval Útsýn hefur upp á að bjóða árið 2013. Fundurinn mun verða haldinn í **Lágmúla 4, 108 Reykjavík.**

Fararstjórar kynna ferðirnar - Glæsilegar sérferðir - Allir velkomnir!



















ÚRVAL ÚTSÝN | LÁGMÚLI 4 108 RVK | S. 585 4000 | MEIRA Á **URVALUTSYN.IS**

ÚRVAL·ÚTSÝN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ný lög á Sónar-hátíð



**Daníel Ágúst** og félagar í GusGus ætla að frumflytja ný lög á tónleikum sínum á Sónar-hátíðinni sem verður haldin í Hörpu um miðjan febrúar. Þessum tíðindum hljóta aðdáendur hljómsveitarinnar að fagna en tvö ár eru liðin síðan áttunda plata þeirra, Arabian Horse, leit dagsins ljós við mjög góðar undirtektir. GusGus hefur verið í hljóðveri að taka upp nýtt efni að undanförnu en óvíst er hvenær það kemur út. Búið er að bæta við miðum á Sónar-hátíðina eftir að þeir seldust upp hér á landi og fara þeir í sölu í dag á Midi.is og Harpa.is.

### Tapaði keppni um sjálfan sig



Allsérstök spurningakeppni fór fram á skemmtistaðnum Dollý á þriðjudagskvöld. Keppnin var þemaskipt að vanda, og að þessu sinni var eitt þemað **Björn Jón Bragason**, fyrrverandi formaður Frjálshyggjufélagsins og talsmaður verslunareigenda við Laugaveg. Sá hluti keppninnar gekk mikið til út á að hæðast að Birni Jóni og eitt liðið hafði meira að segja mætt með Björns Jóns Bragasonargrímur á keppnina. Viðstöddum til mikillar skemmtunar lét Björn Jón sjálfur sjá sig á keppninni og tók þátt. Hann vann reyndar ekki heldur lenti í öðru sæti, en afhenti grímuklædda liðinu viðurkenningu fyrir bestu búninga að leik loknum.

- fb, sh

## Mest lesið vísir

1 Egill vill þrjár milljónir í bætur
2 Ungmenni sögð flýja ágengni fíkniefnasala
3 Misbýður yfirlýsing stjórnar Stúdentaráðs í nótt
4 Flugfreyja gaf farþegum fingurinn – „Þetta er ekki höndin mín”
5 „Maður spyr sig hvort þeir hafi eitthvað að fela“
6 Hæstiréttur gerði alvarleg mistök – Hvernig getur þetta verið skýrara?




Fiskislóð 39

Opið alla virka daga
kl. 10–18
og laugardaga kl. 11–15

FORLAGIÐ

BÓKABÚÐ FORLAGSINS



